

GUDNÝ ARADÓTTIR

### Gengur á Kilimanjaro og hleypur maraþon

• Ferðir • Bílar • Nám  
**allt** í MIÐJU BLAÐSINS



BIRGITTA OG ÖRVAR

### Gengu í það heilaga í Súðavíkirkirkju

Yndislegur dagur í alla staði  
**FÓLK 42**



**SÉRBLAÐ FYLGIR**  
**Europpris**  
**FRÁBÆR TILBOÐ!**

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

15. ágúst 2007 – 219. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## MIÐVIKUDAGUR

### Skammt stórra högga á milli

Brad Pitt og Angelina Jolie eru á leið til Afríku að ættleiða sitt fimmta barn.

**FÓLK 30**



### Miðbær í voða

„Reykvíkingar þurfa ekki heimsstyrjöld til að sundra miðbænum sínum,“ skrifar Óskar Jónasson. „Hér ríkir þögnalt kalt stríð.“

**Í DAG 20**

### Mikið fjör á HM

Fjölirnir Þorgeirsson og Unnur Birna Vilhjálmadóttir voru í Helsinki og fylgdust með heimsmeistararnóti íslenska hestsins.


**FÓLK 42**

### Fjör í höfuðstöðvum KSÍ

Það var nóg að gerast í höfuðstöðvum KSÍ í gær, Eyjólfur Sverrisson tilkynnti landsliðshóp sinn á móti Kanada og dregið var í undanúrslit VISA-bikars karla.



## VEÐRIÐ Í DAG



### NÚ ER HANN ENN Á NORÐAN

- Í dag verða norðan 13-18 m/s austan til á landinu annars 5-10 m/s. Skýjað norðan og austan til og sums staðar lítils háttar væta annars yfirleitt bjart veður. Hiti 5-15 stig, mildast til landsins syðra.

**VEDUR 4**

# Segja uppsagnirnar ekki koma á óvart

Öllum starfsmönnum Ratsjárstofnunar var í gær sagt upp störfum. Uppsagnirnar eru liður í endurskipulagningu íslenska loftvarnakerfisins. Uppsagnirnar voru fyrirsjáanlegar og starfsmenn höfðu búið sig undir þær segir trúnaðarmaður.

**VINNUMARKAÐUR** „Það var fyrirsjáanlegt að nýr aðili vildi hreinsa borðið og byrja upp á nýtt, það kom eiginlega ekkert annað til greina,“ segir Svanur Þorsteinsson, trúnaðarmaður tæknimanna hjá Ratsjárstofnun.

Öllum 47 starfsmönnum stofnunarinnar var í gær sagt upp störfum, þar með talið forstjórann Ólafi Erni Haraldssyni.

Íslensk stjórnvöld taka í dag við rekstri Ratsjárstofnunar af Bandaríkjamönnum, og eru uppsagnirnar liður í því að endurskipuleggja

stofnunina til að draga úr kostnaði, segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra. Bandaríkjamenn greiddu um 1.200 milljónir króna á ári fyrir reksturinn en íslensk stjórnvöld reikna með um 800 milljónum, og vonast til þess að sú tala verði lægri.

Til þess að ná kostnaðinum niður þarf að losa samninga stofnunarinnar, þar með talið ráðningarsamninga starfsmanna. Starfsmennirnir hafa sex mánaða uppsagnarfrest, og segir Ingibjörg Sólrún að líklega verði stór hluti þeirra ráðinn aftur,

þó sennilega ekki allir, enda markmiðið að ná hagræðingu í rekstri stofnunarinnar.

Starfsmönnum var tilkynnt um uppsagnirnar á starfsmannafundi klukkan 15 í gær, en þær komu ekki sérstaklega á óvart, segir Svanur. „Allir höfðu í rauninni búið sig undir þetta, en vissulega er það ekki þægilegasta staðan að vita ekki hversu margir fá vinnu aftur eða hvernig stofnunin verður rekin. En miðað við aðstæðurnar er andinn nokkuð góður hjá okkur.“

- bj / sfs / sjá síðu 18



**MAGNÚS SCHEVING** Hefur leikið Íþróttálfinn í fjórtán ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Útrás Latabæjar: Íþróttálfurinn fjölfaldaður

**FÓLK** Fimmtán nýir Íþróttálfar frá jafnmörgum löndum verða til á næstunni. Fjölgunin er liður í nýrri útrás Latabæjar sem felur í sér leiksýningar byggðar á þáttunum.

Magnús Scheving mun draga sig í hlé sem Íþróttálfur en hann hefur sinnt því starfi í fjórtán ár, nánast einn og óstuddur. Magnús segir segir breytingarnar gera honum kleyft að sinna rekstri Latabæjar betur.

-fgg / sjá síðu 42



**GENGIÐ TIL FRÍÐAR** Þessi ungi hernaðarandstæðingur lagði sínar smáu hendur á plóginn í göngu gegn heræfingum í gær. Vel víðraði til mótmæla í borginni og var margt um manninn. Samkoman fór vel og fríðsamlega fram. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hernaðarandstæðingar:

## Dýrasta litboltamótið

**MÓTMÆLI** „Mér blöskrar þeir fjármunir sem reiddir eru fram án umræðu,“ sagði Garðar Stefánsson, í ræðu sem hann flutti fyrir utan norska sendiráðið í gær. „45 milljónir! Það er dýrasta litboltamót Íslandssögunnar.“

Hernaðarandstæðingar mæltu í gær með því við sendiráðsstarfsmenn að þeir lékju sér frekar með leikföng, en byssur. Þannig mótmæltu þeir heræfingum, sem nú standa yfir á landinu.

Um 150 manns mótmæltu þegar mest lét. Gengið var frá sendiráði Noregs og að sendiráðum Bandaríkja og Danmerkur. Loks var staðar numið við Stjórnarráðið og húsráðendum tjáð andstaða við æfingarnar.

Heræfingar 335 hermanna nokkurra ríkja hófust á Íslandi í gær. Þeim er ætlað að venja þáttakendur við aðgerðir á landinu.

- sjá síðu 4 / - sgi

Greiðir nú fyrsta sunnudagsfríið í níu ár með miklu annríki:

# Reykás ræður ekki við veiðina

**FISKVINNSLA** „Nei, við ráðum bara ekki við meira eins og er. Það hefur veiðst svo vel, sérstaklega úr Rangánum,“ segir Sigurbjörn Guðmundsson í Fiskiðjunni Reykási, þar sem fiskur er grafinn, reyktur og flakaður.

Sigurbjörn segir veiðina í ár hafa farið seint af stað og „þetta kemur í stærri gusum en venjulega“. Svo rólegt hafi verið fyrri part sumars að hann hafi fengið

frí fyrsta sunnudaginn í júlí. „Og það er í fyrsta skipti í níu ár sem ég fæ frí á sunnudegi,“ segir Sigurbjörn, „svo fær maður þetta í bakið núna í staðinn.“

Að auki segir Sigurbjörn torvelt að fá starfsfólk síðsumars þegar námsmenn eru byrjaðir að dusta rykið af bókunum. „Svo gæti aðilum í reykingsþjónustu hafa fækkað líka, svo þetta helst allt í hendur,“ segir hann.

Veiðin er góð þessa dagana og Sigurbirni kemur á óvart hvar veiðist og hvar ekki. „Það er fínt í Brennunni og í Þverá og víðar, en kannski ekki akkurat á þeim stöðum sem átti að veiðast á.“

Viðskiptavinir Sigurbjarnar gera æ fjölbreytilegri kröfur, segir hann. „Það sem hefur breyst á undanförunum árum er til dæmis að fólk er að koma með fisk sem það ætlar að nota í sushi.“ - kóp

**Ómissandi með grillmatnum!**

**Nýtt bragð!**

MIJÓLKVORUR ÍSFRYKLOK

DAGANA 8.-26. ÁGÚST

**SPARI DAGAR**

**ORMSSON**

..og þú gerir frábær kaup!

TÖLF VERLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

20 ÁRA AFMÆLI! VEISLA ALLA VIKUNA

**Kringlan**





ISUNSKA SLUS IRI 3507 0807



GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	65,47 65,79
Sterlingspund	131,05 131,69
Evra	88,91 89,41
Dönsk króna	11,945 12,015
Norsk króna	11,162 11,228
Sænsk króna	9,533 9,589
Japanskt jen	0,5531 0,5563

SDR	99,8	100,4
-----	------	-------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
120,8047  
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Formaður fjárlaganefndar gagnrýnir lagaframkvæmd við greiðslu nýju Grímseyjarferjunnar:

# 400 milljónir án lagaheimilda

**STJÓRN MÁL** „Þarna er greinilega ýmislegt aðfinnsluvert og við eigum ekki að sætta okkur við að svona gerist,“ segir Gunnar Svavarsson, formaður fjárlaganefndar Alþingis, um þann hátt sem hafður hefur verið á fjármögnun kaupa og endurbóta á nýrri Grímseyjarferju.



GUNNAR SVAVARSSON

Í greinargerð Ríkisendurskoðunar kemur fram að tæplega 400 milljónir króna hafa verið greiddar úr ríkissjóði til verksins án þess að fyrir liggi heimildir til þess í lögum.

Í fjárlögum 2006 er heimild til að selja núverandi ferju og ráðstafa andvirðinu til kaupa eða

leigu á annarri hentugri. Það er hins vegar á grundvelli samkomulags Vegagerðarinnar og ráðuneyta fjármála og samgangna sem kaup og endurbætur hafa verið fjármögnuð með ónýtum heimildum Vegagerðarinnar. Í greinargerð Ríkisendurskoð-

unar segir að þetta standist á engan hátt ákvæði fjárreiðulaga og geti ekki talist til góðrar stjórnsýslu. Undir þau orð tekur Gunnar Svavarsson. Spurður hvort halda eigi endurbyggingu Grímseyjarferjunnar áfram segist Gunnar vilja kynna sér málið nánar. „En mér sýnist verkið vera langt komið og ef stutt er til lands verður að ljúka því.“

Grímseyjarferjumálið verður rætt á fundi fjárlaganefndar í dag en þar er fyrsta og helsta mál á dagskrá framkvæmd fjárlaga síðasta árs. Ennfremur verður fjallað um málefni Ratsjárstofnunar. - bps

## Hjúkrunarkona í Finnlandi: Talin hafa eittrað fyrir fólki

**FINNLAND** Ungur hjúkrunarfræðingur var handtekinn í Turku í Finnlandi vegna gruns um að hafa myrt tvo sjúklinga á heimili fyrir geðfatlaða í nágrenni Tampere, að sögn finnska dagblaðsins Helsingin Sanomat.

Hjúkrunarfræðingurinn, sem býr í bænum Nokia, er grunaður um að hafa eittrað fyrir 54 ára gömlum manni og 79 ára gamalli konu. Maðurinn lést 26. júlí og konan 5. ágúst.

Hjúkrunarfræðingurinn hafði aðeins verið í starfi í fjórar vikur þegar grunurinn vaknaði. - ghs



**BRÚ HRUNDI Í KÍNA** Ættingjar verkamanna sem unnu að brúarsmiðinni í Fenghuang í Kína fylgjast með björgunarsveitarmönnum að störfum á slýstaðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## 320 metra brú hrundi í Kína: Að minnsta kosti 22 létust

**PEKING, AP** Að minnsta kosti 22 létust og 44 er saknað eftir að 320 metra brú, sem verið var að byggja í Fenghuang í Hunan-héraði í Kína, hrundi á mánudag.

Brúin hrundi þegar meira en hundrað verkamenn voru að færa vinnupalla sem notaðir voru við brúarsmiðina. Flestir þeirra sem unnu við að smíða brúna voru bændur úr héraðinu.

Orsök slýssins er ókunn en yfirvöld í Hunan-héraði rannsaka málið.

Brúin, sem var 42 metra há og byggð yfir Tou-ána, átti að opna í lok mánaðarinnar. - ifv

### ÁRÉTTING

Það skal áréttað að Latabæjarsýning fyrir framan aðalbyggingu Háskóla Íslands verður eftir Glitnishlaupið á laugardaginn. Í frétt Fréttablaðsins í gær mátti skilja sem svo að sýningin yrði fyrir hlaupið. Elsti aldurs hópurinn í Latabæjarhlaupinu hleypur af stað klukkan 14 og sá yngsti klukkan 15.30. Latabæjarsýningin hefst svo klukkan 16.

# Ólíkt raunverulegum varnarviðbrögðum

Heræfinginn Norðurvíkingur hófst í gær og heldur áfram í dag. Tilgangur æfingarinnar er að venja þátttakendur við aðgerðir á Íslandi. Æfinginn er ólík raunverulegum viðbrögðum við óvæntri árás, að sögn upplýsingafulltrúa.

**VARNARMÁL** Heræfinginn Norðurvíkingur hófst í gær og heldur áfram í dag. 335 hermenn taka þátt í flug- eða sérsveitaræfingum og eru þeir frá Danmörku, Bandaríkjunum, Noregi og Lettlandi, auk sérsveitarmanna frá Íslandi.

„Þetta er fyrst og fremst gert til að venja menn við verklag, hvort sem það eru okkar menn á vellinum, þeir sem skipuleggja þetta í utanríkisráðuneytinu, hjá Ratsjárstofnun eða þeim ríkjum sem taka þátt í þessu,“ segir Friðþór Eydal, upplýsingafulltrúi Norðurvíkingis.

Friðþór segir ekki hægt að líkja saman æfingunni og raunverulegum viðbrögðum við óvæntri árás eða skyndilegri komu óþekktar loftfars. Í æfingunni er gert ráð fyrir að tólf klukkutímar hafi fengist til að auka viðbúnað á Íslandi. Þá geti flugvélar flogið til móts við óþekktar flugvélar. Að sögn Gregs Sarakatsannis, aðstoðaryfirmanns æfingarinnar, er æfinginn af smærri gerðinni.

„Við erum ekki að æfa viðbrögð við árás, við erum að æfa viðbrögð við óþekktum flugvélum í íslenskri lofthelgi,“ segir Arnór Sigurjónsson hjá utanríkisráðuneytinu. „Ef aðstæður í heiminum sýndu að hörmungar og stríð væru yfirvofandi væri viðbragðstíminn mun minni.“

F15-þotur Bandaríkjahers hófu sig til flugs og æfðu sig í að finna og fljúga á móti óþekktu loftfari með aðstoð AWACS-ratsjárflugvélar Atlantshafsbandalagsins. Að því loknu tóku þær eldsneyti hjá KC-13J eldsneytisvélum Bandaríkjahers og mættu F16 þotum Noregshers. Tókust þær á í loftbardaga. Engum



**REIÐUBÚNIR TIL FLUGTAKS** Bandaríkjamenn gera F15-vél sína klára, en norska Orion-vélin er þegar á lofti. Í bakgrunni sést norsk F16-vél.

**FLAUG Á ÆFINGUNNI** Kapteinn Daniel Johnson segir að fallett hafi verið að fljúga yfir Íslandi og skyggni hafi verið gott. Æfinginn hafi gengið að óskum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



skotum var hleypst af.

Flugtak tafðist nokkuð vegna olfuleka í einni af F15-þotum Bandaríkjamanna. Henni var skipt út. Að sögn upplýsingafulltrúa flughersins kemur fyrir að þotum sé skipt út. Aðeins þurfi lítill smáatriði að vera í ólagi og nauðsynlegra sé að gæta öryggis en að flýta sér.

Á morgun skipta norsku og bandarísku þoturnar um hlutverk og fá þá aðrir flugmenn að spreyta sig. Æfingarnar fara fram um 60 til 190 kílómetra svæstur af Reykjanesi, yfir hafi.

Víkingasveit Íslands hélt æfingu í aðgerðum gegn hryðjuverkamönnum. 55 sérsveitarmenn tóku þátt, danskir, norskir og lettneskir auk íslenskra.

Jón Bjartmarz, yfirlöggregluþjónn hjá Víkingasveitinni, segir að æfinginn muni nýtast íslensku sveitinni vel. „Æfinginn er lík raunverulegum aðstæðum, en íslenska sveitin myndi ein duga í flestum tilfellum hryðjuverka. Við mjög alvarlegar aðstæður þyrftum við að kalla á hjálpar útan.“

steindor@frettabladid.is

Icelandair Group:

## Tapar einum milljarði króna

**VIÐSKIPTI** Icelandair Group tapaði einum milljarði króna á fyrri hluta ársins. Afkoman er mun lakari en í fyrra þegar fyrirtækið hagnaðist um 658 milljónir. Hagnaður félagsins á öðrum ársfjórðungi nam 205 milljónum króna samanborið við 1,2 milljarða króna á sama tímabili í fyrra.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 1,2 milljarðar króna sem er eitt hundrað milljónum króna lægri upphæð en á fyrstu sex mánuðum 2006. Rekstrartekjur samstæðunnar voru 28,1 milljarðar á fyrri árhelmingi sem var sautján prósentu aukning á milli ára.

Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair, segir að allt stefni í góða afkomu á árinu og býst við að hún verði betri en í fyrra. - eþa

## Áætlun um móttöku innflytjenda: Útlendingar fá betri móttökur

**STJÓRN MÁL** Innflytjendaráði hefur verið gert að hefja vinnu við gerð áætlunar í málefnum innflytjenda. Markmið áætlunarinnar er að

betur verði tekið á móti erlendu fólki sem flyst til landsins, auðvelda því að verða virkir þátttakendur í samfélaginu og rækta menningu sína. Hrannar Björn Arnarsson, aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, er formaður innflytjendaráðs en aðrir ráðsmenn eru Hildur Jónsdóttir, Vilborg Ingólfssdóttir, Þorsteinn Davíðsson, Kristín Jónsdóttir og Tatjana Latinovic.

Innflytjendaráð og málefni innflytjenda heyrja undir félagsmálaráðherra. - bps

steindor@frettabladid.is

**FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ NORÐURSINS**

**Kántrý DAGAR**

Grillveisla  
Uppistand  
Golf og berjamór  
Dorgveidiþkeppni  
Hoppkastalar  
Línudans  
Gospelmesse

**SKAGASTRÖND 17.-19. ÁGÚST 2007**

Bjarni töframaður grínar og kynnrir Hara systur syngja  
Gís Jóhannsson syngur kántrýtónlist Gospel kórinn syngur

Guðmundur Jónsson flytur eigin tónlist

**ÓKEYPIS ER Á SVÆÐIÐ**

olís

**SJÁ DAGSKRÁ: www.skagastrond.is**

**VEÐURSPÁ**

um hádegi »

» á morgun

10-15 m/s austan til annars mun hægari.

» föstudagur

Hæg, breytileg átt.

um hádegi »	London	22°C rigning	Friedrichshafen	30°C léttskýjað	
Kaupmannahöfn	22°C skúrir	Paris	23°C skúrir	Basel	31°C léttskýjað
Billund	21°C skúrir	Amsterdam	23°C rigning	Alicante	32°C hálfskýjað
Oslo	17°C rigning	Frankfurt	29°C léttskýjað	Algarve	26°C hálfskýjað
Stokkhólmur	23°C skúrir	Berlín	28°C hálfskýjað	Las Palmas	26°C léttskýjað
Gautaborg	21°C rigning				

\*Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Hlaupahópar Glitnis gera undirbúninginn skemmtilegan

Besta leiðin til að undirbúa sig fyrir Reykjavíkumaraþon Glitnis er að skrá sig í hlaupahóp á [www.glitnir.is](http://www.glitnir.is). Hlaupahópar þessarið ræktir í allan vetur og verða að maraþoninu. Hlaupahópurinn er hleypur frá Laugardalshöllinni Kirkjusand, þriðjudaga og fimmtudaga kl. 17.30 og kl. 18.00. Hlaupahópurinn er kostnaðarlausur og er kominn. Í upplýsingum er legga af stað og verður hestigt útdráttur og hlaupahópararmarkaði skiptir. Nú er áætlað að hlaupahópararmarkaði á Laugardalshöllinni verði hlaupahópararmarkaði á Laugardalshöllinni.

Nú geta við hlaupið fyrir vali í Reykjavík. Glitnir gerir hvern kílómetra bankans hlaup Eins og í 3.000 kr. fyrir sem starfsmann hlaupið fer maraþon er skrá sig í hjálfara og hjálfum þess þennan alþingi er rétti tími Reykjavíkumaraþons Glitnis þann 18. ágúst með því að skrá þig á [www.glitnir.is/](http://www.glitnir.is/) maraþon. Allir sigra í Reykjavíkumaraþoni Glitnis!

Við hjá þessum hlaupahópum er skrá sig í Reykjavíkumaraþon Glitnis. Hlaupahópararmarkaði á Laugardalshöllinni verði hlaupahópararmarkaði á Laugardalshöllinni. Besta leiðin til að undirbúa sig fyrir Reykjavíkumaraþon Glitnis er að skrá sig í hlaupahóp á [www.glitnir.is](http://www.glitnir.is). Hlaupahópar þessarið ræktir í allan vetur og verða að maraþoninu. Hlaupahópurinn er hleypur frá Laugardalshöllinni Kirkjusand, þriðjudaga og fimmtudaga kl. 17.30 og kl. 18.00. Hlaupahópurinn er kostnaðarlausur og er kominn. Í upplýsingum er legga af stað og verður hestigt útdráttur og hlaupahópararmarkaði skiptir. Nú er áætlað að hlaupahópararmarkaði á Laugardalshöllinni verði hlaupahópararmarkaði á Laugardalshöllinni.

## NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR AÐ SKRÁ SIG!

Netskráningu í Reykjavíkumaraþon Glitnis lýkur kl. 20.00 annað kvöld. Það á við um allar vegalengdir 1, 3, 10, 21 og 42 km. Bolir og skráningargögn verða afhent í Laugardalshöllinni föstudaginn 17. ágúst milli kl. 12.00 og 21.00. Skráðu þig á [www.glitnir.is](http://www.glitnir.is) og hlautu til góðs.

ALLIR SIGRA 18. ÁGÚST!

- 1 km
- 3 km
- 10 km
- 21 km
- 42 km

REYKJAVÍKUR MARAÞON GLITNIS 18. ÁGÚST 2007



## heilsuna

Nýleg rannsókn frá Bandaríkjunum bendir til þess að einungis 15% fólks þar í landi hreyfi sig reglulega, um 60% öðru hvoru og um fjórðungur hreyfir sig aldrei neitt. Þar hefur hvern verið áætlað um 250 þúsund dauðsföll árlega megi rekja til lítillar hreyfingar fólks. Ekki væri fjarni lagi að áætla ef aðstæður væru svipaðar hér að tvö- til þrjúhundruð dauðsföll árlega hér á landi mætti rekja til hins sama.

samabarið við þá sem eyða 500 kaloríum eða minna í viku hverri. Vísindamennirnir könnuðu líka hversu mikil áhrif klukkustundarlöng hreyfing á dag hefði á andlega og líkamlega heilsu fólks. Þeir sem vilja lifa góðu lífi skyldu á sama tíma reyna að borða holla og fjölbreytta fæðu og leggja slæmar neyslvenjur á hilluna.

Einnig hefur komið fram að gildi hreyfingar er verulegt þótt fólk sé komið á efri ári og byrji seint. Til dæmis var 9. 00 konum, sem allar voru eldri en 65 ára, fylgt eftir í tæplega átta ár. Þær sem hreyfðu sig í meðal lagi eða mikið reindustu um 40% minni áttu á jafnbrott og 36% minni áhættu að fá samþot á hrygg.

Fítubrennsla þátttakenda í könnuninni jókst til muna á tímabilinu en þó að þyngd þeirra hafi ekki minnkað mikið þá stækkuðu vöðvar og blóðflæðið jókst til muna. Mittismál þátttakenda varð minna þar sem varasamri fitu sem safnast í kringum mittið var umbreytt í vöðva. Liðleiki þátttakenda í mældur í fjarlægð frá fingurgómum og niður að gólfi, þegar þeir stóðu með beina fætur uppi á 20 cm háum kassa og beygðu sig fram á við.

Fjarlægðin frá fingurgómum og niður á gólfi stýttist um 4,3 cm eðan á tímabilinu stóð og því greinilegt að jafnvel klukkustundarlöng iðku á dag gerir líkamann mun löngri en áður. Andleg liðan þar naði að sama skapi, þátttakendur svafu betur, þeim leið betur og þeir slökuðu betur á. Hlaup gagnast því sérlega vel til að fyrirbyggja og minna bug á streitu, kvíða og þyngd. Íðurstaðan er sú að reglubundin hreyfing hefur svo heillavænleg áhrif á heilsuna að hún skyggir nánast á allt annað eilíftak.

Ástpt útivistarsvæð Reykjavíkur. Einnig kom fram að 30% borg-



tór-Reykjavíkursvæðinu. Hún er gríðalega vinsælt útivistarsvæði þem fólk virðist sækja óháð búsetu í borginni og aldri. Íbúar í Grafarholti og Ar bæ nota hins vegar útivistarsvæðið við Raudavatn en íbúar í miðborginni, Hlíðum og Háaleiti minnst.



Hefur þú orðið fyrir líkamlegu ofbeldi?

Já	43,5%
Nei	56,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Minnka ólætin með skemmti opnunartíma skemmtistaða?

Seðgu þína skoðun á visir.is



Sextíu slösuðust í lestarslysi í grennd við borgina Novgorod í Rússlandi:

# Rannsakað eins og hryðjuverk

**MOSKVA, AP** Yfirvöld í Rússlandi telja að hryðjuverkamenn hafi komið fyrir sprengju sem sprakk í hraðlest á leiðinni frá Moskvu til Pétursborgar í gærmorgun. Lestin fór út af sporinu nærri borginni Novgorod, um fimm hundruð kílómetra norður af Moskvu. Sextíu slösuðust.

Enginn hefur lýst yfir ábyrgð á árásinni en rússnesk stjórnvöld grunar uppreisnarmenn í Tsjetsjeníu; búnaður sem notaður var til að gera sprengjuna er svipaður og var notaður í hryðjuverkaárás í lest árið 2005. Nikolai Patrushev, yfirmaður rússnesku leyniþjónustunnar FSB, sagði að hryðjuverkaárásin í landinu hefði ekki enn verið upprætt.

**GRUNUR UM HRYÐJUVERKAÁRÁS** Farþegi yfirgefur lestina sem er á hliðinni bak við hann. Lestin var á leiðinni frá Moskvu til Pétursborgar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Gassprengingin í Fljótsdal:

# Maðurinn á batavegi

**SLYS** Maðurinn sem hlaut alvarleg brunasár í gassprengingu í Fljótsdal 12. júlí er á batavegi og hefur verið útskrifaður af Landsspítalanum. Samkvæmt vakthafandi lækni á bruna- og lýtalækningadeild útskrifaðist maðurinn af deildinni viku eftir slysið. Hann er nú kominn í meðferð á göngudeild á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri.

Maðurinn var í lífshættu um tíma eftir slysið vegna þeirra alvarlegu áverka sem hann hlaut. Batahorfur hans eru góðar en þó á eftir að koma í ljós hvort hann nær sér að fullu.

-lbb

**BOÐEINDIS**  
 í tilefni af 20 ára afmæli  
 Boðeindar bjóðum við upp á ótrúleg afmælistilboð og þú gætir jafnvel unnið LCD sjónvarp!



**Asus F5R 15.4"**  
 Intel M520 - 1GB - 80GB  
 DVD brennari - ATI Xpress 1100  
 Vista Home Verð kr. 96.490,-  
**Staðgreiðsluverð kr. 69.900,-**

**Asus A6VM 15.4"**  
 Intel Single core - 1GB - 100GB  
 GeForce 7300 - DVD brennari  
 XP PRO Verð kr. 108.243,-  
**Staðgreiðsluverð kr. 89.900,-**

**Asus A8FM 14.1"**  
 Aðeins 2,4Kg.  
 Intel Core Duo - 1GB - 80GB SATA  
 DVD brennari - Vista Business  
 Verð kr. 119.900,-

**Staðgreiðsluverð kr. 109.900,-**

Leyfðu okkur að veita þér faglega og persónulega þjónustu

Staðgreiðslulán fáanleg til allt að 36 mánaða

Leikja- og margmiðlunartölvur  
**Asus F3SE 15.4"**

Intel Mobile Core 2 Duo - 2GB - 256MB ATI Radeon X2500  
 160GB SATA - DVD brennari - Vista Home Premium  
 Verð kr. 144.900,-

**Staðgreiðsluverð kr. 114.900,-**

**Microsoft Office OEM 2007**  
 á aðeins kr. 9.900,- með nýrri tölvu

**Asus G1S 15.4"**  
 Intel Core 2 Duo - 2GB - 256MB 6800GT GeForce  
 160GB SATA - DVD brennari - Vista Ultimate  
 MX518 mús Verð kr. 229.900,-

**Staðgreiðsluverð kr. 179.900,-**

**Asus G2S 17"**  
 Intel Core 2 Duo - 2GB - 256MB 6800GT GeForce  
 160GB SATA - DVD brennari - Vista Ultimate -  
 MX518 mús Verð kr. 249.900,-

**Staðgreiðsluverð kr. 199.900,-**

Fartölvutaska, mús, vefmyndavél, vírusvörn og góður forritapakki fylgir öllum fartölvum frá Boðeind



Boðeind í 20 ár  
 Þar sem verð og gæði fara saman

Opíð alla virka daga frá kl. 10:00 - 18:00 - S: 588 2061 - Mörkin 6 - 108 Rvk - Verslun/verkstæði

# Flest við nýja Grímseyjarferju í Ólestri

Samgönguráðherra segir upphaf vandræða vegna kaupa og breytinga á nýrri Grímseyjarferju liggja í slæmri ráðgjöf. Ráðgjafinn undrast að vera gerður að blóraböggli. Svört skýrsla Ríkisendurskoðunar um málið var kynnt í gær.

**FRAMKVÆMDIR** Reiðarslag, er orðið sem samgönguráðherra notar yfir greinargerð Ríkisendurskoðunar um kaup og endurnýjun á Grímseyjarferju.

Í henni kemur fram að undirbúningur vegna kaupanna var ófullnægjandi, losarabragur var á kostnaðaráætlunum og greiðsla kostnaðar stenst ekki fjárreiðulög.

Auk þess sem verkefnastjórn verður skipuð og stjórnslúttækt gerð á framkvæmd verkefnisins krefst Kristján Möller samgönguráðherra þess að Vegagerðin skipti um ráðgjafa og að ekki verði skipt meira við þann ráðgjafa sem verið hefur Vegagerðinni innan handar í verkefninu.

„Ég les það út úr þessu að ráðgjöfin hafi verið slæm,“ sagði Kristján eftir ríkisstjórnarfund í gærmorgun þar sem hann kynnti greinargerðina. Kvað hann upphaf vandræðanna liggja hjá ráðgjafanum.

Ráðgjafi Vegagerðinnar í Grímseyjarferjuverkefninu var Einar Hermannsson skipaverkfræðingur. Honum finnst ósanngjarnt og langsótt að vera gerður að blóraböggli enda hafi hann ekki komið að málinu í yfir eitt ár.

„Það er mjög sérkennilegt að draga mig einan til ábyrgðar þar sem fundið er að verum fjölmargra,“ segir Einar en svarar jafnframt aðspurður að eflaust megi eitthvað rekja til sín. „Eftir á að hyggja hefði eflaust eitthvað mátt fara betur.“

Að sögn Einars miðaði hans ráðgjöf við aðrar forsendur en síðar voru uppi. Gera átti skipið upp í óbreyttri mynd í skipasmíðastöð í Austur-Evrópu en því hafi verið gjörbylt með miklum breytingum.

Einar hefur verið Vegagerðinni ráðgefandi í ferjumálum í tólf ár og kveðst ósáttur við ákvörðun ráðherra um að kaupa ekki af honum þjónustu framar. „En ég get sjálfsagt fát sagt, hann er yfirmaður Vegagerðarinnar,“ sagði Einar.



**SLÆM RÁÐ** „Það er með okkur ráðherrana að við höfum kannski ekki vit á öllum hlutum og þiggjum ráð og verðum að geta treyst því að þau séu góð. Þarna hafa þau ekki verið góð,“ sagði Kristján Möller samgönguráðherra við fréttamenn eftir að hafa kynnt í ríkisstjórn greinargerð Ríkisendurskoðunar um Grímseyjarferju-málið.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## ÚR GREINARGERÐ RÍKISENDURSKOÐUNAR

- Mörg þeirra vandamála sem upp hafa komið í tengslum við endurnýjun Grímseyjarferju má rekja til ófullnægjandi undirbúnings.
- Ekki fór fram nákvæm þarfagreining og kostnaðar- og ábatagreiningar voru ekki gerðar.
- Skoðun á ferjunni áður en hún var keypt var ábótavant.
- Framvinda verksins hefur verið mun hægari en samið var um.

Í greinargerð Ríkisendurskoðunar eru Grímseyjarferju sagðir hafa gert tíðar og síðbúnar kröfur um endurbætur á ferjunni. Því mót-mælir Brynjólfur Arnason oddviti. „Okkar stærstu kröfur um breytingar lágu fyrir þegar skipið var

keypt,“ segir hann en viðurkennir að á síðari stigum hafi frekari kröfur verið settar fram. Þær hafi helst snúið að öryggisbúnaði og aðbúnaði farþega, til dæmis sjón- og útvarpi.

bjorn@frettabladid.is

Vegamálastjóri tekur aðfinnslurnar alvarlegar og fagnar stjórnslúttækt:

# Ábyrgðin hlýtur að vera hjá mér

„Þarna er margt sem leggst á eitt,“ segir Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri um Grímseyjarmálið.

Hann tekur aðfinnslur Ríkisendurskoðunar alvarlega og fagnar boðaðri stjórnslúttækt á störfum stofnunar sinnar.

„Það er ekki daglegt brauð að hér séu smíðaðar ferjur,“ svarar Jón spurður hvort hann kunnir einfalda skýringu á þeirri ófæru sem kaup og endurbætur á Grímseyjarferju eru komin í.

Jón segir ábyrgðina liggja hjá



JÓN RÖGNVALDSSON

lengi – hann er skipaverkfræðingur en við erum landkrabbar – og við höfum ekki haft neitt að athuga

við hans störf. Það getur verið að ráðgjöf hans í þessu verki hafi ekki verið heppileg en það breytir því ekki að við tökum ákvörðun.

Um eigin ábyrgð segir Jón. „Ég veiti Vegagerðinni forstöðu þannig að ábyrgðin hlýtur að vera hjá mér.“

Hann segir afsögn úr embætti ekki hafa ekki komið til tals en kveðst þó hafa velt slíku fyrir sér. „Auðvitað veltir maður því alltaf fyrir sér. Maður verður að velta fyrir sér hvaða kostur sé bestur.“

-bps

RISATÓNLEIKAR Á LAUGARDALSVELLI  
KAUÐÞING BÝÐUR  
ÖLLUM Á VÖLLINN!

FÖSTUDAGINN 17. ÁGÚST 2007

Í tilefni 25 ára afmælis Kaupþings býður bankinn landsmönnum á stórkostlega tónleika. Fram kemur Íslandslíð poppara og veislustjóri er enginn annar en Páll Óskar Hjálmtýsson.



Fram koma:

Stuðmenn • Todmobile • Mugison • Nylon • Björgvin Halldórsson  
SSSól • Luxor • Garðar Thor Cortes • Bubbi Morthens

Völlurinn opnaður kl. 18.00.  
Páll Óskar byrjar upphitun kl. 19.00.

ALLIR VELKOMNIR!



KAUÐÞING

Hugsum lengra

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir mexíkóski leikarinn sem mun leika í uppsetningu Gísla Arnar Garðarssonar á Tilsammans?
2. Hversu gömul er Kringlan í ár?
3. Hvað heitir pólitíski ráðgjafi George Bush Bandaríkjaforseta sem sagði af sér í byrjun vikunnar sem aðstoðarstarfsmannastjóri í Hvíta húsinu?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 42

Fulltrúar lögreglumanna á fundi í fjármálaráðuneytinu vegna óánægju með kjör:

## Funduðu um laun lögreglumanna

**KJARAMÁL** Fulltrúar Landssambands lögreglumanna funduðu í fjármálaráðuneytinu í gærmorgun með fulltrúum ráðuneytisins um launakjör lögreglumanna. Að sögn Þóris Steingrímssonar, formanns Félags íslenskra rannsóknarlögreglumanna, hefur óánægja kraumað meðal lögreglumanna í talsverðan tíma vegna málsins. Bodað var til fundarins fyrir helgi.

Þórir segir lítil tíðindi af fundinum, en að boðað hafi verið framhald á viðræðum eftir helgi. Hann sat ekki fundinn sjálfur.

Þó að fundurinn hafi verið boðaður með tiltölulega skömmum



ÞÓRIR STEINGRÍMSSON



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

fyrirvara segir Þórir að viðræðurnar hafi átt sér nokkurn aðdrag-

anda og að aðilar málsins hafi rætt óformlega saman undanfarið.

Óánægja lögreglumanna snýr ekki síst að því að þeim finnst þeir ekki hafa hlotið kjarabætur til jafns við aðrar starfsstéttir, svo sem fangaverði og tollverði. Þórir segir að borið hafi á uppsögnum lögreglumanna sem sjá sér frekar hag í að starfa í einkageiranum. Þetta geri það að verkum að of mikill tími fari í nýliðabjálfun og þekking tapist úr stéttinni.

Að sama skapi vilja lögreglumenn lægri starfslokaaldur. Hann er nú 65 ár.

- sh

Fasteignamarkaðurinn:

## Íbúðalánasjóður hækkar vexti

**FASTEIGNIR** Forsvarsmenn Íbúðalánasjóðs hafa ákveðið að hækka skuli útlánsvexti íbúðalána um 0,05 prósent.

Vextir íbúðalána hjá sjóðnum eru, frá og með deginum í dag, 4,85 prósent á lán sem greiða má upp gegn uppgreiðsluþöknum, en 5,10 prósent án hennar.

Þetta er gert í kjölfar útboðs á íbúðabréfum, sem fram fór í gær, og byggist á ávöxtunarkröfu hennar, ásamt fjármagnskostnaði uppgreiðslna ÍLS-verðbréfa, eftir því sem segir í tilkynningu frá sjóðnum.

Vextir sjóðsins hækkuðu síðast um 0,1 prósent 27. júní.

- kóp

**Síðan skín sól**

Verðdæmi:

**Sólarlottó til Krítar 18. og 25. ágúst og 1. og 15. september**

Verð frá:

**44.900\* kr.**

Þú velur áfangastað og brottfarardag og tekur þátt í lottói um hvaða gistingu þú færð!

\* Innifalið í verði: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Netverð miðast við að 2 ferðist saman.

Bókaðu strax á [www.plusferdir.is](http://www.plusferdir.is)

**plús**  
FERÐIR

[www.plusferdir.is](http://www.plusferdir.is)

PLUSFERDIR - Lágmla 4 - 105 Reykjavík - Sími 535 2100

## ÍSRAEL

## Netanyahu endurkjörinn

Benjamin Netanyahu bar í gær sigur úr bytjum í leiðtogakjöri Likud-flokksins í Ísrael. Hátt hlutfall öfgasinnaðra landtökumanna meðal kjósenda gæti gert Netanyahu erfitt fyrir í þingkosningum, sem haldnar verða ekki síðar en 2010.

## MENNINGARNÓTT

## Menningarnott.is opnar

Vefur menningarnætur, sem verður haldin næsta laugardag, hefur verið opnaður á slóðinni menningarnott.is. Þar má finna upplýsingar um alla þá viðburði sem eru í boði á hátíðinni. Notendur geta einnig sett saman eigin dagskrá með því að velja ákveðna viðburði.

Klaufskur ræningi:

## Skaut samverkamann í augað

**BANDARÍKIN** Ránstilaun tveggja manna í Bandaríkjunum endaði með ósköpum þegar annar ræninginn skaut hinn í augað fyrir misgáning.

Mennirnir tveir, vopnaðir skambyssu, kröfðust peninga frá öryggisverði á golfkerru fyrir utan verslunarmiðstöð í bænum Opalocka í Flórída. Í ringulreiðinni sem fylgdi hljóp skot úr byssunni og fékk annar ræningjanna kúluna í augað.

Þrjátunum tókst að flýja, en þeir náðust þegar þeir leituðu læknaaðstoðar á nálægu sjúkrahúsi. Báðir voru færðir í varðhald og ákærðir.

- sgi



HÚSIN VIÐ LAUGAVEG 4 OG 6 Rúmlega tvöþúsund fermetra, fjögurra hæða hótél og verslunarhúsnæði verður reist í stað húsanna við Laugaveg 4 og 6. Það verður jafnhátt húsinu fjarst á myndinni, Laugavegi 8. Húsið næst á myndinni mun standa.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Niðurrif á Laugavegi 4 og 6 hefst brátt

Byrjað verður að byggja rúmlega tvöþúsund fermetra hótél og verslunarhúsnæði við Laugaveg 4 til 6 sem fyrst. Teikningarnar að húsinu voru ekki samþykktar í gær en verða líklega samþykktar á næstunni.

**SKIPULAGSMÁL** „Við vonumst til að getað byrjað að byggja húsið sem fyrst eftir að byggingarfulltrúi Reykjavíkurborgar hefur samþykkt teikningarnar af því,“ segir Jóhannes Sigurðsson, einn eigandi eignarhaldsfélagsins Kaupangs ehf., um rúmlega tvöþúsund fermetra, fjögurra hæða hótél og verslunarhúsnæði sem félagið ætlar að byggja við Laugaveg 4 og 6.

Jóhannes segist ekki geta sagt til um hvenær húsin sem nú standa við Laugaveg 4 til 6 verða rífin. „Við höfum skuldbindingar gagnvart leigutökum í húsunum og við stöndum auðvitað við þær,“ segir Jóhannes. Húsið við Laugaveg 4 var byggt árið 1890 en Laugavegur 6 árið 1871. Samtals eru þau tæpir fjögurhundruð fermetrar.

Það má ekki vera hlé á framkvæmdum við Laugavegin; þess vegna þarf að rífa gömlu húsin og byrja svo strax að byggja nýja húsið

**HELGA GUÐMUNDSDÓTTIR**  
ARKITEKT

Skipulagsráð Reykjavíkurborgar hefur samþykkt skipulag að húsinu og hafa teikningarnar verið sendar byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar til samþykktar. Gerðar voru tæknilegar athugasemdir

við teikningarnar á fundi byggingarfulltrúa í gær, segir Helga Guðmundsdóttir arkitekt hjá byggingarfulltrúa. „Samþykkt teikninganna var því frestað,“ segir Helga.

Guðni Pálsson, arkitekt og aðalhönnuður hússins, breytti teikningunum í gær og skilaði þeim aftur til byggingarfulltrúa. Hann segir líklegt að teikningarnar verði samþykktar á fundi byggingarfulltrúa á þriðjudaginn í næstu viku en í síðasta lagi innan tveggja vikna.

Guðni segir að hægt verði að byrja að byggja nýja húsið við Laugaveg 4 til 6 um fjórum til sex vikum eftir að teikningarnar hafa verið samþykktar.

Helga Guðmundsdóttir segir að ekki megi byrja að rífa húsin tvö við Laugavegin fyrir en teikningarnar að nýja húsinu hafa verið samþykktar. „Það má ekki vera hlé á framkvæmdum við Laugavegin; þess vegna þarf að rífa gömlu húsin og byrja svo strax að byggja nýja húsið,“ segir Helga. Eftir að teikningarnar hafa verið samþykktar má þess vegna byrja að rífa húsin daginn eftir segir Helga.

Fréttablaðið hefur ekki getað fengið teikningarnar af húsinu til að birta þær því þær verða ekki opinber gögn fyrir en eftir að byggingarfulltrúi hefur samþykkt þær.

ingifreyr@frettabladid.is

**CANDEREL®**

Lifðu lífinu létt með Canderel

kíktu á léttar uppskriftir á [www.canderel.is](http://www.canderel.is)



NÁMSMANNA-  
ÞJÓNUSTA BYRS

BYR

BYRjaðu á  
[www.byr.is](http://www.byr.is)

ASTRÓPÍA

BYR býður til  
kvikmyndaveislu.  
Taktu þátt á  
[www.byr.is](http://www.byr.is)

**BYRjaðu í leiknum!**

Komdu á [www.byr.is](http://www.byr.is) og þú gætir unnið.

  
**BYR**  
SPARISJÓÐUR

## Gleðilegar ræstingar – og farsælan vinnudag!

Á tilboði í ágúst 2007  
Öflugar gólfvottavélur frá TASKI



### TASKI swingo 450 B

Einstaklega lípur vél sem hentar á svæðum þar sem aðkoma er þröng. Vél sem kemur á óvart!

Raunhæf afköst 450 m<sup>2</sup>/klst  
Reiknuð afköst 1250m<sup>2</sup>/klst

**399.384 kr.**



### TASKI swingo 750 B

Lítill og nett, en afkastamikill vél með innbyggðu hleðslutæki sem hindrar afhleðslu rafgeyma.

Raunhæf afköst 750 m<sup>2</sup>/klst  
Reiknuð afköst 1935m<sup>2</sup>/klst

**499.396 kr.**



Eigum einnig til notaðar vel meðfarnar TASKI gólfvottavélur, nýkomnar úr 3ja ára rekstrarleigu frá viðskiptavinum RV. Tækifæri til að gera ótrúlega góð kaup.

### Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is



Vegagerðin rannsakar hvort fræstar rákir í vegum auki umferðaröryggi:

## Rifur í malbiki bjarga mannlífum

**SAMGÖNGUMÁL** Vegagerðin hóf í gær rannsókn á notkun svokallaðra vegriffilla á íslenskum vegum. Fræstar verða rifflur í malbiki á nokkrum stöðum en þeim er ætlað að vara vegfarendur við þegar þeir eru í þann veg að aka út af eða yfir á rangan vegarhelming. Rannsóknir erlendis frá sýna að vegriffillur eru ódýr öryggisæki sem geta bjargað mannlífum.

„Það verður fræst á fjórum stöðum í sumar, alls 70 kílómetrar. Við ætlum að sjá hvernig þetta kemur undan vetri og á næsta ári verður væntanlega tekin ákvörðun um hvort þessi tækni verði nýtt til að auka öryggi á vegum,“ segir Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrú Vegagerðarinnar. Áður hafa verið gerðar tilraunir með upphleypar vegmerkingar sem entust ekki veturinn vegna sjómoksturs og nagladekkjanotkunar.

Fræstar eru rúmlega sentimetrar djúpar rákir í malbiki en þegar ekið er yfir þær skapast titringur og hávaði sem varar ökumanninn við.



**FRÆST Á GRINDAVÍKURVEGI** Þegar ekið er yfir rifflurnar skapast titringur sem varar ökumanninn við hættu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fræst var á Grindavíkurvegi í gær en á næstu vikum verða fræstar rifflur á vegarköflum á Kjalarnesi, Reykjanesbraut og á Hellisheiði. - þo

### DÓMSMÁL

#### Með fern handjárn og byssu

Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir vopnalagabrot. Á heimili hans í Hafnarfirði fundust fjögur pör af handjárnnum, loftskammbyssu og kúlur í hana. Þess er krafist að vopnin verði gerð upptæk. Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Reykjaness.

### TYRKLAND

#### Ferja rekst á flutningaskip

Betur fór en á horfðist þegar tyrknesk ferja og úkraínsk flutningaskip rákust saman í gær. Slysíð átti sér stað í Istanbúl. Um það bil þrjátíu farþegar í ferjunni slösuðust, en þó voru meiríslí þeirra ekki alvarleg.



**KÝR Á BEIT VIÐ DÝRALÆKNIR** Dýralæknum hefur fækkað í sveitum landsins í takt við byggðabróun. Það gerir það að verkum að hver dýralæknir sinnir nú stærra svæði en áður og þarf oft að aka tugi kílómetra í vitjanir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Aðeins einn dýralæknir á Vestfjörðum

Héraðsdýralæknir Vestfjarðaumdæmis er eini starfandi dýralæknirinn á Vestfjörðum. Formaður bændasamtakanna segir dýralæknaskort í dreifbýli anga af byggðabróun undanfarinna ára.

### LANDBÚNAÐUR

„Það er ekki svo langt síðan það voru þrjú héraðsdýralækna á Vestfjörðum en fólk og búfénaði hefur fækkað svo það er minna fyrir dýralækna að gera,“ segir Sigríður Inga Sigurjónsdóttir, héraðsdýralæknir á Vestfjörðum. Á álagstímum í sauðburði á vorin er dýralæknir á Hólmavík en á öðrum árstímum sinnir Sigríður ein öllu umdæminu, allt frá Barðaströnd og Patreksfirði til Stranda. „Það er vissulega erfitt þegar svæðið er svona stórt, samgöngur slakar og búin dreifð en það er lítið við því að gera,“ segir Sigríður en sem dæmi má nefna eru 224 kílómetrar frá aðsetri hennar á Ísafirði til Hólmavíkur og 175 kílómetrar til Patreksfjarðar.

Umdæmi héraðsdýralækna eru fjórtán talsins og í átta þeirra er aðeins starfandi einn dýralæknir sem þá er jafnframt héraðsdýralæknir. Í nokkrum umdæmum eru tveir héraðsdýralæknarnir en sjálfstæða dýralækna í einkarekstri er aðeins að finna í grennd við höfuðborgarsvæðið, á Suðurlandi og á Akureyri.

Þeir héraðsdýralækna sem Fréttablaðið hefur rætt við eru sammála því að erfitt sé að fá afleysingamenn, til dæmis vegna sumarfría. Stefnir hefur verið að því undanfarin ár að aðskilja eftirlitsstörf héraðsdýralækna og almenna dýralæknaþjónustu. Þannig er það í þremur umdæmum en í öðrum sinna héraðsdýra-

læknar hvoru tveggja, meðal annars vegna þess hve erfiðlega hefur gengið að fá dýralækna til starfa. „Það er staðreynd að það eru minni afkomumöguleikar fyrir dýralækna sem sinna strjálbýlum svæðum. Þetta er enn einn anginn af byggðabróun undanfarinna ára; búum fækkar og þá minnkar þjónustan,“ segir Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtakanna. Hann kveðst þekkja nokkur dæmi þess að bændur séu illa settir með skepnur sínar vegna þess hve langt þeir þurfi að sækja þjónustu dýralækna.

„Það er vissulega erfitt þegar svæðið er svona stórt, samgöngur slakar og búin dreifð en það er lítið við því að gera.“

**SIGRÍÐUR INGA SIGURJÓNSDÓTTIR**  
HÉRAÐSDÝRALÆKNIR

Bjarni Hákonarson, bóndi í Haga á Barðaströnd, segir að þar í sveit kalli menn ekki á dýralækna nema mikið liggi við. Kílómetragjaldið sé það hátt að stundum borgi sig frekar að lóga skepnunum. „Við erum dugleg að bjarga okkur og erum heppin að hafa þennan góða dýralækna á Ísafirði. Hún veitir okkur góða aðstoð í gegnum síma ef hún kemst ekki til okkar,“ segir Bjarni en ófært er milli Ísafjarðar og Barðastrandar lungann úr vetrinum.

thorgunnur@frettabladid.is

### Berlingo Van 1,4 75 hö. 6 dyra 5 girá\*

Verð með vsk. 1.649.000 kr.

Verð án vsk. 1.324.477 kr.

Fjármögnunarleiga: 20% útborgun, 60 mán.  
Mánaðargreiðsla án vsk. 20.163 kr.  
Rekstrarleiga 36 mán. og 60.000 km. akstur  
Mánaðargreiðsla án vsk. 25.880 kr.



Sjáðu Citroën Berlingo í dag

## Fullkomnari fullkomnun

Enn á ný hefur Citroën tekist að bæta fullkomnun. Nú er Citroën Berlingo, sendibilinn vinsæli, kominn með frábærri nýrri dísilvél. Citroën Berlingo er hagstæður í rekstri. Nýja 1,6 lítra, 92 hestafla dísilvélin er bæði kraftmeiri og sparneytnari. Hún er vistmildari en áður enda leggur Citroën mikið að mörkum til þess að bæta umhverfið. Hin öfluga stálhlífðarpanna undir vélinni ver hana vel og getur dregið úr viðhaldi.

### Við erum sjálfseks hjá Citroën

Þær tilfinningar sem fylgja því að hafa tekist að gera enn betur í dag en í gær gefa okkur þann drifkraft sem fyrirtækjaþjónusta Citroën stendur fyrir. Í það minnsta finnst okkur það.

Sjáðu Citroën. Komdu í Brimborg.  
Kynntu þér nýjungar í Berlingo.

### Berlingo Van 1,6 HDI 92 hö. 6 dyra 5 girá\*

Verð með vsk. 1.849.000 kr.

Verð án vsk. 1.485.117 kr.

Fjármögnunarleiga: 20% útborgun, 60 mán.  
Mánaðargreiðsla án vsk. 22.609 kr.  
Rekstrarleiga 36 mán. og 60.000 km. akstur  
Mánaðargreiðsla án vsk. 29.125 kr.

### Dæmi um staðalbúnað í Citroën:

- Meiri burðargæta: 800 kg
- Hliðarhurðir beggja vegna með lokunarvörn
- 180 gráðu opnun á afturhurðum
- Topplúga fyrir lengri hluti
- Hiti í sætum
- Rafdrifnar rúður
- Geislaspillari með útvarpi og fjarstýringu við stýri
- Fjarstýrd samlæsing
- Fellanlegt framsæti farþega með borði og geymsluhólf



Ný dísilvél. 1,6 HDI, 92 hestafla  
Kraftmeiri  
Sparneytnari

Aflaðu þér  
frekari upplýsingar  
www.citroen.is

brimborg

Örugger staður til að vera á

Flóð hafa herjað á íbúa í Norður-Kóreu síðustu daga:

# Hundruð látinna

**SUDUR-KÓREA, AP** Meira en tvö hundruð manns eru látnir eða er saknað í Norður-Kóreu en flóð hafa verið í landinu síðustu daga eftir miklar rigningar að undanfögnu. Terje Lysholm, starfsmaður Rauða krossins sem er staddur í landinu, neitaði að geta sér til um það í samtali við AP-fréttastofuna hvort mannfalið gæti jafnvel verið enn meira. Yfirvöld í Norður-Kóreu sögðu hins vegar frá því í gær að „hundruð manna væru látnir eða væri saknað,“ í landinu.

Lysholm segir að víða í landinu hafi vatnsgulurinn náð allt að sextíu sentimetrum og að flóðin

séu þau verstu í landinu í áratug. Að sögn Lysholms hafa rúmlega þrjátíu þúsund fjölskyldur í Norður-Kóreu misst heimili sín, og um sextíu þúsund hektara af orðið fyrir skaða, af völdum flóðanna. Lysholm segir að auk þess hafi flóðin skemmt um hundruð þúsund hektara af ræktarlandi sem muni koma niður á möguleikum landsmanna til að brauðfæða sig. Að sögn stjórnvalda í landinu hafa flóðin valdið miklum skaða á mannvirkjum í landinu og eru helstu járnbrautir, vegir og brýr ónýtar.

Síðasta sumar voru einnig mikil flóð í landinu og hafa stjórnvöld í



**FLÓÐ Í NORÐUR-KÓREU** Jeppi ekur eftir götu í höfuðborg Norður-Kóreu, Pjongjang í gær. Rigningar hafa orsakað mikla vatnavexti í ám landsins síðustu daga og hefur vatnsgulurinn náð allt að sextíu sentimetra hæð.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

höfuðborginni Pjongjang aldrei gefið upp hversu margir létu lífið,

en talið er að það hafi verið á milli átta og níu hundruð manns. - ifv

## Fjögur innbrot á Selfossi: Peningum og fartölvum stolið

**LÖGREGLUMÁL** Brotist var inn á fjórum stöðum í iðnaðarhverfi á Selfossi í fyrrinótt. Tveimur fartölvum, einhverjum peningum og öðrum smámunum var stolið, að sögn varðstjóra lögreglunnar á Selfossi.

Innbrotin voru augljóslega skipulögð, þar sem þjófarnir virðast hafa haft tól meðferðis til að spenna upp hurðir. Þeir komust inn í byggingarnar um glugga og þurftu að brjóta suma.

Staðirnir fjórir eru nálægt hver öðrum og segir varðstjóri það benda til þess að sami eða sömu þjófarnir hafi verið að verki. Enginn er grunaður. - sh



**ABDULLAH GUL** Forsetaframboð Guls skapaði pólitíska ólgu í landinu því talið er að hann vilji grafa undan veraldlegum gildum í tyrknesku samfélagi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Erdogan velur forsetaefni:

## Líklegt að Gul verði forseti

**TYRKLAND, AP** Stjórnarflokkur Recep Erdogan, forsætisráðherra Tyrklands, hefur valið utanríkisráðherra landsins, Abdullah Gul, sem forsetaefni flokksins.

Tyrkneska þingið kys forseta í landinu. Til að ná kjöri þarf forsetaframbjóðandi að fá tvo þriðju hluta atkvæða þingmanna í fyrstu og annarri umferð kosninga. Í þeirri þriðju nægir honum að fá hreinan meirihluta.

Talið er nær öruggt að Gul verði kjörinn forseti í þriðju umferðinni sem fram fer 28. ágúst því flokkur Erdogans hefur meirihluta þingsæta í landinu eftir kosningarnar 22. júlí. - ifv

## Þrjú berklasmit fundist í ár: Yfir 300 manns rannsakaðir

**HEILBRIGÐISMÁL** Þrjú hafa greinst með berkla á Íslandi það sem af er ári. Þetta kemur fram í nýútkomnum Farsóttafréttum, fréttabréfi sóttvarnalæknis.

Ástæða þótti til að ráðast í umfangsmiklar rannsóknir vegna tveggja tilvikanna, annars vegar þegar vistmaður á elliheimili veiktist, og hins vegar þegar upp komu veikindi hjá starfsmanni á Kárahnjúkum. Í hvoru tilviki þótti ástæða til að rannsaka um 160 manns, en ekkert hefur enn fundist. Í tilviki eldri mannsins er talið að hann hafi sýkt á yngri árum en borið með sér veiruna alla ævi án þess að veikjast. - sh

### ÍRAN

#### Viðræður Írans og Íraks

Fulltrúar Írans og Íraks hittust til að ræða landamæraeðlur ríkjanna, en viðræður um þær deilur hafa ekki farið fram síðan Saddam Hussein hóf stríð við Íran vegna þeirra árið 1980.



HVITA HÖSIB / SJA - 07-1045

Actavis býður öllum á völinn á morgun!

# Stórleikur og fjölskyldudagur í Kaplakrika

## Íslandsmeistarar FH - Fram

Leikurinn hefst kl. 19.15

Skemmtiatriði í hálfleik.

## Fjölskyldudagur í Kaplakrika

Hátíðin hefst kl. 16.00

Leiksvæði fyrir börn, hoppkastali, trampólín, boltastöðvar með knattþrautum og fleira skemmtilegt! Grillaðar pylsur og safi.

Mætum öll á völinn og styðjum Íslandsmeistara FH til sigurs!



# Vetrar ævintýri

4 nýjar aukaferðir



## Dóminíska

Glæsileg gisting í boði!  
Allt innifalið í 11 daga - frá aðeins

**79.845 kr.**

18. des. - örfá sæti laus  
20. des. - UPPSELT  
30. des. - aukaflog  
3. jan. - UPPSELT  
18. jan. - aukaflog  
24. jan. - UPPSELT  
3. feb. - örfá sæti laus  
6. mars - aukaflog  
17. mars - PÁSKAFERÐ



## Tenerife

Ótrúlegt verð! - frá aðeins

**49.995 kr.**

\*Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti. Hjón með 2 börn, 2-11 ára, 4. janúar, 11 nætur, El Cortijo - íbúðir.

Beint morgunflug  
- með íslensku flugfélagi



## Jamaica

8 dagar - frá aðeins

**98.490 kr.**

30. okt. - 8 nætur  
7. nóv. - 10 nætur  
14. feb. - 10 nætur  
24. feb. - 10 nætur



## Kúba

Frá aðeins

**78.990 kr.**

17. nóv. - 7 nætur  
24. nóv. - 11 nætur  
5. des. - 13 nætur



## Kanarí

Ótrúlegt verð! - frá aðeins

**43.395 kr.**

Hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuféð  
9. janúar, í íbúð með 2 svefnherbergjum  
á Parquemar. Netverð á mann með  
10.000 kr. afslætti.

Beint morgunflug  
- með íslensku flugfélagi



## Skíðaferðir

Frá aðeins

**29.990 kr.**

Flugsæti með sköttum. Fargjald A. Netverð.

Beint morgunflug  
- með íslensku flugfélagi

## Flug með Primera Air

Það er íslenska flugfélagið JetX sem annast allt leiguflug Primera Air fyrir Heimsferðir á Íslandi og fyrir önnur dótturfyrirtæki Primera Travel Group í Skandinavíu. Þjónusta um borð er fyrsta flokks og að sjálfsögðu á íslensku.



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001  
Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500



SIGLTIL HAFNAR Arnar Sigurmundsson segir stórhug sjávarútvegsfyrirtækja í Vestmannaeyjum ánægjulegan.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

# Stór stund í lífi hvers útgerðarmanns

Bergey VE 544 kom til hafnar í Vestmannaeyjum í fyrradag. „Stórkostlegt að geta endurnýjað flotann,“ segir Magnús Kristinsson, forstjóri Bergs-Hugins. Formaður samtaka Fiskvinnslustöðva segir bjartsýni aukast með komu Bergeyjar.

**SJÁVARÚTVEGUR** „Að fá nýtt skip er stór stund í lífi hvers útgerðarmanns. Það er stórkostlegt að geta endurnýjað flotann sinn. Þetta er annað af tveimur skipum sem ég pantaði frá Póllandi á sínum tíma og það er að koma inn í reksturinn núna,“ segir Magnús Kristinsson, forstjóri Bergs-Hugins.

Fyrirtækið Bergur-Huginn lét smíða skipið í Póllandi og er annað skipið á þessu ári sem fyrirtækið lætur smíða. Hitt heitir Vestmannaey VE 444 og það kom til Eyja í mars. Bergey og Vestmannaeyjar eru systurskip en þriðja skipið er í smíðum og heitir það Dala Rafn VE.

„Þetta hefur gífurlega mikla þýðingu fyrir stað eins og Vestmannaeyjar. Það bætast við sextán til átján störf til sjávar og að auki bætast við störf í byggðarlaginu,“ segir Magnús. Hann bætir þó við að veiki hlekkurinn sé að á sama tíma og endurnýjunin á sér stað er verið að skera niður veiðheimildir. „Þetta er það dapra við þetta og ég þarf að fara að takast á við hvernig ég brúa næstu vikur og mánuði, hvort ég bæti við veiðheimildum eða minnka flotann aftur,“ segir Magnús.



MAGNÚS KRISTINSSON Fjöldi fólks tók á móti Bergey á bryggjunni á mánu-dagskvöldið.



BERGEY VE 544 „Þetta er fullkomlega flott skip sem er útbúið til togveiða og og getur gert alla hluti á þeim sviðum,“ segir Magnús Kristinsson.

Arnar Sigurmundsson, formaður Samtaka fiskvinnslustöðva, segir það gríðarlega mikilvægt fyrir sjávarútvegsbæ eins og Vestmannaeyjar að þar eigi sér stað öflug endurnýjun í fiskiskipaflotanum. „Koma Bergeyjar og Vestmannaeyjar fyrr á þessu ári ásamt fleiri nýjum skipum skiptir þar miklu máli. Við skulum ekki gleyma því að það er nýsmíði í gangi á systurskipi Bergeyjar og Vestmannaeyjar sem kemur til Eyja í byrjun næsta árs að ég hygg. Allt skiptir þetta miklu máli.“ Arnar segir ánægju-

legt til þess að vita hvaða stórhugur er í sjávarútvegsfyrirtækjum í Vestmannaeyjum að standa fyrir endurnýjun fiskiskipaflotans með þetta myndarlegum hætti. Hann telur einnig að þetta muni auka bjartsýni íbúanna almennt á framtíð sjávarútvegsins og byggðarlagsins um leið.

Arnar segir endurnýjunina ekki eingöngu ná til togskipanna heldur hafi fyrirtækin sem eiga uppsjávarskipin einnig verið að endurnýja flota sinn að nokkru leyti.

larab@frettabladid.is



## Viðbótarnám fyrir grunnskólakennara í tengslum við

### endurskoðun á aðalnámskrá grunnskóla

Í haust mun menntamálaráðuneytið að nýju bjóða upp á viðbótarnám fyrir kennara í íslensku, ensku, dönsku, stærðfræði og nú einnig náttúrufræðum\*. Uppsetning námsins verður með eftirfarandi hætti:

1. Aðfaranám I - hefst haustið 2007. Áhersla m.a. á námskrár og upplýsingatækni. Stefnt er að því að halda staðbundnar lotur sem hér segir:

Haust 2007	Reykjavík	Akureyri
Náttúrufræði	7-8. sept.	31-1. sept.
Enska og danska	28-29. sept.	21-22. sept.
Stærðfræði	5-6. okt.	12-13. okt.
Íslenska	26-27. okt.	2-3. nóv.

Ferðakostnaður milli landshluta er endurgreiddur.

2. Aðfaranám II (3e) - hefst á vorönn 2008. Áhersla á kennsluáðferðir og tækni.
3. Viðbótarnám á háskólastigi (12 e)

Að aðfaranámi loknu geta þátttakendur valið fjarnámsáfanga sem henta til viðbótarmenntunar í viðkomandi fagi við KHÍ, HÍ, HA og HR. Nemendum í viðbótarnámi er bent sérstaklega á lokadagsetningar einstakra háskóla við val áfanga.

\* Í náttúrufræðum er annað skipulag á aðfaranáminu, sjá nánar á <http://srr.khi.is/?q=node/90>

Umsóknir um þátttöku berist í síðasta lagi 31. ágúst 2007 n.k. til SRR - Símenntun Rannsóknir Ráðgjöf KHÍ, sem hefur umsjón með skráningu og staðfestingu á þátttöku kennara. Nánari upplýsingar um námið eru á vef SRR <http://srr.khi.is>



hollusta  
fólasín  
betra líf


## Fólasín dregur úr líkum á brjóstakrabbameini

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar sænskra vísindamanna við Háskólann í Lundi\* minnka líkur á brjóstakrabbameini um nærri helming hjá konum ef þær neyta nægilega mikillar fólínsýru eða borða nóg af fólasínríku fæði.

Ráðlagður dagskammtur af fólasíni er 300 míkrogrömm á dag og þessi dagskammtur næst til dæmis með um einni og hálfri skál (42 g) af Cheeriosi.

\* Skv. fréttum á Síð 2 fimmtudaginn 9. ágúst er greint frá þessum niðurstöðum í nýjasta hefti tímaritsins American Journal of Clinical Nutrition.

  
**Cheerios**  
Mikilvægasta máltíð dagsins



**Fyrst á Íslandi!**  
Sjónvarp Símans kynnir háskerpusjónvarp (HD)  
-kíktu í næstu verslun Símans á höfuðborgar-  
svæðinu og sjáðu muninn

# Ekkert loftnet, háskerpusjónvarp og bíó heima í stofu

Losaðu þig við loftnetið og fáðu þér Sjónvarp Símans.

Í boði eru allar íslensku sjónvarpsstöðvarnar, þar á meðal Sýn 2 með Ensku boltann, og yfir 60 erlendar sjónvarpsstöðvar – allt í bestu mögulegu myndgæðum. Sjónvarp Símans býður þér líka SkjáBíó þar sem þú getur valið úr 1100 bíómyndum með fjarstýringunni heima í stofu.

[www.siminn.is](http://www.siminn.is) – 800 7000

Það er **Síminn** 



Sími



Netið



Sjónvarp



## „ORÐRÉTT“

## Heræfing í óþökk

„Meginþorri Íslendinga hefur ítrekað lýst andstöðu sinni og andstyggð á Íraksstríðinu.“

STEFÁN PÁLSSON HERNÁÐAR-ANDSTÆÐINGUR VILL EKKI SJÁ AMERISKA DÁTA Á HERÆFINGUM VIÐ ÍSLANDS.

Fréttablaðið 14. ágúst.

## Færanlegur bíll

„Það er í rauninni bara stór bíll.“

LÖGREGLUSTJÓRINN STEFÁN EIRÍKSSON ER STÓRHUGA OG HYGGST SENDA FÆRANLEGA LÖGREGLUSTÖÐ Á FLAKK UM MIÐB/EINN.

Fréttablaðið 14. ágúst.

# tilveran

nær og fjær

## SJÓNARHÓLL

HERÆFINGIN NORÐURVÍKINGUR

## Önnur verk-efni brýnni

„Ég sé ekki alveg tilganginn með þessari æfingu og held að Íslendingar hafi lítinn ávinning af henni. Mér finnst eins og við séum að lána út landið fyrir heræfingar sem hafa lítið með okkar öryggi að gera,“ segir Finnur Dellsén heimspekinemi um heræfinguna Norðurvíking sem hófst í gær. „Þetta er dýrt verkefni og maður veitir því fyrir sér hvort ekki væri skynsamlegra að setja þessa peninga í eitthvað annað, til dæmis nota þá til að efla landhelgisgæsluna og björgunarsveitir eða kaupa fleiri björgunarbýrur. Er það ekki meira aðkallandi fyrir öryggi Íslendinga? Þarna er annars vegar verið að æfa loftvarnir og hins vegar varnir gegn hermdar- og hryðjuverkum. Hversu margir deyja af völdum hryðjuverka á Íslandi. Væri ekki nær að bæta öryggi sjómanna til dæmis?“ segir Finnur.

„Það er almenn tilhneiging í þjóðfélaginu að búa til hræðslu og þarna er gert mikið úr einhvers konar hernaðarhættu sem ég held að sé ekki svo mikil.“



FINNUR DELLSÉN HEIMSPÉKINEMI

## Bónus ef löggan lumbrar á okkur

Samtök hernaðarandstæðinga standa fyrir Róttæklingarölti á menningarnótt. Þar verður gengið um sögu söglóðir mótmæla í miðborg Reykjavíkur og sögur sagðar af til dæmis Þorláksmessuslagnum og einu raunverulegu „atvinnuótmælendum“ á Íslandi.

„Þetta verður engin smáræðisganga,“ segir Stefán Pálsson hernaðarandstæðingur, sem, ætlað er að lóðsa gesti um róttæklingaslóðir. „Við leggjum af stað frá Iðnó og þrjónum okkur í gegnum miðbæinn; staðnæmumst þar sem fræg átök hafa átt sér stað eða mótmæli þar sem hefur skorðið í brýnu við lögreglu. Þá verður komið við á stöðum þar sem þekktar sellur úr róttæku áttinni, einkum í friðarbaráttunni, höfðu aðsetur.“

Stefán segir að gangan kallist á við göngu um sögu söglóðir samkynhneigðra á dögunum en hugmyndin sé þó gömul. Áður hafi verið farin ganga sem þessi, þó aðra leið, en sú átti eftir að draga dilk á eftir sér að mati Stefáns. „Þar var með í för ungur, feiminn sagnfræðingur að nafni Guðni Th. Jóhannesson en það kemur fram í inngangi bókar hans, *Óvinir ríkisins*, að sögunar sem hann heyrði í



STEFÁN PÁLSSON Segir meiri hefð fyrir mótmælum á Íslandi en oft er látið að liggja og að miðbærinn hafi lengi verið kraumandi suðupottur í þeim efnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

göngunni hafi ýtt honum út í að rannsaka hleranir stjórnvalda hér á landi, með þekktum afleiðingum. Það eru því allar líkur á því að út frá göngunni á laugardag verði skrifaðar æsilegar bókmenntir.“

Íslendingum er oft borið á brún að vera latir við mótmæli. Stefán segir það ýkjur og þess vegna sé ganga sem þessi mikilvæg. „Þetta er þá vitundarvakning fyrir þá sem þurfa á því að halda. Miðbærinn hefur lengi verið kraumandi suðupottur mótmæla, enda kannski erfiðara að efna til almennilegra mótmæla í Grafarvogi eða Borgarnesi. Þetta er bundið við miðborgina enda blómstruðu hér róttækar prentsmiðjur og fleira.“

Átökin á Austurvelli í mars 1949 eru líklega þekktustu mótmælin á Íslandi. Stefán segir þó ekki mega gera lítið úr atburðum á borð við Þorláksmessuslaginn í Bankastræti 1968. „Þetta er sá atburður eftir óeirðirnar við Austurvöll þar sem slær hvað mest í brýnu á milli mótmælenda og lögreglu. Að mörgu leyti markaði hann upphafið að ansi rýsjöttum samskiptum lögreglu og mótmælenda næstu áratugi.“ Og Stefán minnir á að margt fleira merkilegt hafi átt sér stað á Austurvelli en upphöfn 1949. „Þar mótmæltu til dæmis einu raunverulegu „atvinnuótmælendum“ Íslands. Þegar sjónvarpsþátturinn Good Morning America var sendur út héðan á 10.

áratugnum voru nokkrir mótmælendur handteknir. Þær handtökur voru síðar dæmdar ólöglegar og þeim sem voru handteknir dæmdar skaðabætur. Fyrir vikið hafa þeir ávallt skilgreint sig sem atvinnuótmælendur því þeir fengu jú greitt fyrir mótmæli.“ Gengið verður að Friðarhúsinu á horni Njálsgötu og Snorrabrautar, þar sem boðið er upp á staðgöða grænmetisúpu. Ókeypiss er í gönguna og hún öllum opin en Stefán kveðst þó ekki geta lofað afskiptum lögreglu á meðan á henni stendur. „Það væri óvæntur bónus ef löggan lumbrar á okkur eða sprautar á okkur táragsi en ég býst við að hún verði upptekin við önnur störf.“ bergsteinn@frettabladid.is

Sigurður Líndal kynntist ólíkrí lífssýn róttæklinga og andstæðinga þeirra:

## Er löglegt að fara svona með mann?

Sigurður Líndal lagaprófessor var oft beggja vegna víglínunnar í stormum sinna tíða og oft hitnaði mönnum í hamsi. „Ég hef bæði verið kallaður fasisti og kommúnisti eftir því sem hentaði tilefninu,“ segir hann og hlær við.

Einn er sá atburður sem er honum minnisstæðari en aðrir þar sem kristölluðust ólík sjónarmið þeirra sem voru á öndverðu meði í þjóðfélagsmálum. „Líklega hefur það verið á 7. áratugnum. Ég var á gangi eftir Bergsstaðastræti þar sem ekur að mér bíll og bílstjórinn spur: „Er löglegt að fara svona með mann?“ Þarna var á ferð maður að nafni Kristján Arngrímsson, bróðir Jósafats Arngrímssonar lögmanns, og ég sé að hann er eitthvað lemstráður og skyrta hans í hænglum. „Ja, er hvað ólöglegt?“ spur ég og hann svarar að kommúnistaskríll hefði lamið sig að tilefnislausu. Ég svar-

aði að öllu jafna væri það ekki löglegt, með þeim fyrirvara að ég þekkti ekki málavöxtu og ráðlagði honum að leita til lögreglu ef hann teldi að á sér hefði verið brotið.

Daginn eftir fletti ég Þjóðviljanum og sá þar frétt sem vakti athygli mína. Þar var sagt frá því að Keflavíkurganga hefði farið vel fram að flestu leyti fyrir utan að óður Heimdellingur hefði reynt að aka á mannþvöguna og lá næstum við slysi. En sem betur fer tóku vaskir göngumenn sig til og veittu bílstjóranum rækilega hirtingu en það var víst téður Kristján Arngrímsson.

Þetta fékk mig til að íhuga orð sem Jósafat, bróðir Kristjáns, lét eitt sinn falla þegar hann skaut skjólshúsi yfir ölpýrsta laganema eitt sinn: „Til eru þrjár hliðar á hverju máli: mín hlið, þín hlið og sannleikurinn.“ Hver sannleikurinn var í þessu máli veit ég ekki.“ -bs



SIGURÐUR LÍNDAL Man vel eftir heiftinni sem hljóp oft í menn þegar deilt var um þjóðfélagsmál.

Nýtt! Gras.is beint á skjáborðið þitt!

Gras.is hefur sett upp vefþjónustu (Gagdet) sem tengir þig beint við fréttirnar, án þess að þurfa opna vafrann þinn!



# Öflugar og flottar á góðu verði!



## Satellite Pro L40-136

Örgjörvi:	Intel Core Duo T2130 / 1.86 GHz
Vinnsluminni:	1024MB 533MHz DDR2
Skjár:	15,4" TFT WXGA 1280 x 800
Skjástýring:	Intel GMA 900
Harður diskur:	80GB, S.M.A.R.T
Skrifari:	8x DVD±RW Dual layer
Netkort:	10/100 netkort & 56k v.90 modem
Práðlaustekort:	802.11 b/g
Vefmyndavél:	Nei
Mús:	Snertimús
Stýrikerfi:	Windows Home Basic
Ábyrgð:	2 ár
Vörunúmer:	TOSL40136

Aðeins  
**69.900** kr./stgr.  
Takmarkað magn!



## Satellite Pro A200-1KQ

Intel Core Duo T2130/1.86 GHz
2048MB 667MHz DDR2
15,4" TrueBrite WXGA 1280 x 800
Intel GMA 900GML
200GB, S.M.A.R.T
8x DVD±RW Super Multi
10/100 netkort & 56k v.90 modem
802.11 b/g
Nei
Snertimús
Windows VISTA Business
2 ár
Vörunúmer: TOSA2001KQ

**TOSHIBA**

Aðeins  
**89.900** kr./stgr.

## Gerð verðsamanburð!



### Satellite Pro A200-1A5

Örgjörvi:	Intel Core 2 Duo T7100P/1.8 GHz
Vinnsluminni:	1024MB 667MHz DDR2
Skjár:	15,4" TrueBrite WXGA 1280 x 800
Skjástýring:	Intel GMA 965 Crestline
Harður diskur:	120GB, S.M.A.R.T
Skrifari:	8x DVD±RW Super Multi
Netkort:	10/100 netkort & 56k v.90 modem
Práðlaust netkort:	802.11 b/g
Vefmyndavél:	1,3Mp vefmyndavél
Mús:	Snertimús
Stýrikerfi:	Windows VISTA Business
Ábyrgð:	2 ár
Vörunúmer:	TOSA2001A5

**TOSHIBA**

Aðeins  
**99.900** kr./stgr.



### Pavilion DV6317EU

AMD Turion 64 X2 TL-52 /1.6 GHz
1024MB 667MHz DDR2
15,4" Brightview WXGA 1280 x 800
Nvidia GeForce Go 6150
120GB SATA 5400rpm
8x DVD±RW Super Multi
10/100 netkort & 56k v.90 modem
802.11 b/g
Nei
Snertimús
Windows VISTA Home Premium
2 ár
Vörunúmer: HPGH789EA



Aðeins  
**99.900** kr./stgr.



### Pavilion DV6331EU

AMD Turion 64 X2 TL-56 / 1.8 GHz
2048MB DDR2
15,4" Brightview WXGA 1280 x 800
Nvidia GeForce Go 7200
160GB SATA 5400rpm
8x DVD±RW Super Multi
10/100 netkort & 56k v.90 modem
802.11 b/g
1,3Mp vefmyndavél
Snertimús
Windows VISTA Home Premium
2 ár
Vörunúmer: HPGH783EA



Aðeins  
**119.900** kr./stgr.



**SKRIFSTOFUVÖRUR**


Höfðabakka 3 • Reykjavík  
Sími 515 5105  
Opíð virka daga kl. 8-18

Borgartúni 29 • Reykjavík  
Sími 515 5170 • Opíð virka daga  
kl. 8-18 • laugardaga kl. 11-14

Glerárgötu 34 • Akureyri  
Sími 515 5160  
Opíð virka daga kl. 8-18

Svona erum við

>Fjöldi farsímaáskrifta á Íslandi (GSM og NMT)



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# baksvið

fréttir og fróðleikur

## FBI GREINING: TALNING Í VERSLUNARMÍÐSTÖÐVAR

# Sjálfvirkir teljarar og vettvangskannanir

Tölur um fjölda heimsóknna í Kringluna hafa vakið athygli síðustu daga. Fram kom á blaðamannafundi í tilefni af tuttugu ára afmæli Kringlunnar að heimsóknir landsmanna frá upphafi væru um 98 milljónir sem gera um 327 heimsóknir á hvern landsmann. Einnig kom fram að hver einstaklingur dvelur að meðaltali í 53 mínútur í hverri heimsókn og eyðir að meðaltali um 7.500 krónum á þessum 53 mínútum.

**Hvernig er lengd verrar heimsóknar mæld og eyðsla viðskiptavina?** Ein leið til að mæla lengd heimsóknna er með útgöngukönnun. Þá er staðið við útganga og fólk er spurt hvað það dvaldi lengi inni í verslunarmiðstöðinni. Ágætt er að dreifa könnuninni yfir nokkra daga og kanna heimsóknir á virkum dögum og um helgar. Þegar eyðsla er mæld eða önnur verslunarhegðun könnuð þá er gerð vettvangskönnun. Viðskiptavinir svara þá stöðluðum spurningalista um eyðslu og hvað þeir eru helst að kaupa í verslunarmiðstöðvunum hverju sinni.



heimild: m.a. Capacent Gallup

**Hvernig er fjöldi heimsóknna í verslunarmiðstöð mældur?** Verslunarmiðstöðvar eru gjarnan með teljara við innganga. Upplýsingarnar sem fást úr teljurunum eru síðan bornar saman við fjölda bíla á bílastæðum og þannig er fjöldi gesta reiknaður út. Þá skiptir líka máli að reikna út hversu margir farþegar eru í hverjum bíl. Slíkar tölur fara oft eftir því í hvaða landi viðkomandi verslunarmiðstöð er.

## SPURT & SVARAÐ HEIMSMARKAÐSVERÐ Á HRÁEFNI

### Veðurfar hefur verðáhrif

Heimsmarkaðsverð á ýmsu hráefni hefur hækkað verulega. Smjör, hveiti, kaffi, korn og olía hafa annaðhvort hækkað eða búist er við hækkan á næstunni. Andrés Magnússon er framkvæmdastjóri FÍ.



ANDRÉS MAGNÚSSON

**Hvað veldur þessari hækkan?** Í fyrsta lagi er það þetta afbrigðilega veðurfar í heiminum sem hefur ýmis áhrif, til dæmis á uppskeru. Í öðru lagi er stóraukinn kaupmáttur í Kína og Indlandi. Þegar svo stórir markaðir taka við sér eykst eftirspurn eftir sumum vörum eins og maís. Það er þyrjað að framleiða eldsneyti úr maís sem hefur auknið eftirspurnina mjög mikið og því verðið líka. Fyrsta ástæðan er vonandi bara tímabundin áhrif og gæti breyst á meðan tvær síðari eru komnar til að vera.

**Hvað með gengisþróun?** Ef krónan fer að gefa eftir þá er gefið mál að erlendar hækkanir og veiking á krónunni hafi áhrif á verðlag á innfluttum vörum.

# Framlag Íslands til varna NATO

Gagnger endurskoðun er nú að hefjast á starfsemi Ratsjárstofnunar, en stjórnvöld hafa tekið af allan vafa um að íslenska loftvarnakerfið verður rekið áfram. Erfitt gæti reynt að snúa til baka verði rekstri þess hætt, enda líklegt að ratsjár og annar búnaður yrði fluttur úr landi hættu íslensk stjórnvöld að nota hann.

„Þetta loftvarnakerfi er annars vegar framlag okkar til eigin varna, en ekki síður framlag okkar til sameiginlegra varna NATO,“ sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra, á fundi með fréttamönnum um framtíð íslenska loftvarnakerfisins í utanríkisráðuneytinu í gær.

Allur búnaður loftvarnakerfisins, þar með taldar

**ÞRjú KERFI** Íslenska loftvarnakerfið tengir nú loftvarnakerfi Evrópu og Bandaríkjanna, en verður eftir nokkrar vikur hluti evrópska kerfisins.

ratsjár og annað sem því við kemur, er í eigu Atlantshafsbandalagsins (NATO), en bandarísk stjórnvöld hafa í gegnum tíðina greitt allan kostnað af rekstri kerfisins. Eftir að brotthvarf varnarliðsins var ákveðið ákváðu Bandaríkjamenn að hætta að greiða fyrir kostnað við reksturinn, og taka því íslensk stjórnvöld við rekstrinum í dag. Geir H. Haarde forsætisráðherra óskaði í nóvember síðastliðnum eftir því að NATO legði mat á þarfir Íslands fyrir loftvarnir, og fjallaði hermálanefnd NATO um málið. Eins og rakið var í Fréttablaðinu í gær var það niðurstaða hermálanefndar NATO að Ísland þyrfti annars vegar að rekast loftvarnakerfið áfram og samræma það evrópska loftvarnakerfinu. Hins vegar þyrfti samninga um orrustuþotur, og mat herráðið það svo að æfingar með slíkum þotum að minnsta kosti fjórum sinnum á ári teldust nægjanlegar loftvarnir, svo fremi sem gerðar væru sérstakar ráðstafanir til viðbragða milli æfinga.

Á fréttamannafundi í utanríkisráðuneytinu í gær var vitnað í mat hermálanefndarinnar. Þar segir meðal annars: „Samþætt loftvarnakerfi Atlantshafsbandalagsins [...] er hornsteinn varnarstöðu þess. Það tryggir órjúfanleika loftrýmis Evrópuhluta bandalagsins ásamt því að það sýnir samtímis og styrkir pólitíska og hernadarlega samstöðu bandalagsins.“

Þar er kerfið sagt ómissandi: „Snör og rétt auðkenning allra viðburða í loftrýminu er eitt af meginhlutverkum samþætts loftvarnakerfis bandalagsins og frumskilyrði viðbragða við þeim. Því er altækt, virkt og öruggt auðkenningarkerfi ómissandi.“

Teikið er fram í mati hermálanefndar NATO að engin bráð ógn vofi yfir bandalaginu. Óháð því verði „loftrýmisefirlit og stýrikerfi, ásamt fullnægjandi herafli, að vera til staðar til þess að framkvæma loftrýmisgæsluhlutverk sem kallar á viðvarandi eftirlitsgetu til að fylgjast með flugumferð, ásamt því að hafa til ráðstöfunar fullnægjandi flugsveitagetu til þess að mæta þeim ef þörf er á“, eins og segir í matinu.

Íslenskum stjórnvöldum er ákveðinn vandi á höndum þar sem landið er herlaust. Vandinn felst í því að borgaralegir starfsmenn sem manna alla jafna ratsjárkerfið hafa hvorki þekkingu né heimildir til að leiðbeina herflugvélum á æfingum eða í aðgerðum. Ingibjörg Sólrún segir það verða leyst með þeim hætti að á meðan á æfingum eða aðgerðum standi komi sérstakir starfsmenn í fylgd með orrustuþotunum hingað til lands til að leiðbeina þeim af jörðu niðri. Miðað sé við að íslenskir starfsmenn lesi úr merkjum ratsjárstöðvanna, en sérfræðingar NATO gefi flugvélum fyrirmæli.



ÆFING Heræfingin Norðurvíkingur 2007 stendur nú sem hæst. Forsenda fyrir slíkum æfingum er að Ísland viðhaldi og reki ratsjárkerfi Ratsjárstofnunar, en nú er unnið að endurskipulagningu stofnunarinnar í sparnaðarskygni.

Á æfingunni Norðurvíkingur 2007 sem nú stendur sem hæst verður þessi háttur þó ekki hafður á, heldur er loftæfingum stýrt úr ratsjárflugvélum, eins og Fréttablaðið hefur greint frá. Ástæðan er sú að íslenska loftvarnakerfið er ekki samþætt evrópska kerfinu. Unnið er að því að samræma kerfin, en það getur tekið nokkrar vikur.

Þessar starfsaðferðir þýða enn fremur að hvorki íslenskir starfsmenn loftvarnakerfisins né stjórn-



FRÉTTASKÝRING  
BRJÁNN JÓNASSON  
brjann@frettabladid.is

## ÖLLUM SAGT UPP HJÁ RATSJÁRSTOFNUN

Öllum 47 starfsmönnum Ratsjárstofnunar var í gær sagt upp störfum, og hafa þeir sex mánaða uppsagnarfrest. Uppsagnirnar eru liður í endurskipulagningu og gagnræðingu innan Ratsjárstofnunar, segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra.

Ekki er ljóst hvernig breytingar eru framundan hjá Ratsjárstofnun, en Ingibjörg segir að margir starfsmanna verði að líkindum endurráðnir. Ratsjárstofnun starfrækir fjórar ratsjárstöðvar, eina í hverjum landsfjórðungi, auk stjórnstöðvar stofnunarinnar á Miðnesheiði á Reykjanesi.

Íslensk stjórnvöld taka í dag við rekstri kerfisins af bandarískum stjórnvöldum, sem hafa rekið kerfið frá því það var sett upp. „Kostnaðurinn [við rekstur Ratsjárstofnunar] var kominn niður í 1.200 milljónir hjá Bandaríkjunum, og nú liggur fyrir fjárlagabæði [Íslenskra stjórnvalda] fyrir næsta

## LJÓSLÉIÐARI RATSJÁRSTÖÐVA NÝTTUR

Mögulegt væri að auka gagnaflutningsgetu innanlands um 60 prósent með því að opna fyrir almenna umferð á ljósléiðarkerfi sem tengir ratsjárstöðvar Ratsjárstofnunar, segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra.

Ljósléiðararnir liggja hringinn í kringum landið og á Vestfirði, og tengja saman fjórar ratsjárstöðvar, eina í hverjum fjórðungi.

Bandarísk stjórnvöld greiddu Símanum 120 milljónir króna á ári fyrir viðhald og rekstur á þessu ljósléiðarkerfi, en Ingibjörg segir að mögulegt sé að opna fyrir nýtingu annarra á ljósléiðaranum, og þar með dreifa kostnaði við rekstur ljósléiðarans á fleiri aðila en Ratsjárstofnun. Þetta sé ein leið til að ná samlegðaráhrifum í því skyni að lækka kostnað við íslenska loftvarnakerfið.

512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

MESTARADEILDIN FORKEPPNI

LG Life's Good

Í DAG KL. 14:25  
TOULOUSE  
LIVERPOOL

Í KVÖLD KL. 18:30  
SPARTA PRAG  
ARSENAL

besta sætið

# VANDAÐAR ELDHÚSINNRETTINGAR

## SAMSETTAR OG ÓSAMSETTAR - gæði og frábær hönnun



Glæsilegar eldhúsinnréttingar frá einum stærsta og virtasta framleiðanda Danmerkur, TVIS-Kökkener as sem stofnsett var 1952.

[www.tvis.as](http://www.tvis.as)

### SAMSETTAR

afgreiðslutími ca. 6 vikur  
mikið úrval litir og uppröðun  
nýjustu efnin glæsileg hönnun



Háglans sand



Svart háglans



BALDONI  
KITCHEN FURNITURE

BK eldhúsinnréttingar eru framleiddar og sérsniðnar að kröfum um nútíma eldhús, notagildi og flott útlit.

### ÓSAMSETTAR

þú setur saman tilbúna á lager glæsileg hönnun  
**eitt hagstæðasta verð sem völ er á**



DUCALE  
Eik - innföld handföng



LINE  
Hvít lakkað háglans, handfanga-laús

[www.i-t.is](http://www.i-t.is)




- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 | [i-t@i-t.is](mailto:i-t@i-t.is)



EKKERT  
BRUÐ!

# Tæmum Iðufellið!



Opnum klukkan 9.00  
í dag!

Allar vörur í Iðufellinu

**30%**  
afsláttur  
við kassann

Bónusverslunin í Iðufelli lokar í vikunni.  
Allar vörur í versluninni verða seldar með  
30% afslætti í dag, miðvikudag og á morgun  
fimmtudag eða á meðan birgðir endast!




**Skemmtilegt að eiga íslenska vini**  
Vera María Bryggmann hefur lært mikið af því að dvelja í eitt ár á Íslandi sem skiptinemi.

NÁM 5



**Umskiptingar utan úr geimi**  
Kvikmyndin Transformers hefur vakið mikla athygli enda eru leikararnir umbreyttir bílar.

BÍLAR 2



# allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ



## Haust 2007

### ENGLABÖRNIN

Laugavegi 51 • s: 552 2201



„Stafgönguna nota ég til að æfa mig fyrir þessar tvær göngur og líka venjulegar fjallgöngur,“ segir Guðný, sem kvíðir ekki kuldanum á Kilimanjaro þar sem hún verður í hlýjum fatnaði frá 66°Norður.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Klífur hæsta fjall Afríku

Guðný Aradóttir stafgönguleiðbeinandi hefur sett sér tvö markmið á árinu. Hún ætlar í fjallgöngu á Kilimanjaro og þar á eftir í eitt og hálf maraþon í New York.

Guðný Aradóttir, einkabjálafari og stafgönguleiðbeinandi, undirbýr sig af fullum krafti fyrir fjallgöngu á Kilimanjaro, sem er hæsta fjall Afríku og jafnframt hæsta frístandandi fjall heims.

„Við erum fimmtán manna hópur sem förum á Kilimanjaro og ætlum að klifa það á fimm dögum, undir leiðsögn Haraldar Arnar Ólafssonar,“ segir Guðný. „Við byrjum á að fljúga til Keníu, til Naíróbí, og förum þar beint yfir til Tansaníu. Við byrjum síðan gönguna á þriðja degi frá því við lögðum af stað frá Reykjavík.“

Guðný segist hafa séð gönguna auglýsta hjá Ferðafélaginu um áramótin og langaði þá einmitt til að gera eitthvað umfangsmeira en áður. Hún hafði þegar talsverða reynslu af göngu og fannst fáar áskoranir hér eftir að hafa gengið Hvannadalshnúk

oftar en einu sinni. Það varð til þess að hún ákvað að fara.

„Það er ákveðin ögrun fölginn í þessu,“ útskýrir Guðný. „Þetta er 5.890 metra hátt fjall. Það er kannski ekki erfitt uppgöngu en það er líkamlega erfitt, því þarna þurfum við að takast á við þunnt loft. Gott form segir þó ekki alveg til um hvernig maður eigi eftir að bregðast við því. Það kemur í ljós.“

Ekki er nóg með að hópurinn eigi eftir að takast á við þunnt loft, fjallaveiki og líkamlegt erfið heldur má fastlega gera ráð fyrir að förin hefjist í allt að 35 stiga hita og endi í 20 stiga frosti ef ekki meira uppi á toppnum.

Guðný ætlar ekki að láta þar staðar numið heldur tekur þátt í einu og hálfu maraþoni í New York í október sem gengið er í þágu rannsókna á brjóstakrabbameini kvenna. „Við erum nokkrar sem ætlum út, en ég fékk það starf að hjálfa hópinn. Þetta eru verkefni sem ég ætla að takast á við á árinu. Ég er að verða 55 ára og það er fínt að setja sér markmið á hverjum tímamótum.“

roald@frettabladid.is

GLEÐISALA

G L E D I S A L A

**-25% af Öllum vörum!!**

til 20. ágúst

Fyrstir koma....

GLUGG-INN

Fakateini 11, Rvk. s.8611004

ÁGÚST

**Kafbátur mánaðarins**

**TÚNFISKBÁTUR**

...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða

**6 tommu bátur kr. 299**

Gildir í ágúst 2007  
Gildir ekki með öðrum tilboðum  
Gildir ekki í Stjórnarmáli

**SUBWAY**

Ert þú á leiðinni út úr bænum?  
Þú færð kafbát allan sólarhringinn  
á NL Artlanshöfðun og NL Hringbraut



**Þýskar álkerrur** fyrir fjölskylduna, verktakann, sveitarfélagið. Vandaðar kerrur frá einum stærsta framleiðanda Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í gegn síðustu ár. Sumarsendingin nýkomin. Leitið upplýsinga og skoðið hið mikla úrval. Margar stærðir og gerðir.

**N1 Langatanga 1a - Mosfellisbæ - Sími: 566 8188**  
Fjarðanet hf. - Grænigarður - Ísafjörður - S.470 0836

**ÓL - BÍLAVERKSTÆÐI**

Bremsuviðgerðir  
Almennar viðgerðir  
Smurþjónusta  
Fljót og góð þjónusta

Skemmuvegur 22 - 200 Kópavogur  
S. 555 3755 - 869 2259 - b.ol@internet.is

**Demants**

... kjarnaborar: 42 - 400 mm  
... slípibollar: 125 og 180 mm  
... sagarblöð: 125 - 800 mm  
Gæði og gott verð.

**ÞÓR HF**  
REYKJAVÍK - AKUREYRI

ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is

**Rafmagnstaliur**

**DEMAG**  
Keðjutaliur og vírataliur  
Aflið nánari upplýsinga hjá sölumönnum.

**ÞÓR HF**  
REYKJAVÍK - AKUREYRI

ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is

**BIFREIÐAVERKSTÆÐI**  
**FRÍÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.**

Smiðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi  
Sími: 567 7360 · www.bfo.is

Þjónusta Þjónusta Þjónusta



Hatrömm barátta góðs og ills.

## Umskiptingar utan úr geimi

Kvikmyndin *Transformers* er ólík flestum öðrum myndum þegar kemur að aðalleikurum hennar, en í *Transformers* eru það nokkrir bílar sem fara með aðalhlutverkin. Bílar sem umbreytast í margslungin og misjafnlega innrætt vélmenni utan úr geimi.

Ökutækini sem um ræðir í myndinni koma flest frá General Motors og alls var um 100 til 150 stykkjum fórnað við gerð myndarinnar – því varla hefði tekið því að taka þá í sundur og setja saman trekk í trekk. Vondu „karlarnir“ eru hins vegar aðallega leiknir af hernaðartólum, til dæmis MH-53 þyrllu og F-22 Raptor herþotu, en einn þeirra er þó bíll.

Helsti „kappi“ myndarinnar, Bumblebee, er byggður á 1976 árgerðinni af Camaro með ýmsum nútímaútfærslum en aðrir „leikarar“ í myndinni sem eru af bílakyni eru Ironhide, „leikinn“ af Chevrolet SSR, Ratchet H2, sem er leikinn af klassískum en verulega breyttum Hummer, Autobot Jazz, sem leikur lítið hlutverk, breytist úr Pontiac Solstice, kraftalegur Peterbilt-trukkur, umbreytist í sögu-mann myndarinnar Optimus Prime og svo er það vondi karlinn Barricade sem breytist úr Saleen Mustang S281 bifreið.

Barricade kom nánast óbreyttur frá framleiðandanum, svo það eina sem bílasérfræðingar myndarinnar þurftu að gera til að koma honum í karakter var að koma ljósum fyrir á framhliðinni, skipta um stuðara og setja á hann merki lögreglubíls. Vélin er hins vegar ekki hin hefðbundna sem er í þessum bílum; 335 hestafla og 4,6 lítra V8 vél, heldur örllítið kraftminni, eða 300 hestöfl,



Hver gæti trúað því að þessi „fríðsælu“ farartæki gætu umbreytt í tryllt hátækni-vélmenni?

til að ráða betur við Pirelli P. Zero hjólbarda sem settir voru undir bílinn.

Leikstjóri myndarinnar, Michael Bay, þurfti að vanda sérstaklega til verksins þegar hann valdi þessa vagna en allir nema Barricade koma frá General Motors og þekkti leikstjórninn vel til því áður hafði hann leikstýrt og framleitt nokkrar auglýsingar fyrir þá. Til gamans má geta þess að hann var enn fremur með þeim fyrstu sem festu kaup á Chevrolet SSR pallbíll til einknota.

Framleiðandinn General Motors var ákafur í að taka þátt í verkefni, því auglýsingagildi þess að vera með í slíkrri mynd er gríðarlega mikils virði – sérstaklega að eiga bílana sem leika „góðu karlana“.

Annað er að segja um vondu karlana og því eru þeir aðallega leiknir af hervélum, að undanskild-

um Barricade, en sá er eins og áður segir leikinn af Saleen S281 Mustang bifreið sem minnir óneitanlega á Ford Mustang.

Saleen-fyrirtækið er, á bandarískan mælikvarða, hálfgerður dvergur á markaðnum og greip því gæsina þegar því bauðst að láta framleiðslu sína í myndina. Fyrir Ford, sem þegar eru gríðarlega öflugir framleiðendur, hefði hugsanlega ekki verið hagstætt að sjá heila kynslóð vaxa úr grasi leikandi sér með Mustanginn þeirra sem einhvers konar illvirkjavél, en fyrir Saleen eru hins vegar kostirnir fleiri en ókostirnir og því var engum vandkvæðum bundið hjá þeim að skrifa undir samninga við framleiðendur Transformers og Habro sem framleiddu leikföngin. Bíllinn er í það minnsta kominn á blað og allir vita að um kraftmikið tryllitæki er að ræða.

mhg@frettabladid.is



Vinnupallar í mörgum stærðum og gerðum, allt eftir þínum óskum.

**Sjá nánar á topdrive.is**

topdrive.is Smiðjuvellir 3 Keflavík Sími: 422-7722



Einstaklega skemmtileg og vönduð vinnutjöld, fánleg í stærðum frá 50-300fm.

Topdrive.is

## Vinsæll smábíll

EFTIRSPURNIN MIKIL EFTIR NÝJA SMÁBÍLNUM FRÁ FIAT.

Fiat 500 kom fyrst fram fyrir 32 árum og vakti nokkra athygli þegar framleiðandinn greindi frá þeirri fyrirætlan sinni að endurútgefa þennan vinsæla smábíl.

Fiat 500 er framleiddur í Póllandi og hafa þegar verið búnir til um 58 þúsund bílar. Ætlunin er að framleiða um 120 þúsund bíla á ári. Aðeins eru nokkrar vikur síðan bíllinn fór í sölu og hefur eftirspurnin verið mikil. Mesta salan er á Ítalíu en einnig hefur talsvert verið selt af honum í Frakklandi.

Í Bretlandi verður hann seldur undir merki Ford Ka. Hvort bíllinn verði til sölu á Íslandi er ekki enn vitað.

Nokkur viðsnúningur hefur orðið á rekstri Fiat-verksmiðjanna sem voru lengi reknar með tapi. Á fyrri helmingi þessa árs jókst sala nýrra Fiat-bíla um 12 prósent og var rekstrarhagnaður helmingi meiri en á sama tíma í fyrra. Frétt fengin af www.billinn.is



Fiat 500 var fyrst framleiddur fyrir 32 árum.





Ewan McGregor og Charlie Boorman kátir á leiðarenda. NORDICPHOTOS/AFP

# Löng leið niður

**Ewan McGregor og Charlie Boorman eru komnir á leiðarenda eftir 24 þúsund kílómetra langa hjólaferð.**

Leikarinn Ewan McGregor lagði í maí af stað í mikri mótörhjólaferðalag ásamt besta vini sínum Charlie Boorman frá o'Groats í Skotlandi. Í byrjun ágúst komu þeir á áfangastað í Höfðaborg í Suður-Afríku eftir að hafa lagt að baki 24 þúsund kílómetra.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem þeir félagar leggja land undir hjól. Árið 2004 fóru þeir frækna för frá London til New York í gegnum Evrópu, Rússland og Kanada. Afraksturinn af því voru sjónvarpsþættir og metsölubók undir heitinu Long Way Round. Ferðin

sem þeir luku nú gengur hins vegar undir heitinu Long Way Down.

McGregor og Boorman lögðu eins og áður sagði af stað frá Skotlandi og sem leið lá um England, Frakkland, Sviss, Ítalíu, Síkiley, Túnis, Líbíu, Egyptaland, Súdan, Eþíópíu, Keníu, Úganda, Rúanda, Kongó, Tansaníu, Malaví, Sambíu, Namibíu, Botsvana og enduðu í Höfðaborg í Suður-Afríku.

Fákar þeirra féлага eru af gerðinni BMW R1200 Gs Adventure en það eru greinilega traust hjól því þau báru þá einnig í fyrri ferð þeirra. Hjólin hafa þó verið peppuð upp með ýmsum aukahlutum en þekktu má hjólin í sundur á því að hjól McGregors er málað með sebraröndum en Boorman er á hjóli með hlébarðamynstri.

# Nýir DeLorean á næsta ári

**Back to the future vikur fyrir Simpson-fjölskyldunni.**

Aftur til framtíðar eða „Back to the future“ var gríðarlega vinsæl kvikmynd þegar hún kom út árið 1985. Þar spilaði stórt hlutverk bíll af gerðinni DeLorean sem var búíð að breyta í tímavél.

Í fjórtán ár hefur Universal Studios í Hollywood haldið úti sýningu á munum úr myndinni og hluti af skemmtigarði Universal er byggður á kvikmyndinni. Nú á hins vegar að loka þeim hluta sýningarinnar og DeLorean-bifreiðin vikur fyrir nýrri sýningu sem

byggð er á Simpson-fjölskyldunni sem nýtur ómældra vinsælda um þessar mundir.

Mánaðarlöng niðurtalning að endalokum sýningarinnar hófst nýlega og við það tækifæri mætti leikarinn Christopher Lloyd sem túlkaði brjálaða vísindamanninn svo eftirminnilega.

Þess má geta að DeLorean Motor Co. í Texas, sem sérhæfir sig í að gera upp gamla DeLorean-bíla, hefur ákveðið að framleiða takmarkað upplag af nýjum DeLorean á næsta ári. Síðasti bíllinn af þeirri gerð rúllaði af færbandinu á Norðurlandi árið 1982.



Leikarinn Christopher Lloyd við DeLorean-tímavélina.



## Byggt úr sandi

HUGMYNDAÞÍLL Í NÝRRI MYND.

Hugmyndabíllinn Chevy Volt vakti verðskuldaða athygli í keppni í sandmótun sem haldin var í Vancouver fyrir skömmu. Heimsmeistarinn í sandmótun, Peter Vogelaar, átti heiðurinn að listaverkinu en hann hefur sérhæft sig í mótun listaverka úr sandi og snjó.

## Núllsýn að engu

DAUÐASLYSUM FJÖLGAR Í SVÍÞJÓÐ

Síðustu ár hefur dauðaslysum fækkað í Svíþjóð. Margir þakka það átaki sem kallast núllsýn og var fyrst hafið árið 1997 og stefnir að því að fækka árlegum dauðaslysum í umferðinni á tilteknum tíma niður í núll. Samkvæmt þeirri áætlun hefðu dauðaslysin í ár átt að vera 270 en þeirri tölu var þegar náð í lok júlí. Áætlunin er því þegar farin úr skorðum enda er búist við talsverðri fjölgun dauðaslysa þegar hausta tekur.



**6. umferð dagana 16.-18. ágúst**

**Ræsing við Perluna 16.ágúst kl: 17:00**

**Lýkur við Max1 Bíldshöfða 18.ágúst kl: 16:00**

**Sérleiðir eknar innanbæjar:**

- fimmtudag 16/8 Gufunes kl: 19:15
- föstudag 17/8 Gufunes kl: 18:49
- laugardag 18/8 Geitháls/Hólmsheiði kl: 12:00

**Þjónustuhlé við Smáratorg 16/8 kl:20:15 og 17/8 kl:19:39**










www.rallyreykjavik.net



**Óvissuferð** Ferðafélags Íslands verður farin föstudaginn 1.-2. september. Brottför frá Mörkinni 6 í Reykjavík, kl. 8 út í óvissuna. Fararstjóri er Sigurður Kristjánsson. www.fi.is

# Síðsumarveisla Heimsferða

frá kr. **14.990**  
í ágúst og september

Frábær sértíloboð - síðustu sætin



Heimsferðir bjóða síðustu sætin í síðsumarsólinu austan hafs og vestan á frábærum kjörum. Tryggðu þér síðbúið sumarfrí á ótrúlegu verði! Nánar á [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is).

**Bókaðu núna!**

### Fuerteventura - síðustu sætin

21. ágúst	örfá sæti - 2 vikur	frá kr. 34.990
4. sept.	örfá sæti - 2 vikur	frá kr. 34.990

### Montreal - Kanada - síðustu sætin

16. ágúst	7 sæti	frá kr. 29.990
23. ágúst	19 sæti	frá kr. 29.990
30. ágúst	örfá sæti	frá kr. 29.990
6. sept.	örfá sæti	frá kr. 29.990
13. sept.	örfá sæti	frá kr. 29.990
20. sept.	örfá sæti - 8 nætur	frá kr. 29.990

### Mallorca - síðustu sætin

17. ágúst	örfá sæti - 2 vikur	frá kr. 44.990
24. ágúst	nokkur sæti	frá kr. 29.990
31. ágúst	nokkur sæti	frá kr. 29.990

### Costa del Sol - síðustu sætin

22. ágúst	örfá sæti	frá kr. 39.990
29. ágúst	nokkur sæti	frá kr. 39.990
5. sept.	nokkur sæti	frá kr. 39.990
12. sept.	nokkur sæti	frá kr. 39.990
19. sept.	örfá sæti - 10 nætur	frá kr. 44.990

### Króatía & Trieste - síðustu sætin

19. ágúst	10 sæti	frá kr. 24.990
26. ágúst	örfá sæti	frá kr. 24.990
2. sept.	örfá sæti	frá kr. 39.990
9. sept.	9 sæti	frá kr. 44.990
16. sept.	örfá sæti	frá kr. 39.990

### Alicante - Benidorm - síðustu sætin

16. ágúst	11 sæti	frá kr. 14.990
23. ágúst	16 sæti	frá kr. 34.990
30. ágúst	nokkur sæti	frá kr. 29.990
6. sept.	nokkur sæti	frá kr. 34.990
13. sept.	nokkur sæti	frá kr. 34.990
20. sept.	örfá sæti - 6 nætur	frá kr. 34.990

### Barcelona / Lloret de Mar - síðustu sætin

17. ágúst	14 sæti - vikuféð	frá kr. 49.990
24. ágúst	16 sæti - vikuféð	frá kr. 49.990
7. sept.	6 sæti	frá kr. 39.090
14. sept.	vikuféð - fullt fæði	frá kr. 49.990
21. sept.	11 sæti	frá kr. 39.090

Birt með fyrirvara um prentvillur, uppseldar brottfarir og verðbreytingar.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)



Kilimanjaro er hæsta fjall Afríku og hæst af þeim fjöllum sem ekki tilheyra fjallgarði og að auki eitt stærsta eldfjall heims.

## Gengið á Kilimanjaro

*Hér á eftir sést ferðatilhögun Guðnýjar Aradóttur og göngu- hópsins íslenska sem klífur Kilimanjaro.*

**Dagur 1:** Morgunflug frá Keflavík til London, Heathrow. Kvöldflug frá London til Naíróbí.

**Dagur 2:** Lent um morguninn í Naíróbí og ekið í suðurátt í gegnum umráðasvæði Masai-ættbálksins til Moshi, rétt við rætur fjallsins. Áætlað er að vera kominn seinni hluta dags á áfangastað. Hér verður farið yfir leiðangurinn ásamt innfæddum leiðsögumanni.

**Dagur 3:** Gangan hefst á fjallið, keyrt er frá Moshi að Nalemoru, sem er 1.950 metrar. Gengið í gegnum þéttan regnskóg og gresjur að Simba-búðunum sem eru í 2.600 m hæð. Á leiðinni má oft sjá apa og önnur skógardýr.

**Dagur 4:** Simba-búðir að Third Cave, sem er í 3.850 m. Leiðin er

sex kílómetrar. Nú hægist aðeins á göngunni þegar farið er yfir 3.000 metra hæð. Fyrri hluta dags er gengið yfir gresjur og oft má sjá villt dýr á leiðinni. Seinni hlutann er gengið um hrjóstruga landslag að hinum svokallaða þriðja helli.

**Dagur 5:** Í Third Cave er ráðgert að dvelja eina auka nótt til að aðlagast betur hæðinni. Hér er ágætt að fara í stutta göngutúra út frá búðunum.

**Dagur 6:** Frá Third Cave að School Hut, sem er í 4.750 metra hæð. Leiðin er 4 kílómetrar. Gangan verður erfiðari og erfiðari eftir því sem hæðin eykst. Eftir hádegi ættu allir að vera komnir að School Hut og líklegt að flestir hafi hægt um sig í þessari miklu hæð.

**Dagur 7:** Frá School Hut að Horombo Hut, sem er í 3.700 metrum. Gengnir eru 19 kílómetrar. Rétt eftir miðnætti er lagt af stað til að takast á við loka-áfangu göngunnar. Gengið upp

bratta hlíð að Gilman's-point og síðan er gengið í aðra tæpa þrjá tíma að Uhuru-tindinum, sem er 5.895 metra há. Horft er yfir víðfeðmar sléttur Austur-Afríku og hægt að sjá með berum augum að jörðin er kúpt. Ofan af tindinum er gengið rösklega alla leið niður að Horombo Hut.

**Dagur 8:** Frá Horombo Hut að Marangu Gate, sem er í 1.980 metra hæð. Leiðin er 18 kílómetrar. Þaðan er keyrt til Moshi þar sem hægt er að fara í langþráða sturtu.

**Dagur 9:** Ekið frá Moshi yfir í Amboseli-garðinn. Stoppað í hádegismat og svo farið í eftirmiðdagssafari um garðinn.

**Dagur 10:** Eftir morgunsafari og morgunmat er ekið sem leið liggur í gegnum landsvæði Masai-ættbálksins og út á flugvöllinn í Naíróbí.

**Dagur 11:** Lent í London og flogið til Íslands.



Miðaldaborg frá 11. öld

## Tallinn

Eistlandi

Borgin ein best varðveitta miðaldaborg Evrópu og er á minjaskrá Unesco. Þá er Tallinn með fallegri borgum Evrópu.

Kastalar, hallir, markaðir, næturlíf, ódýrar veitingar og verslanir. Úrval skoðunarferða.

Tallinn	Flogið beint frá Keflavík
22.-25. október	3 dagar og 2 nætur
26.-28. október	3 dagar og 2 nætur -helgarferð

Setjum upp sérstakar ferðir fyrir fyrirtæki og hópa eftir óskum.

Verð frá **56.180** kr.

Innfalið: Flug, skattar, hótél, morgunmat, rúta og fararstjórn

**Trans - Atlantic**  
Sími 588 8900

Trans-Atlantic sérhæfir sig í ferðum til Eystrasaltslanda. Verð miðast við gengi Evru 1. ágúst 2007

[www.transatlantic.is](http://www.transatlantic.is)



Gist verður í tvær nætur í Helsinki og helstu merkisstaðir borgarinnar skoðaðir.

## Til nyrsta odda Evrópu

Í september verður boðið upp á haustlítaferð til Lapplands og Norður-Noregs.

Um miðjan september mun T rex-Hópferðamiðstöðin efna til átta daga ferðar til Lapplands og Norður-Noregs. Dagskráin er fjölbreytt og hefst í Helsinki þar sem gist verður í tvær nætur. Þriðja daginn verður flogið til Lapplands þaðan sem haldið er í fjögurra dag ferð um norðurslóðir Finnlands og Noregs. Að lokum verður farið á lúxusferju til Stokkhólms þar sem gist verður síðustu nóttina. Ferðin ásamt upphaldi kostar 147.000 krónur. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni [www.trex.is](http://www.trex.is).



# Eignaðist góða fjölskyldu og vini á Íslandi

**Vera María Bryggmann er sautján ára svissnesk stelpa sem dvaldi í eitt ár á Íslandi sem skiptinemi. Henni finnst hún hafa lært heilmikið um sjálfa sig og aðra með því að fara að heiman.**

Vera býr í borginni Basel í Sviss og ákvað fyrir nokkrum árum að hana langaði til þess að fara eitt hvert sem skiptinemi til þess að kynna nýju fólki og öðrum síðum. „Fyrst vildi ég fara til Equador en svo ákvað ég að ég vildi frekar fara til Íslands, ég veit ekkert af hverju,“ segir Vera og hlær.

Áður en Vera lagði af stað til Íslands hittust allir skiptinemiarnir sem ætluðu til Norðurlandanna í undirbúningsbúðum og voru þar saman í tvo daga. „Það var mjög fínt að hittast og tala um

hvernig þetta yrði. Svo kom ég til Íslands og þá voru allir skiptinemiarnir á Íslandi saman í búðum fyrstu dagana. Eftir sex vikur hittumst við svo aftur í búðum, síðan á miðju tímabilinu og svo áður en við fórum heim. Það voru tvær aðrar stelpur frá Sviss á Íslandi um leið og ég, önnur var á Húsavík og hin í Vestmannaeyjum, en ég var ekki í miklu sambandi við þær.“

Vera var búin með þrjú ár í menntaskóla þegar hún kom til Íslands en menntaskólanám tekur fimm ár í Sviss. „Ég fór í Menntaskólann við Hamrahlíð sem er mjög fínn skóli. Vinkona mín frá Ítalíu var eini skiptinemiinn í MH fyrir utan mig og það var fínt að vera þar tvær í staðinn fyrir að vera fimm eða sex og vera alltaf saman. Mér fannst líka gaman að eiga íslenska vini og vera ekki bara með öðrum skiptinimum þó að það hafi verið gott fyrst.“



Vera er mjög ánægð með dvölinna á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Vera er mjög ánægð með dvölinna á Íslandi og segir að fjölskyldan hennar hérna sé alveg frábær. „Ég á mjög fína mömmu og pabba og systur sem var líka skiptinemi og kom heim í janúar og er mjög fín. Hún er ári eldri en ég og var í Argentínu og það var mjög gaman að fá hana heim, hún er líka svo góð. Svo átti ég líka tvo bræður, sextán ára og sjö ára.“

Vera segir að það hafi verið mjög gott að eiga svona lítinn bróður því það hafi hjálpað henni mikið þegar kom að því að læra íslensku. „Hann talaði bara íslensku við mig og var mjög duglegur að hjálpa mér að læra og líka fjölskyldan öll. Eftir svona tvo mánuði töluðu þau bara íslensku þó að ég talaði ensku við þau og ég skildi þau alveg. Ég fór svo sjálf að tala íslensku um jólin en þá var ég búin að vera í næstum því fimm mánuði.“

Veru örugglega eftir að nýttast henni í framtíðinni. „Ég veit um íslenska fjölskyldu í Basel og líka um krakka sem voru í MH og ætla að koma til Basel í háskóla svo ég ætla að vera dugleg að hitta þau. Svo tala ég íslensku við vini og fjölskyldu á Íslandi og skrifa þeim tölvupóst á íslensku.“

Vera segir að það að fara sem skiptinemi til annars lands sé eitt það besta sem hún hafi gert. „Ég hef lært mjög mikið um sjálfa mig og annað fólk. Það var ýmislegt sem kom mér á óvart og var öðruvísi en ég hafði ímyndað mér, til dæmis er svölitið mikið af hefðum á Íslandi, það er ekki svoleiðis í Sviss. Það er gaman og gott að eiga íslenska vini sem ég mun sakna mikið. Ég ætla að koma aftur um páskana og kannski kem ég aftur og bý á Íslandi í einhvern tíma,“ segir hún og hlær.

emilia@frettabladid.is

## Tveir nýir fjölskyldumeðlimir

**Aðalheiður E. Kristjánsdóttir segir að það þurfi ekki að vera mikið mál að vera með skiptinema á heimilinu en Vera bjó hjá henni og fjölskyldu hennar í eitt ár.**

„Það er náttúrulega bara skemmtilegt að vera með skiptinema á heimilinu þegar vel gengur,“ segir Aðalheiður sem hefur haft tvo skiptinema síðastliðna átján mánuði.

Þegar dóttir Aðalheiðar fór út til Argentínu sem skiptinemi tóku þau fyrst til sín átján ára strák frá Argentínu sem var hjá þeim í hálf ár. „Dóttir okkar var úti í Argentinu sem skiptinemi meðan hann var hjá okkur og fyrri hlutann af dvöl Veru, en hún var mjög spennt yfir því að við værum með skiptinema þegar hún kæmi heim eftir að hafa sjálf verið skiptinemi.“

Veru og sex ára syni Aðalheiðar samdi mjög vel og Aðalheiður telur að það geti verið gott að vera með lítil börn á heimilinu þegar skiptinemar dvelja þar. „Yngri krakkarnir eru miklu opnari að tala og tilbúnari að faðma að sér og knúsa og kyssa heldur en fullorðna fólk.“

Aðalheiður segir að það hafi haft mikil áhrif á þá ákvörðun að þau ákváðu að taka skiptinema að dóttirin fór út sem skiptinemi. „Mér finnst ótrúlegt að við Íslendingar sendum fullt af skiptinem-



Fimm manna fjölskyldan hennar Aðalheiðar varð sex manna fjölskylda um tíma.

um til annarra landa á hverju einasta ári en það virðist alltaf vera vandamál að finna skiptinimum heimili á Íslandi. Það virðist ekki vera neitt samræmi þar á milli. Þó að maður hafi mikið að gera þá bara tekur maður þessa krakka inn á þeim forsendum. Ég mæli að minnsta kosti með þessu og held að það sé hollt fyrir alla að kynna annarri menningu og læra kannski meira umburðalyndi en maður sýnir sínum nánustu.“

Þó að skiptinemiarnir séu báðir farnir heldur fjölskyldan ennþá

sambandi við þá. „Vera stefnir á að koma til Íslands um næstu páska en um áramótin verður hún með okkur úti í Austurríki. Svo er aldrei að vita nema við eigum eftir að heimsækja Hermann líka. Dóttir okkar fór í ferðalag til að heimsækja hann þegar hún var úti og hann var kominn heim og hans foreldrar tóku rosalega vel á móti henni. Ég held að það sé bara alltaf gaman að skapa sér tengsl annars staðar sem maður á örugglega eftir að rækta síðar.“

emilia@frettabladid.is

## Aukin ökuréttind - Meirapróf

### Nýlegir kennslubílar



Næsta námskeið byrjar 22. ágúst

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300

# Námskeið eru að hefjast

ítalska • spænska • enska • franska • þýska  
danska • japanska • portúgalska

HÁLABSKÓLINN  
**LINGVA**

Oddi Háskóli Íslands • s. 561 0315 • lingva@lingva.is  
www.lingva.is • S. 661 7163

Skráning er hafin á  
[www.lingva.is](http://www.lingva.is)

Gildir sem

# 5.000 kr.

inneign á

# haustnámskeið 2007













## Dagverðarnes - Skorradalur



Vínalegur og vel byggður sumarbústaður í landi Dagverðarnes í Skorradal. Bústaðurinn er 40,6 fm en svefnloft er yfir hluta hússins og er það ekki skráð í ferm.tölu. Stór verönd er umhverfis húsið með geysifögru útsýni inn Skorradal, yfir vatnið og út á Snæfellsjökul. Húsið stendur á 2.579 fm leigulöð. Útsýni er geysifagurt og veðursæld mikil í dalnum. Stutt á golfvöll og sundlaug. **Verð 14,0 millj.** Upplýsingar veitir Runólfur á Höfða fasteignasölu, s: 892-7798.

## Stóra - Fjall - Borgarbyggð



Vínalegur og kósý sumarbústaður í landi Stóra - Fjalls í Borgarbyggð. Skjólssæl verönd er við húsið og víðsýni mikil til fjalla og jökla. Lóðin er 6.900 fm leigulöð. Talsvert birkkjarr er á landinu auk trjáa sem hafa verið gróðursett. Innan við 1 klst akstur frá Reykjavík. **Verð 8,9 millj.** Upplýsingar veitir Runólfur á Höfða fasteignasölu, s: 892-7798.

## Land við Selfoss, Stórhólmi í Flóa



Landið er 42,8 hektarar mjög vel grasi gróid, gamlar engjar og mór. Landið er vel þurr og kjörð til búsetu, óviða er betra útsýni á fjallahringinn með drottninguna Heklu í aðalhlutverki. Í suður liggur landið að Holtsvægi en veiðilækurinn Völi er á vesturmörkum. Þarna er kjörð tækifæri fyrir þá sem vilja vera út af fyrir sig en þó í nálægð við alla þjónustu þéttbýlisins. Gott tækifæri til að eignast frábæran samastað út af fyrir sig á þessu eftirsóttu svæði fjarri skarkala og svifryki stórborgarinnar. **Ásett verð 45 millj.** Upplýsingar veitir Bjarni gsm. 660 6868 eða Runólfur á Höfða fasteignasölu, s: 892 7798.



Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast.sali - Kristín Pétursdóttir, lögg. fast.sali

**NESEIGNIR**  
Sími 535 0200 www.neseignir.is  
FASTEIGNASALA | ÁNANAUSTUM V/ SÓLVALLAGÖTU 84



Kári Kort  
gsm: 892 2506  
kari@neseignir.is

Gunnar Valdimarsson  
lögg. fasteignasali  
og vösk.traðingur  
gsm: 895 7838  
gunnar@neseignir.is

### Sogavegur 148 - 108 Reykjavík - 6 herb. OPID HÚS í dag og á morgun milli 6-7



Vorum að fá í einkasölu glæsilega nýstandsetta 6 herb. 134.4 fm efri sérhæð með bílsk. 4 rúmgöð svefnh. 2 bjartar stofur, önnur opin inn í nýstandsett eldhús. Baðh. með flisum hólf í gólf. Háaloft ca 60 fm ekki inn í matstólum FMR. Stór bílskúr og þv.hús ásamt geymslu. **Ásett verð 36,5 millj.**

Gunnar Valdimarsson, lögg. fasteignasali

**TIL LEIGU!**  
Præstarhófi Mosfellsbæjar  
Stærð: 227 fm  
Fjaldkerbergar 4  
Byggingarár: 2006  
Búskúr: Já

Nýtt einbýli til leigu frá 01.10.07

Óvenjg nýtt einbýli í Stórum Hálsinu á Mosfellsbæjar, í gólfgræni veltu, sunnlit og á gólfgræni. Stór og hárri eldhúsbúnaði, hár kúngóð bjartstofur, tvö baðherbergi, tvö stofur, tvö stofur og tvö stofur. Stór og hárri eldhúsbúnaði, hár kúngóð bjartstofur, tvö baðherbergi, tvö stofur og tvö stofur. Stór og hárri eldhúsbúnaði, hár kúngóð bjartstofur, tvö baðherbergi, tvö stofur og tvö stofur.

## SMÍÐIR

Erum með vana smiði á skrá sem eru klárir til vinnu.  
Kraftafl ehf S: 840-1616

### Kaffihúsið Kofi Tómasar frænda

óskar eftir jákvæðu og duglegu starfsfólki í vetur. Okkur vantar fólk í bæði fullt starf og hlutastarf.

Upplýsingar eru á staðnum.

### Hressingarskálinn

óskar eftir þjónum í fulla dagvinnu í vetur, helst reyndum.  
Ef þú ert jákvæð/ur, brosmild/ur og vinnuþjarkur, þá endilega komdu hingað á Hressó og fylltu út umsókn hjá okkur á Austurstræti 20.

### Vanur kranamaður

Erum með á skrá kranamann með réttindi á stóra Liebher krana.


Kraftafl ehf  
840-1616

## MÚRARAR

Erum með vana múrara á skrá sem eru klárir til vinnu.  
Kraftafl ehf S: 840-1616

## UPPFYLLING SF Gröfumenn og bílstjórar

Óskum eftir vönum vélamönnum og bílstjórum á ný og góða tæki. Nánari upplýsingar veitir Sigurður Gylfason í síma 892-1033 eða á netfanginu siggigylfa@hotmail.com.



### Frá Grunnskólanum í Hveragerði

Við Grunnskólann í Hveragerði er laus staða sérkennara á yngsta stigi.  
Nánari upplýsingar veitir skólastjóri og deildarstjóri sérkennslu í síma 483 - 4350

Skólastjóri

**NESEIGNIR**  
Sími 535 0200 www.neseignir.is  
FASTEIGNASALA | ÁNANAUSTUM V/ SÓLVALLAGÖTU 84

Olga Sofía Sergejsdóttir  
söluámaður og ritari

Gunnar Valdimarsson  
lögg. fasteignasali

Мы поможем Вам выгодно купить или продать недвижимость в Исландии, а также подготовим все нужные документы для получения кредита.

Консультации по телефону 535-0200 или 697-8604.

Gunnar Valdimarsson, lögg. fasteignasali

## Bílstjóri - Vélamenn

Glaumur óskar eftir bílstjóra og vélmönnum á vel útbúnað beltagröfur í veg- og gatnagerð á höfuðborgarsvæðinu.

Upplýsingar gefur Halldór í síma 8211230



## Afgreiðslustarf

Í fatafnadeld Virku. Viðkomandi þarf að hafa áhuga á tísku og saumaskap. Leitum að þjónustuliprum og jákvæðum einstaklingi. Um hlutastarf er að ræða.  
Reyklaus vinnustaður.

Sendið upplýsingar á dagbjort@virka.is



Mörkinni 3, 108 RVK.

## Atferlisþjálfarar vantar í spennandi sérverkefni

Starfsfólk óskast til að taka þátt í nýju sérverkefni tengdu atferlismótun einhverfra barna. Við bjóðum upp á samstarf og handleiðslu frá erlendum sérfræðingum sem eru leiðandi í atferlisgreiningu og meðferð einhverfra í Bandaríkjunum. Við leitum að fólki með menntun í uppeldisfræðum, sálfræði, eða þroskaþjálfun, en menntun og reynsla er þó ekki skilyrði. Áhugi á málefnum einhverfra og þessari tegund meðferðarleiðar er mikilvægur, þar sem um er að ræða mjög sérhæfða meðferð.

Ef þú hefur áhuga hafðu þá samband við Berglindi í síma 696-2802.



## Starfsfólk óskast!

Kaffitería Perlunnar óskar eftir starfsfólki í fullt starf. Við bjóðum upp á gott vinnuumhverfi og jákvæðan anda. Einnig vantar starfsfólk í uppvask.

The Pearls cafeteria is looking for full time staff. We offer you a good and positive work environment. We are also looking for dishwashers.

Hafið samband við Sigrúnu: 894-1141 eða Elvu: perlan@perlan.is

Contact Sigrun: 894-1141 or Elva: perlan@perlan.is.



## Verkamenn athugið!

Vegna aukinna verkefna óskar JB Byggingafélag eftir að ráða verkamenn til starfa í byggingavinnu.

Íslensku- eða enskukunnátta æskileg.

Leggjum áheyrslu á skemmtilegt starfsumhverfi, öflugt starfsmannafélag og ferðasjóð.

Upplýsingar gefur Páll Róbert í síma 693-7014 og Kristján Yngvason í síma 693-7005 Einnig er hægt að sækja um á www.jbb.is.

JB Byggingafélag, Bæjarlind 4, s: 544-5333



**KOKKARNIR**  
VEISLUPJÓNUSTA

Furðufiskar ehf sem reka meðal annars Kokkana veislupjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðin í Hagkaupum kringlunni og Smáralind. Vantar Bílstjóra sem starfar einnig við samantekt á vörum ásamt fleiru.

Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi mikla þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum því starfið er andlitt fyrirtækisins út á við.

Áhugasamir sendið tölvupóst á runar@kokkarnir.is eða hringið í síma 511-4466 milli kl 9 og 17 á virkum dögum.

Furðufiskar ehf  
Fiskilóð 81a  
101 Reykjavík



Fjölbrotaskólinn  
í Breiðholti

**Aðstoðarmann vantar í  
mötuneyti kennara strax.**  
Allar upplýsingar eru gefnar í  
síma 570 5600

Skólameistari.

Austurborgi 5 111 Reykjavík Sími 570 5600  
Símbref 567 0389 Tölvupóstur: fb@fb.is  
**www.fb.is**



**Sendibílstjóri**

J.B. Byggingafélag óskar eftir að ráða sendibílstjóra með meirapróf eða bílpróf tekið fyrir júní 1993

Upplýsingar gefa Ingvar Kárasón  
í síma 693-7008

Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu félagsins [www.jbb.is](http://www.jbb.is)

Hjá JB Byggingafélagi er boðið er uppá góða starfsaðstöðu og lífligt starfsmannafélag.

**JB Byggingafélag, Bæjarlind 4, s: 544-5333**



**Reykjavíkurborg**  
Leikskólasvið



## Skapandi störf með skapandi fólki

### Laus störf í leikskólum Reykjavíkurborgar næsta vetur

#### Leitað er eftir:

- Leikskólakennurum
- Starfsfólki með uppeldis- og háskólamenntun
- Starfsfólki með menntun eða reynslu á sviði lista
- Starfsfólki með fjölbreytta menntun og/eða starfsreynslu

#### Deildarstjórar

- Blásalir, Brekknaási 4, sími 557-5720
- Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350
- Hraunborg, Hraunbergi 12, sími 557-9770
- Hlíðarendi, Laugarásveg 77, sími 553-7911/869-7048
- Rauðaborg, Víðarási 9, sími 567-2185
- Vinagerði, Langagerði 1, sími 553-8085/693-9858
- Ösp, lðufell 16, sími 557-6989/693-9819

#### Leikskólakennarar/leiðbeinendur

- Álfaborg, Safamýri 32, sími 581-2488
- Austurborg, Háaleitisbraut 70, sími 588-8545
- Bakkaborg, Blöndubakki 2, sími 557-1240
- Blásalir, Brekknaási 4, sími 557-5720

- Fífuborg, Fífurima 13, sími 587-4515
- Geislabaugur, Kristnibraut 26, sími 517-2560
- Gullborg, Rekagranda 14, sími 562-2455
- Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350
- Hlíðaborg, Eskihlíð 19, sími 552-0096
- Jöklaborg, Jöklalesi 4, sími 557-1099
- Jörfi, Hæðargarði 27a, sími 553-0347
- Klettaborg, Dyrhömrum 5, sími 567-5970
- Laufskálar, Laufriima 9, sími 587-1140
- Laugaborg, v/Leirulæk, sími 553-1325
- Lækjaborg, v/Leirulæk, sími 568-6351
- Nóaborg, Stangarholti 11, sími 562-9595
- Rauðaborg, Víðarási 9, sími 567-2185
- Sólhlið, v/Engihlíð 6-8, sími 551-4870
- Sæborg, Starhaga 11, sími 562-3664
- Vesturborg, Hagamel 55, sími 552-2438
- Vinagerði, Langagerði 1, sími 553-8085/693-9858
- Ösp, lðufell 16, sími 557-6989/693-9819

Allar upplýsingar um störf veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum eða starfsmannafjónusta Leikskólasviðs í síma 411-7000. Allar lausar stöður í leikskólum Reykjavíkurborgar eru auglýstar á [www.leikskolar.is](http://www.leikskolar.is).

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf)  
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



*Að vinna við uppeldi barna eru forréttindi.  
Að sjá þau vaxa og þroskast er ævintýri!*

**Deildarstjórar, leikskólakennarar,  
sérkennarar og annað fagfólk  
óskast í leikskólann Ösp, lðufelli 16, Breiðholti.**

## Lærum saman í leik

Leikskólinn Ösp er þriggja deilda leikskóli. Unnið er út frá við hugmyndafræði heiltækrar skólastefnu og fjölmenningu.

Verið velkomin í heimsókn í leikskólann Ösp eða hafið samband við Svanhildi leikskólastjóra í síma 557 6989 / 693 9819

» Við leitum að fólki á öllum aldri,  
af báðum kynjum, með margs  
konar menntun og reynslu.



**Reykjavíkurborg**  
Leikskólasvið

[www.leikskolar.is](http://www.leikskolar.is)

FERSKAR KJÖTVÖRUR

## Starfsmaður óskast

Ferskar Kjöttvörur Og Furðufiskar óska eftir starfsmanni til að hafa umsjón með kjötborði okkar í Hagkaup.

Um er að ræða fullt starf.

Nánari upplýsingar veitir Ari í  
s: 6606300 eða Rúnar s:6994000



## Námsstefna - Stofnun samtaka

Uppeldi til ábyrgðar - Uppbygging sjálfsga  
(Restitution - Self Discipline)



Haldið í Kennaraháskóla Íslands

**Laugardaginn 18. ágúst 2007**

Álftanesskóli, Grunnskóli Grindavíkur og Útgáfufélagið Sunnhvöll ehf. í samvinnu við Kennaraháskóla Íslands standa fyrir námsstefnunni.

Aðalfyrirlesari: **Diane Gossen**  
upphafsmaður Uppeldis til ábyrgðar -  
Uppbyggingar sjálfsga

Dagskrá	Formleg stofnun áhugasamtaka um Uppeldi til ábyrgðar - uppbygging sjálfsga
13:00 - 14:30	• Diane Gossen - Þróun vinnuaðferða Uppeldis til ábyrgðar
14:30 - 15:10	• Nokkrir skólar kynna áherslur sínar og vinnu Uppeldis til ábyrgðar.
15:10 - 15:30	<b>Kaffihlé</b>
15:30 - 17:00	• Guðlaug Erla Gunnarsdóttir kynni niðurstöður rannsóknar sinnar um hagnýtingu vinnuaðferða Uppeldis til ábyrgðar- uppbygging sjálfsga. • Unnið að sáttmála og samþykktum fyrir samtökin. • Uppskeruhátið - Veitingar

Þátttakendur skrái sig fyrir 15. ágúst með því að senda tölvupóst á netfangið [alftanesskoli@alftanesskoli.is](mailto:alftanesskoli@alftanesskoli.is). **Þátttökugjald er 2.500 krónur.** Upplýsingar eru veittar í síma 540 4700 og á vef [Alftanesskóla](http://alftanesskóla.alftanesskoli.is) [www.alftanesskoli.is](http://www.alftanesskoli.is).

Upplýsingar er einnig að finna á vefsíðunum: [www.alftanesskoli.is](http://www.alftanesskoli.is), <http://skolinn.grindavik.is>, [www.sunnhvoll.com](http://www.sunnhvoll.com) og [www.khi.is](http://www.khi.is)

**Velferðarsjóður íslenskra barna styrkir Námsstefnuna**



REYKHÓLAR Unaður augans.

## Unaður augans vann

Reykholahreppur auglýsti í byrjun júlí eftir tillögum að slagorði fyrir hreppinn. Alls bárust 68 tillögur sem margar voru fram-bærilegar. Dómnafnd Reykhóla-hrepps var þó sammála um að

„Reykholar - unaður augans,“ bæri af. Það var Svavar Garðars-son frá Hríshóli sem átti tillög-una að hinu nýja slagorði eftir því sem fram kemur á fréttavefnum [www.skessuhorn.is](http://www.skessuhorn.is)

# Krakkarnir koma með tunnuna

Afturelding, Mosfellsbær og Íslenska gámafélagið hafa gert með sér samning um að koma Gænu tunnunni á hvert heimili í Mosfellsbæ.

Íslenska gámafélagið og Knattspyrnudeild Aftureldingar undirrituðu nýlega samstarfssamning sem gengur út á að Gámafélagið styrki barna- og unglingastarf Aftureldingar gegn því að knattspyrnukrakkar félagsins sjái um að dreifa Grænu tunnunni á heimili í Mosfellsbæ. Mosfellsbær sér svo um að niðurgreiða sorptunnurnar fyrir heimilin svo kostnaður vegna þeirra verður mjög lítill.

Græna tunnann er græn sorptunna sem nota á undir endur-

vinnanlegan úrgang og bætist því við sem sorptunna númer tvö á hverju heimili. Hún á að auðvelda fólki flokkun á sorpi þar sem ekki þarf lengur að fara með fernur, dagblöð, tímarit og þess háttar í grenndargáma og minnka magn þess sorps sem farið verður með til urðunar auk þess sem einnig verður mögulegt að flokka plast og málma.

Á næstu dögum munu fulltrúar Aftureldingar ganga í hús

Græna tunnann verður kynnt fyrir íbúum Mosfellsbæjar á næstu dögum.

í Mosfellsbæ og kynna Grænu tunnuna fyrir bæjarbúum og vonast þeir til þess að henni verði vel tekið þar sem þeir sem fá sér hana munu taka þátt í því að styrkja uppeldis- og íþróttastarf í Mosfellsbæ.



Útimarkaðurinn verður haldinn á milli Langholtsskóla og skólagarða.

## Útimarkaður

Árlegur útimarkaður íbúasamtaka Laugardals verður haldinn þann 25. ágúst. Þetta er í fimmta sinn sem markaðurinn er haldinn og í ár verður hann haldinn á túninu milli skólagarðanna og Langholtsskóla í Laugardalnum.

Markaðurinn er kjörið tækifæri til að selja gamalt dót úr geymslunni, nýja uppskeru sumarsins eða hvað annað sem hægt er að koma í verð. Ekkert kostar að vera með sölubás en hver og einn verður að koma með sitt borð og sinn búnað til þess að setja upp básinn.

Öll undirbúningsvinna fyrir markaðinn er unnin af sjálfboðaliðum og er auglýst eftir þeim en allar upplýsingar um markaðinn má finna á vefslóðinni <http://laugardalur.blog.is>.

**Gefðu dýrmætasta efni í heimi**

Hjálparstarf kirkjunnar  
[www.helptus.is](http://www.helptus.is)

**Auglýsingasími**

**512**  
**50**  
**50**

FRÉTTABLAÐIÐ

- Mest lesið



ERTU TILBÚINN Í SKÓLANN  
NIKE SKÓLABAKPOKAR OG FATNAÐUR

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

**ÚTILÍF**

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið.

**BT**  
LENDIR 16. ÁGÚST

**SENDU SMS  
BTC 300  
Á NÚMERIÐ 1900  
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!**

Vinningar eru **300 á DVD**,  
DVD myndir og margt fleira.

**9. HVER  
VINNUR!**

**SMS  
LEIKUR**

## STUÐ MILLI STRÍÐA Dreggjaf dags og sumars

SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR BÍÐUR SPENNT EFTIR HAUSTINU



Það hefur varla farið fram hjá mörgum að haustið nálgast nú óöflugla og húkir í raun bara rétt handan við hornið. Ég geri fastlega ráð fyrir því að margir séu þegar farnir að kvíða kuldanum, myrkrinu og þeim almenna ömurleika sem er yfirleitt tengdur við árstíðirnar löngu, haust og vetur. Ekki ég.

Þjartsýnisfólk virðist yfirleitt dýrka vorið, þegar allt vaknar til lífsins á ný og endurfæðingarnar leysa hver aðra af á meðan fuglarnir rækja sig. Mig klæjar í augun af frjókornaofnæmi. Sumrin eru vissulega voða notaleg, þannig séð,

ef að sólin nær að skáka votviðrinu og vindinum – sem er nákvæmlega sama veður og á öðrum árstíðum, en fer bara sjöfalt meira í taugarnar á fólk af því að það er sumar. Haustið er hins vegar vorið mitt. Þá finnst mér allt vakna til lífsins á ný, sem er auðvitað í beinni mót-sögn við það sem raunverulega á sér stað.

Það er bara eitthvað við þessa árstíð. Kannski hlýst ástúð mín gagnvart henni af því að ég á afmæli í september. Kannski af því að ég var alltaf spennt að byrja í skólanum, á nýju námskeiði eða að læra á nýtt hljóðfæri. Á haustin byrjar allt aftur, og mér finnst það enn, þó að skólabekkurinn sé ekki á dagskrá í ár.

Ætli það felist ekki í þessu einhver dulin rómantík, skyld þeirri sem fær fólk til að fylgjast með sólsetri eftir sólsetri, hvort sem það er skjálfaði úr kulda hér á norðurhveli eða í trópikaltreyju einhvers staðar sunnan við sól. Þetta er eitt-hvert millibilsástand – deginum, eða sumrinu, er lokið og við tekur limbó í nokkrar vikur, þangað til nóttin og veturinn tekur við.

Kannski tengist haustþrá mín leðurlyktinni sem mér finnst svo góð, að fá nýtt pennaveski fyrir skólann. Það er væntanlega best að ég fjárfesti í pennaveski, leir og litum í mánuðinum, bara svo að ég fái örugglega réttu tilfinninguna. Haustið kemur nú bara einu sinni á ári.

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



HÉR ERU AÐEINS ÖRFÁ SÝNISHORN:

# SPARI DAGAR

## Vertu Sparidaga megin í lífinu ...!!



### ..og þú gerir frábær kaup!



PIONEER bíltæki og hátalarar  
**20% AFSLÁTTUR**

**DVD TÓNLISTAR-DISKAR FRÁ KR. 690.-**  
Mikið og gott úrval - eitthvað fyrir alla!

**Pioneer**  
MED FULLKOMNA FORYSTU

PIONEER HEIMABÍÓ

Glæsilegt heimabíókerfi með DVD upptöku og hörðum disk



SPARIDAGAVERÐ: **69.900 kr** Áður kr.: 114.900



PIONEER MAGNARI

STÓRKOSTLEGUR MAGNARI – EINN SÁ ALLRA MAGNAÐASTI ...!!  
Nú á Sparidagaverði!

7 x 170W RMS @ 6 ohm · AIR Studios sérstílltur og THX Select2 vottaður · Sjálfvirk uppsetning með Auto-MCACC (hljóðnemi fylgir) · Fullkominn myndbreytir með þrjú HDMI tengi og styður 1080p HD upplausn · Forritanleg fjarstýring með skjá · FM/AM útvarp með RDS · iPod tengi · Spilar tónlist, sýnir ljósmyndir og iPod-valmyndina á sjónvarpi og skjá · Inngangar: 3 x HDMI, 7.1ch analog, 2 x coax digital, 5 x optical, 4 x RCA hljóð, 7 x RCA A/V, 3 x component, 4 x S-Video, 7 x composite, 1 x iPod · Útgangar: HDMI, 1 x RCA, 1 x RCA A/V, 1 x component, 3 x S-Video, 1 x optical, 4 x composite, 7.1ch pre-out

SPARIDAGAVERÐ: **109.900 kr** Áður kr.: 145.900

PIONEER HÁTALARAR

HÁGÆÐA HÁTALARAR á Sparidagaverði!



SPARIDAGAVERÐ: **67.900 kr**  
Áður kr.: 95.600

SAMSUNG



15" LCD SJÓNVARP · Skjáform: 4:3 · Upplausn: 640 x 480 · Birta: 450 cd/m<sup>2</sup> · Sjónarhorn: 160°/160° · Íslenskt textavarp Nicam stereo hljóð · SCART og VGA tengi

SPARIDAGAVERÐ: **34.900 kr**  
Áður kr.: 49.900

SHARP



37" LCD SJÓNVARP

· Upplausn: 1366 x 768 (16:9 widescreen)  
· Kontrast: 1200:1  
· frábær dýpt og litaskerpa  
· Svartími: 6 ms  
· Birta: 450 cd/m<sup>2</sup>  
· Sjónsvið: 176°/176°  
· Clear Flat hljóðkerfi  
· frábær og kraftmikill hljómur  
· Tengingar: HDMI, 2 x SCART, VGA/Component (D-Sub), AV/S-Video, USB

SPARIDAGAVERÐ: **169.900 kr**  
Áður kr.: 219.900

TOPP TÆKI - sjáðu afsláttinn!



**AEG**

HÁGÆÐA AEG ELDHÚSTÆKI Í MIKLU ÚRVALI

Ofn og helluborð:  
SPARIDAGAVERÐ: **65.900 kr**

Áður kr.: 103.613



Mínutugrill fyrir alvöru sælkera.  
SPARIDAGAVERÐ: **9.390 kr** Áður kr.: 10.990



Traustur og sterkur blandari - burstað stál  
SPARIDAGAVERÐ: **8.990 kr**  
Áður kr.: 10.900



**AEG**

AEG ÞVOTTAVÉL 1200 snúninga 6 kg. Fjöldi prógramma Íslenskt stjórnborð Íslenskar leiðbeiningar

SPARIDAGAVERÐ: **69.900 kr**

Áður kr.: 85.914



Kíktu inn...!!

FJÖLDINN ALLUR AF VÖNDUÐUM ELDHÚSTÆKJUM SEM LÉTTA STÖRFIN OG GERA MATREIÐSLUNA FJÖLBREYTTARI, SKEMMTILEGRI OG BETRI  
Á SPARIDAGAVERÐI!  
\*\*\*\*\*

LÚXUS GASHITARI Á VERÖNDINA. Þrýstijafnari fylgir.

SPARIDAGAVERÐ: **19.900 kr**

Áður kr.: 36.737



**TEFAL**



Eðal pottar og pönnur. Úlfar kokkur mælir með TEFAL  
**25% AFSLÁTTUR**



**Emile Henry**  
Poterie culinaire  
FRANCE

Frönsk leirvara. Frábært úrval. Eftirsótt um alla Evrópu.

**25-35% AFSLÁTTUR**

# ORMSSON

www.ormsson.is

ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800    ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800    ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900    ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535    ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333    ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751    ORMSSON RADIONAUST-AKUREYRI SÍMI 461 5000    ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515    ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038    ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900    ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477    ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160



kl. 20.30

Danskur djass í Heita pottinum á Akureyri á fimmtudag. Kvartett Dorthe Höjland (fer með tónleikagesti í draumaferð um hálendi Íslands í myndum og tónum. Stórkostleg upplifun af landinu með augum Fredriks Holm, sænsks ljósmyndara, og tónum Dorthe Höjland og félagar í Ketilhúsinu kl. 20.30.

## menning

menning@frettabladid.is

### Krafturinn á Klais í kvöld

Peir sem til þekkja segja að Klais-orgelið í Hallgrímskirkju sé Rolls í heimi kirkjuorgela. Svo mikið er vist að Kirkjulistahátíð lofar flugeldasýningu í kirkjuskipinu á Skólavörðuholti í kvöld þegar breski orgelleikarinn Christopher Herrick flytur glæsileg verk á gripinn. Á verkaskránni eru verk eftir Brahms, Farrington, Vierne, Buxtehude, Mozart og fleiri undir yfirskriftinni Orgelflugeldar. Þetta er í fimmta sinn sem Christopher Herrick kemur fram hér í Hallgrímskirkju og er það enn ein staðfestingin á því að alþjóðlegir organistar sækjast eftir að leika á Klais-orgelið í kirkjunni. Herrick hefur spilað inn á tíu diska í



útgáfuöldinni „Organ Fireworks“ þar sem hann leikur á þekkt orgel víðs vegar um heiminn og

hafa þeir hlotið frábærar mót-tökur hjá gagnrýnendum, Einn þeirra, sá sjöundi, var tekinn upp í Hallgrímskirkju. Christopher Herrick hóf tónlistarferil sinn sem kórdrægur í St. Paul's dómkirkjunni í Lundúnum. Að loknu námi var honum boðin staða sem aðstoðarorganisti við sömu kirkju. Eftir að hafa starfað þar í sjö ár var hann í tíu ár aðstoðarorganisti við Westminster Abbey. Á þeim tíma hélt hann yfir tvö hundruð tónleika auk skyldustarfa sinna við kirkjuna. Frá 1984 hefur Christopher Herrick starfað sem konsertorgelleikari í tónleikasölum og kirkjum víðs vegar um Evrópu, Norður-Ameríku og í Eyjaálfu. Tónleikarnir í kvöld hefjast kl. 20.

- pbb

### > Ekki missa af...

Þýska kvikmyndin Vier Minuten eftir Chris Krauss verður sýnd í Tjarnarbíói á Kirkjulistahátíð í kvöld kl. 20. Myndin hlaut verðlaun kirkjunnar á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík 2006. Myndin greinir frá Jenny, ungri konu sem situr í fangelsi fyrir manndráp. Að sýningu lokinni verða umræður

## Verk Kristjáns í Gallerí Fold á menningarnótt

Gallerí Fold opnar sali sína upp á gátt á menningarnótt: þrjár ólíkar sýningar verða á Rauðarárstígnum og að vanda verður dagskrá allan daginn og hið vinsæla happadrætti en vinningar þetta árið eru verk eftir tvo þeirra sem sýna: Kristján Davíðsson og Harald Bilson.

Víðfeðmi menningarnætur í borginni færir þetta árið út á Granda og upp á Miklatún. Þrátt fyrir að Gallerí Fold hafi verið út úr hafa þúsundir manna komið í heimsókn á menningarnótt, þegið kaffisopa og litið á hvað er í boði. Stóru tíðindin eru þetta árið sýning á málverkum Kristjáns Davíðssonar úr safni Braga Guðlaugssonar dúklingameistara, en hann er einn ötulasti safnari á landinu og á mikið safn verka eftir Kristján frá öllum tímum á afkastamiklum ferli meistarans. Verða á annan tug verka til sýnis úr safni Braga á menningarnótt. Þá verður sett upp stór sýning teikninga eftir Halldór Pétursson, hinn vinsæla og mikilvirka teiknara, og sýning með verkum Haralds Bilson.

Gallerí Fold þjófstartar með sýningunni á verkum Kristjáns úr safni Braga vegna níræðisafmælis Kristjáns sem var fyrir skömmu. Í vændum er stórsýning í Listasafni Íslands með vali verka frá hans langa og fjölbreytta ferli. Hann hefur lifað lengst allra málara af sinni kynslóð og tekist á við fjölbreytileg stílbrigði innan abstraktsins. Hann var hallari undir ameríska skólann í því sem þar í landi er kallað abstrakt-expressjónismi. Hefur Listasafnið



MYNDLIST Kristján Davíðsson varð níræður í sumar en sýning verka hans verður í Gallerí Fold á menningarnótt.

auglýst eftir verkum í einkaeign til sýningarhaldsins í haust, en fram til þess geta menn svalað áhuga sínum á list Kristjáns í úrvali verka hans úr eigu Braga Guðlaugssonar í Gallerí Fold.

pbb@frettabladid.is



KVIKMYNDIR Heimildarmyndin Klausrið er ein þeirra norrænu heimildarmynda sem hafa farið víða með tilstyrk Filmkontakt Nord.

## Yfirmaður óskast

Mannaskipti verða hjá Nordisk Filmkontakt um næstu áramót þegar ráða á nýjan framkvæmdastjóra samtakanna. Karolina Lidin sem hefur gegnt starfinu um árabil hættir og rennur umsóknarfrestur fyrir starfið út 17. ágúst. Karolina er mjög virt í heimi kynningar, dreifingar og fjármögnunar á heimildar- og stuttmyndum og hefur staðið sig afar vel í starfi.

Filmkontakt Nord (FkN) var sett á stofn 1991 af sjálfstæðum kvikmyndaframleiðendum á Norðurlöndum til að kynna framleiðslu þeirra um víða veröld. Samtökin bjóða upp á margs konar aðstoð við sölu og kynningu á heimildar- og stuttmyndum. Þau standa fyrir Nordisk Panorama sem fer milli fimm borga á Norðurlöndum. Á hátíðinni er markaður og fjármögnunarmessa. Höfuðstöðvarnar eru í Kaupmannahöfn og þar er rekið stórt safn heimildar- og stuttmynda, um 4.000 titlar, sem verið er að gera aðgengilegt í stafrænu formi.

Nýr framkvæmdastjóri Nordisk Filmkontakt ræður þriggja manna starfslíði og ber ábyrgð gagnvart Nordisk dóttir fulltrúi í stjórninni segir: „Hann þarf að vera vel verseraður í framleiðslu og kynningu á heimild-

ar- og stuttmyndum, hafa víðtæka reynslu í alþjóðlegum samskiptum og búa yfir góðu tengslaneti á því sviði. Hann verður að ráða yfir kunnáttu á Norðurlandamálum og ensku og vera fullfær um að tjá sig á þeim málum í ræðu og riti. Hann verður að vera leiðandi í hópstarfi og leita nýjunga í kynningu og fjármögnun verkefna Nordisk Filmkontakt.“ Kaup og kjör miðast við danska vinnurmarkaðinn en stofnunin starfar samkvæmt dönsku lagaumhverfi. Ráðið verður í starfið til fimm ára og er samningurinn með endurráðningarákvæðum ef ástæða er talin til.

Umsóknun skal skilað til John Webster, formanns, c/o Filmkontakt Nord, Vognmagergade 10, DK-1120 Copenhagen K. eigi síðar en 17. ágúst. Boðað er til viðtala valinna umsækjenda 14. september. Umsókn skal geyma ferilskrá og yfirlýsingu um kosti umsækjanda og markmið. Meðmæli ábyrgðarmanna í framleiðslu fyrir kvikmyndir og sjónvarp eru vel þegin. Frekari upplýsingar gefur John Webster í +358-500-615345; netfang: websters@dlc.fi og karolina@filmkontakt.com. Vefsíða Nordisk Filmkontakt er á www.filmkontakt.com.

- pbb

**Í DAG!**

**KIRKJULISTAHÁTÍÐ**  
MIÐVIKUDAGUR 15. ÁGÚST FESTIVAL OF SACRED ARTS  
2007  
11.-19. ágúst

12.00 TÓNLISTARANDAKT / KLAISORGELIÐ  
20.00 Í TJARNARBÍOI VIER MINUTEN! verðlaunuð kvikmynd eftir Chris Krauss.  
Kr. 1.000/600

20.00 ORGELFLUGELDAR  
Christopher Herrick við Klais-orgelið í Hallgrímskirkju flytur glæsileg orgelverk eftir Brahms, Farrington, Vierne, Dupré, Buxtehude o.fl.  
Kr. 2.000/1.500

ALLIR VIÐBURDIR FARA FRAM Í HALLGRÍMSKIRKJU NEMA ANNAÐ SÉ TEKIÐ FRAM

„Ég vil lofsungja þrottni“

WWW.KIRKJULISTAHATID.IS – SÍMI 510 1010 – MIÐSALA OPIN 9-17

**MR. SKALLAGRÍMSSON**  
- höf. og leikari Benedikt Erlingsson

Sjá sýningadagatal á www.landmannsnetur.is  
Miðspantel í síma: 437-1600

**Kvöldskóli Iðnskólans í Reykjavík**

Innritun í kvöldskóla Iðnskólans í Reykjavík stendur yfir á netinu, [www.ir.is/kvoldnam](http://www.ir.is/kvoldnam)

Aðstoð við innritun verður í matsal skólans, miðvikudaginn 15. og fimmtudaginn 16. ágúst frá kl. 17:00–18:30.

Allar nánari upplýsingar á [www.ir.is](http://www.ir.is)  
Kennsla hefst **miðvikudaginn 22. ágúst.**

**IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK**

## Herðubreið á bók

Í síðustu viku var haldinn blaðamannafundur í Vatnasafninu í Stykkishólmi og kynnt ný bók eftir Roni Horn sem geymir ljósmyndir hennar af íslenskum heimilum. Herðubreið á Home kallar Horn þetta nýja safn sitt en allar myndir í bókinni eiga það sameiginlegt að málverk eftir Stefán Jónsson frá Möðrudal sem kallaði sig Stórval prýða veggja þeirra heimila sem Horn hefur heimsótt og ljósmyndað. Stefán Jónsson tók að mála á gamals aldri en faðir hans Jón Stefánsson bóndi í Möðrudal var líka málari og sótti líka myndefnið í Herðubreið

sem setur sterkan svip á sjóndeildarhring Möðrudalsöræfa. Það er hið virta Steidl-forlag sem gefur bókina út í samstarfi við listvinina í Artangel en það hefur áður staðið að útgáfu myndabóka eftir Horn. Um tíma og eilífð fæ ég frægan sigur, orti skáldið og sannast það á ferli Stefáns Jónssonar að hann skuli um síðar lenda sem uppstaða í gáfumyndverkum konsept listamanns frá New York. - pbb



MYNDLIST Stefán Jónsson frá Möðrudal.

Eru allir  
**Tilbúðir í  
SKÓ/ANN**



*Glaðningur handa  
öllum kátum  
skó/akrökkum*

**NEXT**

Kringlunni sími 551 3200

# Nordisk Panorama nálgast

Norræna heimildar- og stuttmyndahátíðin, Nordisk Panorama, fer fram í Oulo í Finnlandi í síðustu viku september. Hátíðin fer sem kunnugt er milli nokkurra borga á Norðurlöndunum, var haldin í Árósum í fyrra og þar áður í Bergen. Báðar standa í skugganum af hátíðahaldinu í Reykjavík fyrir þremur árum



þegar slegið var aðsóknarmet sem frændum okkar gengur erfiðlega að jafna. Það eru samtökin Nordisk Filmkontakt sem styrkt eru af norrænu ráðherranefndinni sem standa fyrir þessari farandhátíð sem nýtur talverðrar virðingar í Norður-Evrópu en er líka sótt af fulltrúum víðar að. Hér gefur að líta rjómann af því sem er að gerast í norrænum kvikmyndaiðnaði utan leikinna mynda í fullri lengd. Að viðbættum heimildar- og stuttmyndum sem koma víða að.

Í ár er engin íslensk heimildarmynd í keppninni, aðrar myndir eru: Anna eftir Helenu Stefánsdóttur, 2006, leikin, 13', Anna and the Moods eftir Gunnar Karlsson, 2007, teiknimynd, 27', Dog eftir Hermann Karlsson, 2007, teiknimynd, 1', Rattlesnakes eftir Hafstein Gunnar Sigurðsson, 2007, leikin, 23', Wrestling eftir Grím Hákonarson, 2007, leikin, 20'. Allar þessar myndir keppa um peningaverðlaun.

Í tengslum við fimm borga hátíðina er jafnan haldinn

**KVIKMYNDIR** Þorfinnur Guðnason hefur reynst slægur að kynna verk sín á kynningarmessum eins og Nordisk Panorama

markaður fyrir kaupendur þar sem aðgengilegur er stór banki norræna mynda sem Nordisk Filmkontakt annast kynningu á um heim allan. Þá er á hátíðinni sérstakt kynningarþing þar sem hópi framleiðenda er gefinn kostur á að kynna verk í vinnslu. Er sú kynning býsna mikilvæg í forsölu verka til dreifingar bæði í kvikmyndahús, á mynddíska og kvikmyndahátíðir. Eitt íslenskt verkefni verður þar kynnt. Heimildarmynd byggð á Draumalandi Andra Snæs Magnasonar sem Þorfinnur Guðnason leikstýrir. Það er firna stórt verkefni á íslenskan mælikvarða og verður fróðlegt að sjá hvaða framgang það fær á messunni.

Úrval mynda af hátíðinni fer síðan á flakk og hefur hér á landi verið lunginn í dagskrá hátíðarinnar Reykjavík Shorts and Docs. Nýr forstjóri Norræna hússins sem þessa dagana er að kynna nýtt reyfi þeirrar virtu menningarstofnunar hefur lýst áhuga á að efla hlut kvikmyndasýninga í húsinu og eru heimildarmyndir þar ekki undanskildar. Reykjavík Shorts and Docs var síðast haldin í Tjarnarbíó. Fulltrúi Íslands í Nordisk filmkontakt er Margrét Jónasdóttir, kvikmyndagerðarmaður og sagnfræðingur. - pbb



**THE BRIDGE**  
Eric Steel er leikstjóri heimildarmyndarinnar The Bridge sem fjallar um sjálfsvíg.

## Sjálfsvígsbrúin Golden Gate

Golden Gate brúin við San Fransisco er sá staður í Bandaríkjunum sem flestir fyrirfara sér. Í annarri hverri viku að meðaltali stekkur einhver fram af Heimildarmyndin The Bridge, sem verður sýnd á Bíóðögum Græna ljóssins sem hefjast í dag, fjallar um sjálfsvíginn á brúnni. Eric Steel leikstjóri og tökufólk hans fylgdust með brúnni frá sólarupprás til sólseturs í eitt ár og festu á filmu 23 sjálfsvíg.



**SJÁLFSVÍGSBRÚIN** Heimildarmyndin The Bridge fjallar um sjálfsvíg á Golden Gate brúnni í Bandaríkjunum.

„Kvíðinn sem þetta skapaði var gífurlegur. Oft alveg yfirþyrmandi. Yfirleitt gerðist ekki neitt en við vorum alltaf meðvitund um að það væri óhjákvæmilegt að við myndum sjá einhver sjálfsvíg. Þau skipti sem það gerðist voru hræðileg,“ segir Eric Steel, leikstjóri heimildarmyndarinnar the Bridge sem fjallar um sjálfsvíg á Golden Gate brúnni.

Vinsældir brúarinnar sem síðasta áningarstað í lífinu skapast af því að dauðinn er nær öruggur ef þú stekkur fram af 67 metra hárru brúnni. Þeir sem látast ekki samstundis við fallið sagast yfirleitt ofan í sjóinn og drukna.

### Björguðu mannlífum

„Alltaf þegar við sáum að einhver var mögulega að fara að hoppa létum við starfsfólk brúarinnar vita og okkur tókst þannig að bjarga nokkrum mannlífum, en það er sama, þetta er eitthvað sem maður venst aldrei. Fyrsti maðurinn sem við sáum stökkva var að labba eftir brúnni og tala við einhvern í farsíma, að því er virtist í góðu skapi. Svo sleit hann samtalinu, lét símann í vasann, klifraði yfir handriðið og stökk fram af.“

### Vill opna umræðuna

Ein af ástæðunum fyrir því hve lítið er fjallað um sjálfsvíg er sú þversögn að umræða um þau virðist oft fjölga þeim frekar en

fækka. „Ég tel að þessi eftirhermusjálfsmorð séu ekki nógu stór hluti sjálfsvíga almennt til að réttlæta algera þöggum umræðunnar. Ekki að ég líti svo á að vissir mörg dauðsföll séu ásættanleg. Ég er bara að segja að þögnin hjálpar heldur ekki neinum. Þessi mynd er mín leið til að opna umræðuna, búa til útgangspunkt fyrir samræður.“

Síðan myndin var frumsýnd hefur skapast mikil umræða um sjálfsvíg í Bandaríkjunum. Meðal annars er nú í fyrsta skipti talað um það í alvöru að setja einhvers konar tálma á brúna til að gera fólk ókleift að henda sér fram af.

### Aðstandendur og aðdragandi

Í myndinni er ekki bara fylgt með brúnni og sjálfsvígnum. Uppistaða myndarinnar eru samtöl við aðstandendur og vitni af brúnni, meðal annars eina fjölskyldu með lítið barn. Aðdragandinn er skoðaður og áhrifin á alla í kringum þann sem deyr. Það sem er svo sérstakt við Golden Gate brúna er að sjálfsvíginn þar, öfugt við sjálfsvíg almennt, eiga sér stað um hábjartan dag fyrir fram-an hvern þann sem svo vill til að er staddur á brúnni. „Þetta er raunverulegt vandamál. Helmingi fleiri falla fyrir eigin hendi á ári hverju í Bandaríkjunum en eru myrtir. Mér finnst vera kominn tími til að finna leið til að tala um þetta og bjarga þannig mannlífum.“

jara@frettabladid.is

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI - VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

# Miele gæði

Eirvík kynnir sportlínuna frá Miele



# Miele

ÞVOTTAVÉL frá kr. 99.900

- Íslenskt stjórnborð
- Íslenskar leiðbeiningar
- Stórt hurðarop
- 20 ára ending

Gerð	Listaverð	TILBOÐ
Þvottavél W1514 1400sn/mín/5 kg	142.714	99.900
Þurrkari T7644C rakapéttir/6 kg	135.571	94.900

Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele þvottavélar.

30%

AFSLÁTTUR

EIRVÍK -hággæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík

Sími 588 0200 | www.eirvik.is

## Syngur 30 Presley-lög

Tvinnir minningartónleikar um Elvis Presley verða haldnir í Salnum í Kópavogi á morgun en þá verða þrjátíu ár liðin síðan hann lést.

Uppselt varð á tveimur tímum á tónleikana sem verða haldnir klukkan 20.30 og því var ákveðið að bæta við aukatónleikum sem hefjast 17.30.

Á tónleikunum mun Friðrik Ómar syngja flest þekktustu lög kóngsins með dyggri aðstoð valinkunnra hljóðfærleikara. Gestasöngvarar verða Margrét Eir, Heiða og Regína Ósk. „Eg er búinn að vera í tvö ár með Elvis-tónleikaprógram bæði í höfuðborginni og úti á landi. Við erum fjórtán og erum að taka Las Vegas-tímabilið, dægurperlur frá þeim tíma eins og Bridge Over Troubled Water,“ segir Friðrik




**FRÍÐRIK ÓMAR** Friðrik Ómar syngur þekktustu lög Elvis Presley á tvennum tónleikum í Salnum.

Ómar. „Þetta verða þrjátíu lög sem við flytjum. Gömlu lögin verða meira órafmögnuð en eftir hlé bætist heldur betur við hópinn og þá tökum við þetta af meiri krafti.“ -fb



Eru allir  
Tilbúðir í  
SKO/ANN



Glaðningur handa  
öllum kátum  
skólakrökkum

NEXT

Kringlunni sími 551 3200

## &gt; VISSIR PÚ?

Star Trek þættirnir eru merkilegir um margt. Það var til dæmis í Star Trek þætti sem fólk af ólíkum kynþáttum kysstist í bandarísku sjónvarpi í fyrsta skipti. Í þættinum, sem var sýndur 22. nóvember 1968, smellið Captain Kirk, leikinn af William Shatner, kossi á Nichelle Nichols í hlutverki Uhura liðsforingja.



**fólk**  
folk@frettabl

# Giftist mömmu vinar síns

Hann var besti vinur sonar hennar en nú eru Jason Jones, 29 ára, og hin 53 gamla Julie Griffiths ástfangin upp fyrir haus og hyggjast láta þússa sig saman síðar á árinu. Samband þeirra hefur hins vegar ekki orðið til að kostnaðarlausu því sonur Julie og fyrrverandi æskuvinur Jason, Neil, hefur bannað móður sinni að hitta barnabörnin hennar tvö.

„Hann er jafngamall og ég. Við gengum saman í skóla og vorum bestu vinir. Hún hefur þekkt hann síðan hann var 11 ára og nú sofa þau saman. Mér verður óglatt af tilhugsuninni,“ segir Neil.

Þarið minnr á að ástin spyrji ekki um aldur og hefur ekki í hyggju að láta hótanir Neils hafa áhrif á samband sitt. „Það er skelfilegt að fá ekki að hitta barnabörnin og í hvert sinn sem ég sé ömmu að leika sér við barn úti á götu langar mig að gráta. En



ÁSTFANGIN 24 ár skilja á milli Jason Jones og Julie Griffiths en þau eru yfir sig ástfangin.

ég elska Jason og get ekki gefið hann upp á bátinn,“ segir Julie, en þess má geta að hún er þremur árum eldri en móðir Jasons.

# Sá heitasti í Bretlandi

Leikarinn Orlando Bloom hefur verið kjörinn heitasti piparsveinn Bretlands í könnun á vegum tímaritsins Cosmopolitan. Alls tóku eitt þúsund breskar konur þátt í könnuninni.

Í öðru sæti í könnuninni lenti Wentworth Miller, stjarna spennubáttarins Prison Break, og í því þriðja lenti Harry prins, sem hefur verið mikið í fréttunum undanfarnin misseri.



ORLANDO BLOOM



The Academy of Colour and Style

**A&Ú**  
Anna & Útlitið

ALPJÓÐLEGT NÁM Í ÚTLITSRÁÐGJÖF

VILTU VERÐA STÍLISTI?  
ÚTLITS- OG FÖRÐUNARSKÓLI

The Academy of Colour and Style er alþjóðlegur skóli sem kennir útlitsráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er meðal annars tekið fyrir litgreiningu, fatastíll og textill. Eftir nám fá nemendur alþjóðlegt diplóma í útlitsráðgjöf (fashion consultant).

Starfsmöguleikar eftir nám eru margir og spennandi og geta nýst á ýmsum sviðum og atvinnugreinum.

Hver önn tekur þrjú mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu. Kennsla fer fram í lönskólanum í Reykjavík einu sinni í viku frá 18-22.

**1. Önn**

- Litgreining
- Förðun út frá litgreiningu
- Litasamsetning

**2. Önn**

- Fatastíll
- Fatasamsetning
- Textill

**Starfsmöguleikar:**

- Innkaupastjóri
- Útlitsráðgjafi
- Stilisti
- Verslunarstjóri

**Erna, stilisti**



Ég hef unnið við förðun á Stöð 2 í 6 ár, þar á meðal við förðun keppenda í Idol og annarra sjónvarpsþátta hjá 365. Einnig vann ég við auglýsingar, mynbönd og myndatökur. Það er óhætt að segja að námið hefur hjálpað mér mikið í starfi minni í förðun og stíliseringu.

**Skjöldur Mio, tiskuráðgjafi**



Ég taldi mig vita flest allt um tisku og útlit áður en ég fór í skólann. En annað kom á daginn. Ég hef lært heimikið um fatasamsetningu, textil, litafraði, líkamsbyggingu og flest allt um útlit. Námið nýtist mér frábærlega í því sem ég er að gera.

**Ragnheiður, ráðgjafi**



Ég hef alltaf haft áhuga á tisku og útliti. Námið opnaði mér nýja sýn á þetta áhugamál mitt. Auk þess er það mér mikils virði í tengslum við starf mitt.

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533-5101

INNTRITUN ER HAFIN FYRIR HAUSTÖNN



STÓR FJÖLSKYLDA Angelina Jolie og Brad Pitt eiga fjögur börn. Elstur er Maddox sem Jolie ættleiddi frá Kambódíu en Pitt hefur gengið honum í föðurstað. Næstur honum í aldri kemur síðan Pax sem hjónakornin ættleiddu frá Víetnam. Þar á eftir er Zahara en hún er frá Eþíópíu og loks Shiloh sem hjónakornin eignuðust á „hefðbundinn“ hátt. Á myndinni sést stórfjölskyldan spóka sig úti við.

# Fimmta barn Brads og Angelinu

Ofurstjörnuhjónin Brad Pitt og Angelina Jolie eru samkvæmt breska blaðinu Daily Mail á leiðinni til Eþíópíu en þar hafa þau í hyggju að ættleiða barn.

Það virðist því vera skammt stórra hogg á milli hjá leikurunum því fyrir skömmu voru veflestir slúðurmiðlar fullir af fréttum um að ekki væri allt með felldu. Hjónakornin sáu stórfast eins og hundur og köttur í París en nú virðist allt vera fallið í ljúfa löð og þau ætla að fara til Eþíópíu og ættleiða þar nýjan erfingja.

Angelina og Brad eiga saman fjögur börn, Shiloh sem þau áttu á „hefðbundinn“ hátt og svo Maddox frá Kambódíu, Zahöru frá Eþíópíu og Pax frá Víetnam. Samkvæmt heimildum Daily Mail

hefur Angelina miklar áhyggjur af því að Zahara kunni að einangrast því hún sé frá miklu ólíkari heimshluta en öll hin. „Maddox og Pax koma báðir frá Asíu en Zahara er frá Afríku og Angelina vill að hún nái meiri og betri tengingu við hina fjölskyldumeðlimina,“ lét náinn samstarfsmaður hafa eftir sér í samtali við blaðið og bætti við að þau hefðu aldrei farið leynt með að þau vildu fleiri börn í þessa fjölþjóðlegu fjölskyldu sína.

Samkvæmt Daily Mail er talið líklegast að parið haldi utan til Afríku í nóvember og í kjölfarið muni svo langt og strangt ættleiðingarferli taka við. „Þau eru ótrúlega spennit fyrir nýju barni og ef það er eitthvað sem ætti að færa þau nær hvort öðru, þá væri það nýr fjölskyldumeðlimur,“ sagði ónafngreindur samstarfsmaður hjónanna.

# Aniston í leikstjórastól

Stuttmynd í leikstjórn leikkonunnar Jennifer Aniston verður frumsýnd á alþjóðlegri stuttmyndahátíð í Kaliforníu sem hefst 23. ágúst. Myndin, sem hún leikstýrði ásamt Andrea Buchanan, heitir Room 10. Fjallar hún ástarsamband hjúkrunarkonu sem leikin er af Robin Wright Penn og manns sem Kris Kristoferson leikur.

Leikkonan Bryce Dallas Howard leikstýrir einnig stuttmynd á hátíðinni og nefnist hún Orchids. Í henni er Alfred Molina í aðalhlutverki. Á meðal fleiri þekktu leikara eru koma fram í myndum á hátíðinni eru James Gandolfini, Louis Gossett Jr. og Joe Mantegna.



JENNIFER ANISTON

## Hildur Pálsdóttir, lögfræðinemi og skipstjóri, treystir á ritvélur og skemmtiferðaskip frá HP.



### HP Compaq 6715s

Örgjörvi: AMD Sempron 3600+ 2 GHz  
Vinnsluminni: 1 GB  
Skjár: 15,4" WXGA  
Harður diskur: 80 GB  
Geisladrif: Lightscribe DVD skrifari  
Skjástýring: ATI X1350, allt að 512 MB  
Stýrikerfi: Microsoft Vista Home Basic

Verð: 79.900 kr

HP og Office vinna vel saman



HP fartölvur eru bestu og áreiðanlegustu fartölvurnar samkvæmt könnun TBR (Technology Business Research, Inc).

HP vörur fást hjá eftirtöldum aðilum: Verslun Opinna kerfa, Höfðabakka 9 - Oddi skrifstofuvörur - Start tölvuvörur, Kópavogi - Samhæfni, Reykjavík - TRS, Selfoss - Þróppjónusta Restarúndis, Akranesi, Borgarnesi - Bókaverslun Þórarins Stefánssonar, Húsavík - Eyjatölvur, Vestmannaeyjum - Hátíðni, Höfn - Kaupfélag Skagfirðinga - Munus, Hinarfirði - Netbærni, Laubóli - Sveita Höfn, Höfn



# MOHAWKS<sup>IS</sup>



PALMER



KANGOL



**Nýtt í bíó** Sími: 553 2075  
- bara lúxus

**LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR**

RUSH HOUR 3	kl. 4, 6, 8 og 10-POWER	12
RATATOUILLE íslenskt tal	kl. 3.45 og 5.45	L
TRANSFORMERS	kl. 7 og 10	10
PLANET TERROR	kl. 8 og 10.20	16
SIMPSONS íslenskt tal	kl. 4	L

www.laugarasbio.is - Miðasala á [midi.is](http://midi.is)

**NÝTT Í BÍÓ!**

**TOPPMYNDIN Í USA**  
Jackie Chan og Chris Tucker fara á kostum í fyndnustu spennumynd ársins!  
**LÚXUS**

**M VIE**  
STEFAN BRIGG STEFÁNSSON  
-CHERRY-LABE  
47.000 manns

**REGNBÖGINN** Sími 551 9000 **450 kr. í bíó!**

DAGSKRÁ OG MIÐASALA [WWW.MIDI.IS](http://WWW.MIDI.IS)  
ALLAR UPPLÝSINGAR Á [GRAENALJOSID.IS](http://GRAENALJOSID.IS) græna ljósið

SMÁRA BÍÓ	SÍMI 564 0000	REGNBÖGINN	SÍMI 551 9000
RUSH HOUR 3	kl. 3.45-5.50-8-10.10	12	SÝNINGARTÍMAR BÍÓDAGA GRÆNA LJÓSSINS
RUSH HOUR 3 LÚXUS	kl. 3.45-5.50-8-10.10		KL. 5.30 Sýningar hálfstá morgun
THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL	kl. 4-6-8-10		KL. 8 Death of a President / Deliver Us From Evil / Away From Her
THE SIMPSONS MOVIE ISL. TAL	kl. 4-6-8		KL. 10.30 Sicko / The Bridge / Curse of the / For Your Consid...
EVAN ALMIGHTY	kl. 4-6		BECOMING JANE
DIE HARD 4.0	kl. 8-10.45	14	PLANET TERROR
DEATH PROOF	kl. 10	16	THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL
HASKI LABÍÓ	SÍMI 530 1919		THE SIMPSONS MOVIE ISL. TAL
RUSH HOUR 3	kl. 6.30-8.30-10.30	12	RUSH HOUR 3
THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL	kl. 8-10		THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL
THE SIMPSONS MYNDIN ISL. TAL	kl. 6		THE SIMPSONS MYNDIN ISL. TAL
			THE INVISIBLE

MIÐASALA Á [midi.is](http://midi.is)

**SAMBÍÓ** www.SAMBio.is ☎ 575 8900 [midi.is](http://midi.is)

**NÝJASTA MEISTARAVERK PIXAR OG DISNEY**

**STÆRSTA MYND SÚMARSINS**

PEIRRA STRÍÐ. OKKAR HEIMUR

HJ. MBL **DREW**

Georgia Rules

ALFABAKKA	KRINGLUNNI						
RATATOUILLE ENSKU TAL	kl. 3-5:30-8-10:30	DIGITAL	L	RATATOUILLE ENSKU TAL	kl. 8-10:30	DIGITAL	L
RATATOUILLE ENSKU TAL	kl. 8	VIP		RATATOUILLE M/ISL TAL	kl. 4:30-5:30		L
RATATOUILLE M/ISL TAL	kl. 3-5:30		L	TRANSFORMERS	kl. 8-11		10
TRANSFORMERS	kl. 5-8-10:30		10	HARRY POTTER 5	kl. 4:30		10
TRANSFORMERS	kl. 10:30		10	NANCY DREW	kl. 8		7
TRANSFORMERS VIP	kl. 5-8-10:50			GEORGIA RULES	kl. 10:10		7
NANCY DREW	kl. 6-8:10-10:20		7	AKUREYRI			
GEORGIA RULES	kl. 8		7	RATATOUILLE M/ISL TAL	kl. 6		L
HARRY POTTER 5	kl. 3-8		10	RATATOUILLE ENSKU TAL	kl. 8-10:15		L
SHREK 3 M/ISL TAL	kl. 3-4-6		L	TRANSFORMERS	kl. 6-9		10
OCEAN'S 13	kl. 10:30		7	REKJAVÍK			
SELFOSSI s. 482 3007				RUSH HOUR 3	kl. 6-8-10		12
RATATOUILLE M/ISL TAL	kl. 6:40		L	RATATOUILLE M/ISL TAL	kl. 6		L
RATATOUILLE ENSKU TAL	kl. 9		L	TRANSFORMERS	kl. 9		7
THE TRANSFORMERS	kl. 9		10				
SIMPSONS THE MOVIE	kl. 7		10				



JAN MAYEN Valgeir Gestsson, Sveinn Helgi Halldórsson, Viðar Friðriksson og Ágúst Bogason skipa hljómsveitina Jan Mayen

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Kolefnisjafnaðir rokkarar

Hljómsveitin Jan Mayen hefur gefið út sína aðra breiðskífu sem nefnist *So Much Better Than Your Normal Life*. Freyr Bjarnason átti umhverfsvænt símaspjall við gítarleikarann Ágúst Bogason.

Jan Mayen steig fram á tónlistarsviðið á Íslandi árið 2003 þegar sveitin gaf út fimm laga EP-plötu. Fyrsta plata sveitarinnar í fullri lengd, *Home of the Free Indeed*, kom út ári síðar á vegum Smekkleysu og fékk hún mjög góðar viðtökur. Var hún meðal annars tilnefnd til þrenna verðlauna á Íslensku tónlistarverðlaunum árið 2005. Hafa því margir beðið nýju plötunnar með mikilli eftirvæntingu, enda Jan Mayen talin ein efnilegasta rokksveit landsins.

### Æðislegt með Eberg

Tónlistarmaðurinn Eberg stjórnaði upptökum á plötunni og ber gítarleikarinn Ágúst Bogason honum vel söguna. „Það var æðislegt að vinna með honum. Við ætl-

uðum að prófa örfá lög og þreifa á hlutunum en síðan vatt þetta upp á sig og endaði á því að við kláruðum plötuna með honum. Fyrsta „prufusessjónið“ með honum endaði allt á plötunni, þannig að þetta heppnaðist mjög vel,“ segir Ágúst.

### Reynslan vegur þungt

Bassaleikarinn Sveinn Helgi Halldórsson hefur bæst í hópinn hjá Jan Mayen síðan síðasta plata kom út. Að sögn Ágúst eru þeir félagar orðnir töluvert reyndari en áður og það hafi skilað sér á plötunni. „Við erum ennþá að reyna að gera tónlist sem okkur finnst skemmtileg en núna kunnum við meira og vitum betur hvernig við eigum að vinna þetta.“

Platan var unnin á tveggja ára tímabili. Fjalla textarnir, sem eru eftir söngvarann og gítarleikann Valgeir Gestsson, um mann sem lendir í slysi og verður fyrir miklu áfalli við það. „Þeir fjalla um raunir hans í kjölfar þess. Hann hættir með konunni, gefur skít í allt, fer á fylleri og fær messíassarkomplex,“ segir Ágúst.

### Jan Mayen-skógur

Platan er gefin út í umhverfsvæn-

um umbúðum og eru lögin ellefu jafnframt kolefnisjöfnuð. Með fyrstu hundrað eintökunum fylgja ellefu fræ sem fólk er hvatt til að planta áður en vetur gengur í garð til að stuðla að frekari kolefnisjöfnun Íslands. Einnig hafa liðsmenn Jan Mayen heitið því að gróðursetja eitt tré fyrir hverja plötu sem selst.

Þrátt fyrir þetta segir Ágúst þá félagi ekki vera umhverfsvæna. „Það eru eiginlega allir aðrir sem virðast vera umhverfsvænir. Við viljum bara ekki vera öðruvísi heldur fylgja straumnum. Ef þetta gengur of vel þurfum við að fá hjálp frá skógræktarfélaginu þannig að úr verði Jan Mayen-skógur, helst á Jan Mayen. Það væri samt æskilegast ef stjórnvöld myndu útvega okkur litla eyju í einhverjum firðinum þar sem engin byggð er.“

### Tónleikar í kvöld

Framundan hjá Jan Mayen eru tónleikar á Organ í kvöld og í Bretlandi í lok september og byrjun október. Einnig spilar sveitin á Iceland Airwaves 18. október, þar sem hún mun vonandi láta ljós sitt skína fyrir íslenska og erlenda tónleikagesti.

**Fjarnám Iðnskólans í Reykjavík**

Innritun í fjarnám Iðnskólans stendur yfir á netinu: [www.ir.is/fjarnam](http://www.ir.is/fjarnam)  
Kennsla hefst þriðjudaginn **4. september**.

Alls eru í boði 70 áfangar með áherslu á starfstengt nám.

**IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK**

**5125050** Auglýsingasími

– Mest lesið

# Vetiver vakti lukku

Bandaríska hljómsveitin Vetiver spilaði á tónleikum á Organ á föstudaginn og vakti mikla lukku viðstaddra. Vetiver spilaði lög af báðum breiðskífum sínum af mikilli innlifun auk þess að taka lög af



**GAMAN Á TÓNLEIKUM** Helga Baldvinsdóttir, Harpa Fönn Sigurjónsdóttir og Vignir Andri Guðmundsson voru ánægð með tónleikana.

óutkominni tókulagaplötu sinni. Tónleikarnir vöktu almenna ánægju og Vetiver sendi áheyr- endur sátta út í síðsumarnóttina.



**HRIFNAR AF HLJÓMSVEITINNI** Gugga Guðlaugsdóttir og Sigurrós Sigurbjörnsdóttir hlusta og horfa á Vetiver.



**VETIVER Á ORGAN** Áheyrndur hlusta hugfangnir á hljómsveitina Vetiver.



**MIKIL INNLIFUN** Meðlimir Vetiver lifðu sig inn í flutninginn.

# Franskt rokk í kvöld

Franska rokk- sveitin Daitro heldur tvenna tónleika hér- lendis í kvöld og annað kvöld. Daitro kemur frá borginni Lyon og hefur starf- að saman í tæp sex ár. Hljómsveitin er oft nefnd konungur screamo-sen- unnar og á stóran aðdáendahóp þótt hún sé grasrótarhljómsveit. Spilar sveitin hráa, harða, en til-




**DAITRO** Frönsku rokkararnir í Daitro halda tvenna tónleika hér á landi.

finningaríka tónlist. Fyrri tón- leikar Daitro verða í Kaffi Hljómalind í kvöld klukk- an 19.30 þar sem Fighting Shit og My Summer As A Salvation Soldier hita upp. Hinir síðari verða á Bar 11 annað þeir klukkan 21.30. Miðaverð á báða tónleik- ana er 800 krónur.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Kate Hudson** virðist ekki trúa á einkvæni og er þeirrar skoðunar að karlmenn geti ekki iðkað einkvæni. „Körlum er ekki ætlað að vera með aðeins einni konu. Auð- vitað er það það sem maður vill en partur af því sem ég elska svo mikið við karlmenn er hvað það er erfitt fyrir þá að halda sig við eina konu,” sagði Hudson. „Konur þurfa að eyða meiri tíma í að skilja karlmenn í stað þess að reyna að breyta þeim. Og öfugt.“




Fjarskiptafyrirtækið AT&T harmar að hafa ritskoðað texta bandarísku rokk-sveitarinnar **Pearl Jam** þar sem skotið var föstum skotum að forseta Bandaríkjanna, **George W. Bush**. Ritskoðunin átti sér stað í lagi sem sveitin söng á tónleikum á Lollapalooza-hátíðinni í Chicago sem voru sendir út beint á netinu. Í lag- inu, Daughter söng **Eddie Vedder** hluta úr laginu Another Brick in the Wall með **Pink Floyd** en í stað upprunalega textans söng hann: „George Bush, leave this world alone“.



**Gwen Stefani** segist afbrýðissöm út í aðra og stærri hönnuði fyrir stuðninginn sem þeir fá í tiskuiðnaðinum. „Tökum **Marc Jacobs**. Hvað ætli það vinni margir fyrir hann? Bara við að mata hann af hug- myndum! Ég hef um það bil fimm manns í mínu teymi,” sagði Gwen sér en hún hannar undir merki sínu LAMB.



Útgáfu heimildarmyndar **Martins Scorsese** um hljómsveitina **The Rolling Stones** hefur verið frestað þar til í apríl á næsta ári af markaðsástæðum. Myndin, sem heitir Shine a Light, átti upphaflega að koma út í september og hefur verið beðið með mikilli eftirvænt- ingu. Á meðal þeirra sem koma fram í henni eru **Jack White** úr rokkdúettinum The White Stripes og söngkonan **Christina Aguilera**. Meðlimir Stones eru með fleiri járn í eldinum því DVD-mynddiskur frá tónleikaferðinni A Bigger Bang kom út fyrr í mánuðinum auk þess sem söngvarinn **Mick Jagger** gefur út safnplötu frá sólóferli sínum í október.



MASTERCARD KYNNIR

# DAGUR 1

## ER SYNISHORNADAGURINN I DAG SYNUM VIÐ URVAL ÞEIRRA MYNDA SEM VERÐA Í BOÐI NÆSTU VIKURNAR

### SICKO



Leikstjóri: Michael Moore  
Land: USA  
Lengd: 113 mín

Nýjasta meistarastykki Michael Moore, höfund myndanna Bowling for Columbine og Fahrenheit 9/11. Hér tekur hann fyrir bandaríska heilbrigðiskerfið og sýnir fram á sjokkerandi galla þess, með samanburði við Evrópu...og Kúbu!


### DEATH OF A PRESIDENT



Leikstjóri: Gabriel Range  
Land: UK  
Lengd: 90 mín

„Heimildarmynd“ um morð á George W. Bush, núverandi forseta Bandaríkjanna og möguleg eftirköst slíks atburðar. Myndin hefur vakið mikla athygli hvar sem hún hefur verið sýnd og þó nokkrar deilur.


### DELIVER US FROM EVIL



Leikstjóri: Amy Berg  
Land: USA  
Lengd: 101 mín


Sláandi heimildarmynd um einn mesta barnaniðing sem sögur fara af; katólskan prest sem misnotaði óteljandi börn yfir 30 ára tímabil. Með þátttöku prestsins í gerð þessarar myndar er djúp spilling innan kirkjunnar afhjúpuð.

### AWAY FROM HER



Julie Christie sýnir óskarsverðlauna- leik í einstaklega hugljúfri mynd eftir Söruh Polley sem hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda.

### THE BRIDGE



Hvergi í veröldinni eru framin fleiri sjálfsvíg en á Golden Gate brúnni. Þessi heimildarmynd skrásetur úr leynd sjálfsvíginn sem áttu sér stað árið 2004.

### CURSE OF THE GOLDEN FLOWER



Nýjasta þrekvirkid frá höfundum Hero og House of Flying Daggers með Yun-Fat Chow og Li Gong í aðahlutverkum.

### FOR YOUR CONSIDERATION



Ný grínmyndin frá höfundum Spinal Tap og Best in Show, með Ricky Gervais, Parker Posey og fleiri.

DAGSKRÁ OG MÍÐASALA Á MIDI.IS  
ALLAR UPPLÝSINGAR Á GRAENALJOSID.IS

REGNBOGINN 15. - 29. AGÚST

# BIO- DAGAR GRÆNA LJÓSSINS



MASTERCARD KORTHAFAR FÁ 20% AFLÁTT AF 10 MYNDA PÖSSUM Á SÉRSTÖKUM MASTERCARD FORSÖLUGEGI





Það er enn möguleiki á að bæði Jakob Örn og Helgi Már spili með KR í Iceland Express deildinni í vetur:

# Höfnuðu báðir tilboði frá ensku liði

**GÓÐIR SAMAN** Helgi Már Magnússon og Jakob Örn Sigurðarson verða kannski með KR í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

**KÖRFUBOLTI** Landsliðsbakvörðurinn Jakob Örn Sigurðarson bíður enn eftir rétta tilboðinu fyrir næsta vetur og er líkt og félagi hans í landsliðinu og áður samherji í KR, Helgi Már Magnússon, ekki búinn að útiloka að spila með KR í vesturbænum í vetur.

„Ég veit ekki neitt eins og er og er ekki með neitt tilboð að utan. Ég er enn að leita en það er ekkert víst að ég finni mér lið. Ég gef mér eina til tvær vikur í viðbót og ef það kemur ekkert þá er alveg möguleiki á því að vera heima. Það er ekkert útilokað,“ segir Jakob. Þeir félagar fengu báðir tilboð frá sama liðinu í Englandi en voru

ekki nógu spenntir.

„Ég fékk tilboð frá Spáni og tilboð frá Englandi en mér fannst þau ekki nógu góð eða ekki nógu spennandi. Tilboðið frá Englandi var mjög gott en mér fannst ekki nógu spennandi að fara þangað. Það hefði verið mjög gaman að spila með Helga úti en okkur fannst báðum England ekki vera nægilega spennandi staður,“ segir Jakob. Jakob lék með Gestiberica Vigo á Spáni í fyrra og er spenntastur fyrir að spila áfram í spænsku deildinni en veturinn á undan lék hann með Bayer Giants Leverkusen í þýsku bundesligunni.

„Mig langar mest að spila á Spáni en ég tel líkurnar á að fara þangað vera mjög litlar því öll liðin eru að byrja að æfa í vikunni og flest ef ekki öll liðin fullmönnuð,“ segir Jakob.

Það er ekki laust við að hjarta stuðningsmanna KR taki smá kipp við möguleikann á að Helgi Már og Jakob verði með liðinu í vetur. KR tekur nú þátt í Evrópukeppni í fyrsta sinn í sextán ár og reynir að verja Íslandsmeistaratitilinn en það hefur þeim svart-hvítu ekki tekist í 28 ár.

„Það getur getur orðið rosalegt lið í vesturbænum ef við komum báðir heim,“ segir Jakob í léttum



tón en tekur fram að markmið hans líkt og Helga sé að finna sér erlent lið. Möguleikinn er samt vissulega fyrir hendi. „Ef það dettur ekkert inn þá er líklegt að ég

verði heima. KR er mitt lið og það þarf eitthvað mikið að gerast að ég fari ekki þangað verði ég á Íslandi,“ sagði Jakob.

- óó



**TORRES OG KUYT** Annar hvor fer væntanlega á bekkinn í kvöld fyrir Peter Crouch. NORDICPHOTOS/AFP

## Liverpool mætir Toulouse: Benítez breytir enn og aftur

**FÓTBOLTI** Rafael Benítez mun halda áfram hrókeringum sínum á byrjunarliði Liverpool, sem hann er fyrir löngu orðinn þekktur fyrir. Liverpool mætir Toulouse í forkeppni Meistaradeildarinnar í Frakklandi í kvöld og má búast við Peter Crouch, Yossi Benayoun og Javier Mascherano í byrjunarliðinu.

„Í nútímafótbolta þarftu að skipta út leikmönnum. Það er ekki auðvelt að vera alltaf með sama liði. Ég veit að margir vilja sjá sama byrjunarliðið alltaf en það er ómögulegt. Þreytt lið er oft ekki farsælt lið,“ segir Benítez, sem hefur verið gagnrýndur fyrir hrókeringar sínar á byrjunarliðinu. - hph



**ÚR LEIK** Ragna Ingólfssdóttir, Íslandsmeistari kvenna í badminton. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Ragna Ingólfssdóttir er úr leik: Sársvekkir yfir því að tapa

**BADMINTON** Ragna Ingólfssdóttir tapaði í fyrstu umferð á HM í badminton í Malasíu í gær fyrir andstæðingi sínum frá Nýja-Sjálandi, 2-0. „Fyrsta lotan var góð, ég var yfir allan tímann og það tveimur stigum en ég fraus í stöðunni 20-18 og náði bara ekki að klára þetta. Ég tapaði fjórum stigum í röð og tapaði lotunni,“ sagði Ragna við Fréttablaðið í gær.

„Önnur lota var allt í lagi en ég hefði getað spilað miklu betur,“ sagði Ragna sem tapaði þeirri lotu 21-17. „Ég er að jafna mig en ég er alls ekki sátt við þetta. Mér finnst að ég sé betri núna en ég náði bara ekki að sýna það,“ sagði Ragna sem verður áfram í Malasíu í vikutíma til að undirbúa sig fyrir komandi keppnisferðalag. - hph

Elvis Aaron Presley 8. jan. 1935 - 16. aug. 1977

Vegna fjölda áskoranna!

# AUKATÓNLEIKAR

Fimmtudaginn 16. ágúst kl. 17:30

Minningartónleikar

## Elvis Presley

í Salnum - Kópavogi

Fimmtudagskvöldið 16. ágúst kl. 20:30

UPPSELT

30 ár eru liðin síðan kóngurinn féll frá...en lögin lifa!



## Friðrik Ómar

ásamt stórhljómsveit og söngvurum flytja perlur Elvis Presley

Gestasöngur og raddir: Margrét Eir Hjartardóttir, Heiða Ólafsdóttir og Regína Ósk Óskarsdóttir

Hljómsveitina skipa: Jóhann Hjörleifsson trommur, Róbert Þórhallsson bassi, Ómar Guðjónsson gítar, Þórir Baldursson píanó og hammond, Þórir Úlfarsson píanó, Valgarður Óli Ómarsson slagverk, Samúel J Samúelsson básúna, Snorri Sigurðarson trompet og Kjartan Hákonarson trompet.

Miðasala í síma 5 700 400 og á [www.salurinn.is](http://www.salurinn.is). Miðaverð 2.500.- 290 sæti í boði. Aðeins þessir einu tónleikar.



**LÉK VEL** Ólafur Örn Bjarnason stóð sig vel með toppliði Brann um síðustu helgi.

SCANPIX/GORM KALLESTAD

## Norska úrvalsdeildin: Ólafur fékk góða dóma

**FÓTBOLTI** Íslendingaliðið Brann trónir enn á toppi norsku úrvalsdeildarinnar að loknum sautján umferðum en liðið vann afar dýrmætum sigur á meisturum Rosenborg um helgina, 3-2. Ólafur Örn Bjarnason lék í hjarta varnar Brann ásamt Kristjáni Erni Sigurðssyni og fékk hann góða dóma, þá bestu hjá þeim Íslendingum sem léku í deildinni.

Veigar Páll Gunnarsson var í banni í umferðinni og hafa því aðeins Kristján og Árni Gautur Arason, markvörður Válerenga, leikið alla leiki sinna liða til þessa.

- esá

### EINKUNNIRNAR

Nafn	VG	N.	Aft.	Db.	m.e.
Ólafur Örn	6	6	7	6	6,3
Haraldur Fr.	6	6	6	6	6,0
Kristján Örn	6	6	6	6	6,0
Árman S.	5	6	5	5	5,3
Árni Gautur	3	5	5	5	4,5
Garðar Jó.	5	5	3	4	4,3

Það var leikið í ensku úrvalsdeildinni og í forkeppni meistaradeildarinnar í gær:

## Skelfileg byrjun Spurs-liðsins

**FÓTBOLTI** Everton vann 3-1 útsigur á Tottenham á White Hart Lane í fyrsta leik 2. umferðar ensku úrvalsdeildarinnar í gær og hefur þar með fullt hús. Everton var spútniklið síðasta tímabils og það bjuggust ekki allir við að lærisveinar Davids Moyes væru með 6 stig og 5 mörk eftir tvo leiki.

Öll fjögur mörkin komu í fyrri hálfleik. Joleon Lescott kom Everton yfir í 1-0 með skallamarki eftir tvær mínútur, Anthony Gardner jafnaði með öðrum skalla á 26. mínútu en Everton skoraði síðan tvö mörk á síðustu tíu mínútum fyrri hálfleiks. Leon Osman skoraði fyrst með sínu öðru marki á tímabilinu og Alan Stubbs bætti síðan við öðru marki með skoti úr aukaspyrnu í uppbótartíma hálfleiksins.

Tottenham vann alla sjö leiki sína á undirbúnings tímabilinu og stuðningsmenn liðsins bjuggust við miklu af liðinu, sérstaklega úr fyrstu tveimur leikjum, gegn nýliðanum Sunderland og á heimavelli gegn Everton. Núll stig, eitt mark skorað og fjögur



**LÍF OG DAUÐI** Gengi Everton og Tottenham kristallaðist í framkomu stjórnanna í gær. David Moyes, stjóri Everton, er á fullu en Martin Jol virkar ráðalaus.

NORDICPHOTOS/GETTY

fengin á sig er eitthvað sem stuðningsmennirnir sætta sig ekki við enda uppskáru leikmenn Spurs hávært baul í leikslok í gær.

Fjórir leikir fóru fram í forkeppni meistaradeildarinnar í gær og þar var allt vitlaust í leik Lazio og Dinamo Búkarest. Fyrir leikinn voru tveir stuðningsmenn rúmenska liðsins stungnir og í sjálfum leiknum sem endaði 1-1 á

Ólympíuleikvanginum voru gefin þrjú rauð spjöld. Lazio fékk tvo rauð spjöld og Dinamo eitt.

Rui Costa tryggði Benfica 2-1 sigur á FC København með tveimur mörkum og Nacho Novo skoraði eina markið í 1-0 sigri Rangers á Rauðu stjórnunni á lokamínútu leiksins. Í síðasta leik kvöldsins vann Valencia 3-0 sigur á sænska liðinu Elfsborg.

- óó

Brasilíumönnum fylgjaði í gær hjá enska úrvalsdeildarliðinu Chelsea:

## Búnir að kaupa Daniel Alves

**FÓTBOLTI** Sama dag og Jose Mourinho kynnti Alex fyrir enskum blaðamönnum keypti hann landa hans Daniel Alves frá Sevilla.

Þetta eru tveir fyrstu Brasilíumennirnir sem Mourinho fær til liðsins en Alex kom frá PSV Eindhoven þar sem hann hafði verið í láni í þrjú tímabil. Chelsea keypti Alves hinsvegar á 36 milljónir evra eða 3,2 milljarða króna.

Alves er 24 ára bakvörður sem



**TIL CHELSEA** Daniel Alves var keyptur í gærkvöldi.

NORDICPHOTOS/GETTY

getur einnig spilað fram á vellinum en hann var lykilmáðurinn í sigri Sevilla í UEFA-bikarnum á síðasta tímabili en það þótti víst að hann væri á leiðinni til Lundúna liðsins þegar hann var ekki í leikmannahópi Sevilla fyrir leikinn gegn AEK Athens í forkeppni meistaradeildarinnar í kvöld.

Kaupin á Alves ættu jafnframt að þýða að Arjen Robben sé á leiðinni til Real Madrid.

- óó



**ORD Í EYRA** Egert Magnússon og Shinawatra.

NORDICPHOTOS/AFP

Eigandi Manchester City:

## Fær á sig handtökuskipun

**FÓTBOLTI** Hæstiréttur í Taílandi hefur gefið út handtökuskipun á Thaksin Shinawatra, eiganda Manchester City, og fyrrverandi forsætisráðherra landsins.

Shinawatra er gefið á sök að hafa staðið í spillingu í stjórnartíð sinni en hann neitar allri sök. Hann mætti ekki í réttarsal í gær til að hlýða á ákærur á hendur sér og í kjölfarið var handtökuskipunin gefin út. Shinawatra var úthýst í heimalandi sínu og hefur síðan þá búið erlendis, aðallega í Bretlandi.

- hþ

NBA-liðið Miami Heat:

## Pat Riley áfram

**KÖRFUBOLTI** Pat Riley gaf það út í gær að hann muni þjálfa NBA-liðið Miami Heat næstu þrjú árin en ekki var ljóst hvort hinn 62 ára gamli Riley héldi áfram eftir að liðið tapaði 4-0 fyrir Chicago í fyrstu umferð úrslitakeppinnar.

Riley hefur stjórnað liðum LA Lakers, New York Knicks og Miami Heat til sigurs í 1195 leikjum á 23 árum í NBA-deildinni. Hann gerði Miami að meisturum 2006 og Lakers vann titilinn fjórum undir hans stjórn á níunda áratugnum.

- óó

Hagsýnn Íslendingur velur  
praktískan og fallegan bíl  
Núna Mazda6  
Frábær í endursölu

GG ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL



# Kláruðu riðilinn sinn með glæsibrag

Valur vann alla leiki sína í Evrópuríðlinum í Færeyjum og mætir Frankfurt, Everton og belgíska liðinu í milliriðli sem verður spilaður í október. Valsliðið skoraði þrettán mörk í leikjunum þremur.

**FÓTBOLTI** Valur tryggði sér fullt hús í riðli sínum í Evrópukeppninni með glæsilegum 5-1 sigri á hollensku meisturunum Den Haag en liðið var búið að tryggja sér sigurinn í riðlinum og sæti í milliriðlinum fyrir leikinn.

Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði tvö fyrstu mörk Valsliðsins í gær, hin 16 ára Dagný Brynjarsdóttir skoraði þriðja markið og Nína Ósk Kristinsdóttir batt endahnúttinn á frábæra frammistöðu með tveimur mörkum í lokin áður en hollenska liðið minnkaði muninn. Valur mætir þýska liðinu og tvöföldum evrópumeisturum FFC Frankfurt í milliriðli en í honum eru einnig enska liðið Everton og belgíska meistarnir í Wezemaal.

Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari Valsliðsins, var líka sátt í leikslök. „Leikurinn var töluvert jafnari en tölurnar segja til um. Við vorum samt miklu betri, nýttum færin okkar vel og skoruðum góð mörk,“ sagði Elísabet og bætti við. „Leikurinn í dag bar alveg þess merki að riðillinn væri búinn. Þetta hollenska lið er nokkuð gott en þær höfðu ekki að neinu að keppa. Gleðin var okkar megin,“ segir Elísabet sem sér mikinn mun á þessu liði og því sem fór í átta liða úrslit Evrópukeppninnar fyrir tveimur árum.

„Við erum komnar með mikla reynslu á þessum tveimur árum, erum með sterkara lið og því betur undirbúnað núna til þess að spila á mótum þessum sterkustu liðum í Evrópu. Við erum að fara að mæta mjög sterkum liðum í milliriðlinum og það er allvega ljóst að við lengjum tímabilið um einn mánuð. Við munum að sjálfsögðu setja



**FIMM MÖRK OG FIMM STÖÐSENDINGAR** Margrét Lára Viðarsdóttir átti stóran þátt í 10 af 13 mörkum Valsliðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/MATTHÍAS JEGISSON

okkur það markmið að fara upp úr þeim riðli og inn í átta liða úrslitin,“ segir Elísabet.

Elísabet var mjög sátt með breiddina í hópnunum og nýtti sér hana líka óspart. Í leiknum í gær færði hún stelpur til í liðinu, Vanja Stefanovic fór af kantinum í miðvörðinn, Margrét Lára Viðarsdóttir úr sókninni inn á miðjuna og Dóra María Lárusdóttir spilaði aftarlega á miðjunni eftir að spila jafnan mun fram á vellinum.

„Ég var með 19 leikmenn í mótinu og við spiluðum á nánast öllum stöðum. Ég sá það hvað ég er með góða breidd því allir leikmenn voru að standa sig. Ég gerði tölu-

verðar breytingar á liðinu í gegnum keppnina. Eg er búin að ná að hvíla lykilleikmenn hérna og þær eru ekki vanar því að maður geti leyft sér þetta. Ég er svo ánægð með það að það er sama hver hefur



**GÓÐ LIÐSHEILD** Valsliðið brá oft á leik þegar fagnað var í Færeyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/MATTHÍAS JEGISSON

spilað hefur liðið spilað virkilega vel. Það er virkilega erfitt að taka út leikmann sem hefur staðið upp úr. Liðsheildin hefur spilað feykivel. Ég hef aldrei verið með lið í höndunum á Íslandi þar sem ég hef get spilað á svona mörgum leikmönnum án þess að það komi niður á leik liðsins,“ sagði Elísabet en leyfði sér samt að hrósa 3. flokks stelpunni Dagnýju Brynjarsdóttur sem skoraði mark og lagði annað upp í sínum fyrsta leik í byrjunarliði í meistaraflokki.

„Þetta var í fyrsta sinn sem Dagný byrjar inn á og hún var búin að vera frábær á þessu mót. Hún var búin að koma inn á í hinum tveimur leikjunum og breytti leiknum gegn Finnum,“ sagði Elísabet og nú bíður baráttan um titilinn við KR.

„Liðið er í miklu betra formi en það hefur verið í áður og stelpurnar spila í 90 mínútur á fullu tempói. Það er eitthvað sem við höfum ekki getað gert á þessum árstíma áður. Mér finnst við vera að toppa núna og einmitt á mjög góðum tíma. Það verður rosalega erfitt að koma heim, mótið er í hers höndum en við ætlum að verja titilinn,“ sagði Elísabet að lokum. ooj@frettabladid.is



**ATLI VIÐAR BJÖRNSSON** Fagnar hér marki gegn Haukum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Lánsmenn FH hjá Fjölni: Fengju ekki að spila gegn FH

**FÓTBOLTI** Þeir þrír leikmenn sem eru í láni hjá Fjölni frá Íslandsmeisturum FH fengju ekki að spila úrslitaleik í bikarnum gegn FH, kæmist lið Fjölnis þangað. Þetta staðfesti Pjetur Stephensen, framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar FH, í gær.

Leikmennirnir sem erum ræðir eru Atli Viðar Björnsson, Heimir Snær Guðmundsson og Sigmundur Pétur Ástþórsson. Atli hefur skorað níu mörk í tíu leikjum með Fjölni, Heimir hefur spilað ellefu leiki og Sigmundur tíu og skorað eitt mark. Um blóðtöku yrði því að ræða fyrir Fjölni takist liðinu að slá Fylki út í undanúrslitunum, og FH kemst áfram. - hph

## Trinidad mætir Roy Jones: Aftur í hringinn eftir tvö ár

**FÓTBOLTI** Felix Trinidad hefur ákveðið að setja upp hanskana og mun mæta Roy Jones yngri í janúar næstkomandi. Trinidad er einn besti hnefaleikakappi síðari ára en hætti fyrir tveimur árum eftir að hafa tapaði fyrir Winky Wright í maí 2005. Það var aðeins annað tap hans á ferlinum. - esú



# Veldu rétt

Mazda6 er hagkvæmasti bíllinn í rekstri í sínum stærðarflokki, samkvæmt félagi þýskra bíleigenda, ADAC. Komdu í Brimborg og prófaðu Mazda6.

Prófaðu eitthvað nýtt. Gerðu samanburð á japönskum gæðum - berðu saman bæði gæði og þjónustu Toyota og Mazda. Mazda keppir við hvern sem er - helst Toyota. Vertu sportlegur. Veldu annan stíl. Núna Mazda6.

Mazda6 Touring 4 dyra 2,0i sjálfskiptur

## 2.590.000 kr.\*

Vertu sportlegur  
Veldu annan stíl  
Núna Mazda6

Aflaðu þér frekari upplýsinga  
[www.mazdabrimborg.is](http://www.mazdabrimborg.is)



Öruggur staður til að vera á



LANDSLIÐSPIJÁLFAVINN Valdi tíu nýliða í landsliði. FRÉTTABLAÐIÐ/ALEKSANDAR DJOROVIC

U-21 árs landsliðið valið: Tíu nýliðar í hópi Lúkasar

FÓTBOLTI Tíu nýliðar eru í átján manna leikmannahópi Lúkasar Kostic sem hefur valið U-21 árs landslið karla sem mætir Kýpur í riðlakeppni EM 2009. Athygli vekur að aðeins tveir leikmenn eru á efsta aldursári, fæddir 1986 en sá yngsti í hópnun er hinn sautján ára gamli Kolbeinn Sigþórsson. Hann hefur aðeins áður leikið fyrir U-17 ára landslið Íslands.

Helmingurinn af leikmönnum um leikur með erlendum félagsliðum. Leikurinn við Kýpur fer fram á Grindavíkuvelli 22. ágúst.

LEIKMANNAHÓPURINN

- \*Haraldur Björnsson (f. 1989) Hearts
\*Óskar Pétursson (f. 1989) Grindavík
Bjarni Þór Víðarsson (f. 1988) Everton
Guðjón Baldvinsson (f. 1986) Stjarnan
Rúrik Gíslason (f. 1988) Viborg IF
Birkir Bjarnason (f. 1988) Víking FK
Guðmann Þórisson (f. 1987) Breiðablik
Matthias Vilhjálmsson (f. 1987) FH
Ari Freyr Skúlason (f. 1987) BK Häcken
Heiðar Geir Júlíusson (f. 1987) Hammarby
\*Arnór S. Aðalsteinsson (f. 1986) Breiðablik
\*Aron Einar Gunnarsson (f. 1989) AZ Alkmaar
\*Eggert Gunnþór Jónsson (f. 1988) Hearts
\*Gunnar Kristjánsson (f. 1987) Víkingur
\*Heimír Einarsson (f. 1987) IA
\*Jón Vilhelm Ákason (f. 1986) IA
\*Kolbeinn Sigþórsson (f. 1990) AZ Alkmaar
\*Skúli Jón Friðgeirsson (f. 1988) KR

\*Nýliði



GÓÐUR Hans Lindberg á íslenskt foreldri en spilar fyrir Danmörku. NORDICPHOTOS/GETTY

Þýski handboltinn: Lindberg byjar vel með HSV

HANDBOLTI Hinn hálfíslenski Hans Óttar Lindberg, hægri hornamaður danska landsliðsins, hefur byrjað vel með þýska handboltaliðinu Hamburger SV en Lindberg kom til liðsins frá Viborg í sumar.

Lindberg skoraði 19 mörk (6 víti) í þremur leikjum á Schleck-er-æfingamótinu þar sem HSV fór alla leið í úrslitaleikinn. Lindberg var markahæstur HSV í úrslitaleiknum en hann skoraði þá 6 mörk eins og Kyung-Shin Yoon í 35-38 tapi fyrir THW Kiel en þeir spila saman á hægri vængnum í liðinu.

Carlos Tevez spilar sinn fyrsta leik fyrir Manchester United í kvöld:

Nú þarf ég að skrifa mína eigin sögu

FÓTBOLTI Carlos Tevez tekur stöðu Wayne Rooney í byrjunarliði Manchester United sem sækir Portsmouth heim í kvöld. Englandsmeistararnir leitast þar eftir sínum fyrsta sigri eftir markalaust jafntefli gegn Reading um helgina. Innkomu Tevez er beðið með mikilli eftirvæntingu.

„Það er mikið áfall að missa Wayne. Hann er frábær leikmaður og það er ekki auðvelt að fylla skarð hans. Nú þarf ég að skrifa mína eigin sögu hér og gera allt sem í mínu valdi stendur til að hjálpa United í átt að veltgengi,“

segir Tevez. Hann fékk loksins leikheimild í vikunni eftir ævintýralegar viðræður vegna deilna um samning hans.

Rooney verður frá keppni í tvo mánuði og ríður því á að Tevez komist strax í gang. „Ég held að Carlos fari beint inn í byrjunarliðið á miðvikudaginn,“ sagði Sir Alex Ferguson um Tevez sem hann reyndi upphaflega að fá síðasta sumar. „Þetta hefur verið löng bið en hún var þess virði eftir svona góðum leikmanni. Það mikilvægasta er að hann er þegar búinn að sanna sig á Englandi,“ bætti Ferguson við.

Reading tekur á móti Chelsea og leiða má líkur að því að bæði Ívar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson verði í byrjunarliðinu í þeim leik, líkt og í jafnteflinu gegn Manchester United um helgina. Didier Drogbba verður væntanlega klár í byrjunarliðið hjá Chelsea.

LEIKIR KVÖLDSINS:

Table with 2 columns: Match (e.g., Birmingham - Sunderland) and Score (e.g., 18.45).



TEVEZ OG FERGUSON Á blaðamannafundi þegar Tevez var kynntur. Hann byrjar leikinn gegn Portsmouth í kvöld. NORDICPHOTOS/AFP

Blikar ætla Krísuvíkurlendiðna í úrslitin

FH og Breiðablik mætast í undanúrslitum VISA-bikars karla á meðan 1. deildarlið Fjölnis leikur gegn Fylki. „Þetta er ekki auðveldasta leiðin í úrslitin,“ segir þjálfari Blika sem fer erfiðu leiðina í bikarnum þetta árið.

FÓTBOLTI FH og Breiðablik leiða saman hesta sína í undanúrslitum VISA-bikars karla þann 2. september. Íslandsmeistararnir slógu Val út í 8-liða úrslitunum á meðan Blikar gerðu drauma Keflvíkunga um að endurheimta bikarinn að engu.

„Þetta er mjög krefjandi verkefni. Blikar eru með heitasta lið landsins í dag og eru á góðu skriði bæði í deild og bikar. Við höfum oft lent í basli með þá og þetta verður erfitt. Þeir eru með mjög vel spilandi lið. Það er alltaf gaman að spila stórleiki og þessi leikur flokkast svo sannarlega í þann flokk,“ segir Tryggvi Guðmundsson, leikmaður FH, um leikinn gegn Blikum.

Tryggvi hafði litlar áhyggjur af mótherjunum fyrir dráttinn þrátt fyrir að hann eygði að spila gegn FH-ingunum sem eru í láni hjá Fjölni. Það hefði reyndar aldrei verið möguleiki þar sem þeir fá ekki að spila gegn sínu eigin félagi.

„Ég hafði engan óskamótherja og ég gat ekki einu sinni notað heimavallarklisjuna þar sem leikirnir fara fram á Laugardalsvelli. Það hefði kannski verið gaman að mæta Fjölni en það er enn möguleiki á að mæta þeim í úrslitunum. Ætli það væri ekki



MÁ ÉG VELJA? Að þessu spurði Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH, áður en hann dró andstæðinga FH í undanúrslitunum. Það fékk hann ekki en upp úr kúlunni kom nafn Breiðabliks.

bara draumaúrslitaleikurinn,“ sagði Tryggvi glaðbeittur.

Ólafur Kristjánsson, þjálfari Blika, er hvergi banginn fyrir leikinn. „Við erum ekkert hræddir við FH og við ætlum okkur áfram. Það er bara flott að fá FH, það er með vel spilandi lið sem vill spila fótbolta sem hentar okkur ágætlega.

Við spilum um finan leik við þá í Kaplakrika fyrr í sumar og gætum reyndar tekið tvennu aftur,“ sagði Ólafur glettinn og átti við að Blikar unnu Keflvíkunga bæði í deild og bikar néverið en þeir mæta einmitt FH í deildinni skömmu eftir bikarleikinn. „Ég held að þetta sé ágætis Krísuvíkurlendið fyrir okkur,

Tiger Woods sendir andstæðingum sínum skýr skilaboð af hverju hann er bestur: Þið æfið ykkur einfaldlega ekki nóg

GOLF Tiger Woods, sem vann sinn þrettánda risatitil um síðustu helgi er ekki í vafa um það af hverju hann hefur svona mikla yfirburði í golfheiminum. Hann segir að andstæðingar sínir æfi ekki nógu mikið. Margir kylfingar áttu erfitt uppdráttar á PGA-meistaramótinu í gríðarlegum hita í Oklahoma.

„Aðrir leikmenn voru orðnir þreyttir. Maður sá axlirnar síga og þeir drógu lappirnar. Mér leið bara mjög vel. Maður á alltaf að leggja hart að sér. Það eru ekki allir sem telja golf vera íþrótt og þeir æfa ekki nóg. Þeir eru bara að gjalda fyrir það,“ sagði Woods.

Tiger er þekktur fyrir að vinna í ræktinni í marga tíma á dag auk hefðbundinna æfinga á golfvöllinum. „Ég held að ég vinni meira en allir aðrir og á svona dögum sýnir það sig bara. Þegar ég labbaði upp átjándu holuna leið mér eins og á fyrsta teig. Að vera í svona góðu formi gefur mér



Í GÓÐU FORMI Woods labbar hér upp að átjándu holunni á PGA-meistaramótinu, skælbrosandi og sigurinn í augsyn.

mikið forskot.“ Þrettándi meistaratitill Woods var sérstakur í hans augum en hans fyrsti risatitill kom árið 1997. Það tók hann aðeins 44 risamót að ná titlunum þrettán, níu færri en

Jack Nicklaus sem var auk þess fjórum árum eldri en Woods þegar hann náði sama afreki. Nicklaus vann alls átján risatitla á glæsilegum ferli.

West Ham enn að á leikmannamarkaðnum: Solano næstur inn hjá Eggerti og félagum í West Ham?

FÓTBOLTI Perúmaðurinn Nolberto Solano hefur farið fram á að fá að fara frá Newcastle til að búa hjá konu sinni og börnum í London. Hinn 32 ára gamli kantmaður er sagður í viðræðum við West Ham sem þyrfti ekki að borga háa fjárhæð fyrir leikmanninn.

„Þetta er undir félagunum tveimur komið. En ég vil fara til Lundúna af því fjölskyldan mín er flutt þangað. Klúbbar á Spáni vilja fá mig en ég vil bara fara frá Newcastle fyrir London,“ segir Solano og átti við West Ham.



HEIÐAR Gæti sýnt Lawrie Sanchez, stjóra Fulham, hvað í sér býr í kvöld.

Heiðar Helguson:

Í byrjunarliði Bolton í kvöld?

FÓTBOLTI Meiðsli í herbúðum hjá framherjum Bolton gætu gert það að verkum að Heiðar Helguson verði í byrjunarliði Bolton í fyrsta skipti í kvöld. Heiðar byrjaði á varamannabekknum um helgina en kom inn á sem varamaður undir lokin.

Heiðar verður á kunnuglegum slóðum í kvöld en Bolton sækir Fulham heim á Craven Cottage. Bæði Kevin Davies og Ricardo Vaz Te eru meiddir og spila ekki. Heiðar gekk í raðir Bolton frá Fulham í sumar þar sem hann var kominn niður goggunarröðina í framherjaröðinni.

Loftpressur advertisement for ÞÓR HF, featuring a red air compressor and contact information.



GYLFI Hér í hörkubaráttu í leik Leeds og QPR fyrir tveimur árum.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Gylfi Einarsson verður áfram hjá Leeds í vetur:

## Leikmenn Leeds fengu ógreiddu launin

**FÓTBOLTI** Gylfi Einarsson og félagar í Leeds hafa nú fengið öll vangaldin laun greidd en félagið gekk í gegnum greiðslustöðvun í sumar. „Það hefur gengið á ýmsu í sumar en þetta virðist komið í lag núna,“ sagði Gylfi við Fréttablaðið í gær. Félagið var engu að síður dæmt til þess að hefja leiktíðina með fimmtán stig í mínus og mun því liðið sitja á botni deildarinnar næstu fjórar umferðirnar, að minnsta kosti. Leeds vann Tranmere, 2-1, í fyrstu umferð ensku C-deildarinnar, League One.

Gylfi meiddist strax á þriðja degi undirbúningstímabilsins þegar hann fékk tíu sentimetra skurð á kálfa.

„Ég er allur að koma til og er núna ásamt tveimur öðrum leikmönnum að hefja nýtt undirbún-

ingstímabil. Við þurfum að ganga í gegnum sama ferlið og allir hinar með tilheyrandi langhlaupum og hörkupúli.“

Leeds hefur verið að sanka að sér leikmönnum að undanfögnu, til að mynda hinum norska Tore Andre Flo. Gylfi var samningsbundinn Leeds til loka tímabilsins 2008 og stendur sá samningur áfram.

„Þetta verður auðvitað erfitt tímabil, það er alveg ljóst. Við stefnum að því að komast upp en það verður erfitt. Það er samt hugur í mönnum.“

Sjálfur segist hann vonast til að vinna sér sæti í byrjunarliðinu. „En fyrst og fremst ætla ég að einbeita mér að því að ná mér góðum. Það er efst á listanum eins og er.“

- esá



RENAULT

Leiðtogar verða ekki til fyrir tilviljun

<p><b>Renault Master</b> Verð frá kr. 3.080.000 Verð frá kr. 2.473.896 án vsk. Fjármögnunarleiga kr. 47.332 Fjármögnunarleiga kr. 38.018 án vsk.</p>	<p><b>Renault Trafic</b> Verð frá kr. 2.380.000 Verð frá kr. 1.911.646 án vsk. Fjármögnunarleiga kr. 37.345 Fjármögnunarleiga kr. 29.996 án vsk.</p>	<p><b>Renault Kangoo</b> Verð frá kr. 1.670.000 Verð frá kr. 1.341.365 án vsk. Fjármögnunarleiga kr. 26.386 Fjármögnunarleiga kr. 21.194 án vsk.</p>	<p><b>ATVINNUBÍLAR</b> FYRIRTAÐJAFÓTNAST</p>
--	--	--	--

www.renault.is

www.atvinnubilar.is

B&L Atvinnubílar - Grjóthálsi 1 - Sími 575 1200 - Ráðgjafasími 575 1224/25 - www.bl.is

# ÚTSALA

ÚTIVISTARFATNAÐUR **30-50%** REIÐHJÓL **30%**  
 GÖNGUSKÓR **30%** VEIÐIÐEILD **35-50%**  
 BAKPOKAR **30-70%** TJÖLD **20-50%**  
**50-70%** AF ÖLLUM LÍNUSKAUTUM

**EVEREST**  
 FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN  
 Skeifunni 6 og Dalvegi 18  
 Sími 533 4450 / 577 4450 · www.everest.is

EVEREST SKEIFUNNI 6 OG EVEREST DALVEGI 18

## > Woody Allen

Woody er mikill djassaðdandi og hefur spilað á klarinett frá unga aldri. Hann tók upp fornaft sitt eftir hinum fræga klarinettuleikara Woody Herman. Woody hefur gefið út tvo geisladiska ásamt hljómsveit sinni, New Orleans Jazz Band, en þeir spila á Carlyle-hótelinu á Manhattan öll mánudagskvöld. Woody leikstýrir og leikur í myndinni New York Stories á Stöð 2 kl. 22.25.



# dagskrá



VIÐ TÆKIÐ **FREYR BJARNASON** FYLGIST SPENNTUR MEÐ RAUNUM ÖNNU PIHL

## Danska lögreglukonan stendur í ströngu

Þættirnir um dönsku lögreglukonuna Önnu Pihl sem starfar á Bellahøj-stöðinni í Kaupmannahöfn eru með þeim betri sem hafa verið í boði í sumar. Þeir eru síður en svo innantóm afþreying eins og svo margir bandarískir framhaldsþættir heldur er ástum og sorgum Önnu og samstarfsfólki hennar gerð góð skil án þess að væmni eða þjóðernisrembingur af einhverju tagi fái að vaða uppi. Raunsæið er í fyrirrúmi og fyrir vikið á maður auðvelt með að tengjast persónunum og lífi þeirra.

Í síðasta þætti var lögreglueldi Önnu send til öryggisgæslu á mikilvægum fótboltalek og varð uppi fótur og fit þegar kærasti hennar og samstarfsmaður var stunginn í magann. Verður spennandi að fylgjast með því í næsta þætti, sem jafnframt verður sá síðasti,



**KINGDOM** Leikarinn geðþekki Stephen Fry fer með aðalhlutverk í Kingdom.

hvernig honum reidir af. Reyndar spurði maður sig hvort það væri ekki gósentíð hjá glæpamönnum borgarinnar á meðan leikurinn færi fram þar sem lögreglustöðin virtist tóm á meðan, en það var svo sem aukaatriði.

Annar þáttur sem hefur farið ágætlega af stað en er þó ekki eins góður og Anna Pihl er lögræðiþátturinn Kingdom með hinum geðþekka Stephen Fry í aðalhlutverki. Leikur Fry er alltaf jafnáræynslaus og yfirvegaður og virðist lítlu sem engu skipta hvað hann tekur sér fyrir hendur, hann skilar því alltaf með sóma. Minnistæð eru hlutverk hans í þáttunum Blackadder og Jeeves and Wooster en Kingdom á þó langt í land með að komast í sama gæðaflokk og þeir.

### EKKI MISSA AF



**22.25 Popp og pólitík SJÓNVARPIÐ**



**20.05 Oprah STÖÐ 2**



**20.00 Must love dogs STÖÐ 2 BÍÓ**



**22.45 The Shield SIRKUS**



**20.00 On the Lot - Lokapáttur SKJÁREINN**

### SJÓNVARPIÐ

- 17.05 Leiðarljós
- 17.50 Táknmálsfréttir
- 18.00 Disneystundin
- 18.01 Stjáni (64:65)
- 18.23 Sígdildar teiknimyndir (6:13)
- 18.30 Alvöru dreki (3:4)
- 18.54 Víkingalottó
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.10 Bráðavaktin (5:23) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
- 21.00 Mæðst í mörgu (1:6) Bresk gamanþáttaröð sem gerist meðal stjórnmálamanna í Westminster og segir frá sköndnum samskiptum ráðherra, pólitískra ráðgjafa hans og fjölmiðlamanna.
- 21.35 Nýgræðingar Gamanþáttaröð um lækinn J.D. Dorian og ótrúlegar uppkomur sem hann lendir í.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.25 Popp og pólitík (1:3) ("Get Up, Stand Up": The Story of Pop and Politics) Þýskur heimildamyndaflokkur um popptónlist og pólitík. Í fyrsta þættinum er fjallað um hlutverk tónlistar í mannréttindabaráttu víða um heim, meðal annars í baráttunni gegn aðskilnaðarstefnunni, réttindabaráttu indíána og baráttunni fyrir frelsun Tíbets.
- 23.25 Mótorsport
- 23.55 Kastljós
- 00.30 Dagskrárlök

### STÖÐ 2 BÍÓ

- 06:00 Legally Blonde 2: Red, White & Blonde
- 08:00 First Daughter
- 10:00 The Day After Tomorrow
- 12:00 Must love dogs
- 14:00 Legally Blonde 2: Red, White & Blonde
- 16:00 First Daughter
- 18:00 The Day After Tomorrow
- 20:00 Must love dogs
- 22:00 Indecent Proposal (e) Aðalhlutverk: Robert Redford, Demi Moore.
- 00:00 Courage under Fire(e)
- 02:00 The Badge
- 04:00 Indecent Proposal (e)



- 07.00 Stubbarnir
- 07.25 Lítlur Tommi og Jenni
- 07.45 Krakkarnir í næsta húsi
- 08.05 Oprah
- 08.50 Í finu formi 2005
- 09.05 Bold and the Beautiful
- 09.25 Forboðin fegurð (112:114)
- 10.10 Homefront
- 11.00 Whose Line Is it Anyway?
- 11.25 Sjálfstætt fólk
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.45 Nágrannar
- 13.10 Það var lagið (e)
- 14.20 Extreme Makeover: Home Edition (9:32)
- 15.05 Neyðarfróstrurnar (9:16)
- 15.50 A.T.O.M.
- 16.15 Smá skrítnir foreldrar
- 16.38 Pocoyo
- 16.48 Addi Panda
- 16.53 Könnuðurinn Dóra
- 17.18 Gordon Garðálfur
- 17.28 Bold and the Beautiful
- 17.53 Nágrannar
- 18.18 Ísland í dag og veður
- 18.30 Fréttir
- 18.55 Ísland í dag, íþróttir og veð
- 19.40 The Simpsons (7:22) (e)
- 20.05 Oprah (Michael Moore: The Buzz About Sicko, Plus Oprah/s)
- 20.50 The Riches (12:13) Glæný, bandarísk þáttaröð með Minnie Driver í aðalhlutverki. 2007.
- 21.40 Ghost Whisperer (26:44) 2006.
- 22.25 New York Stories Þrjú virtir leikstjórur segja þrjár smásögur frá New York. Sú fyrsta fjallar um borubráttan listmálara og aðstoðarkonu hans sem vill helst af öllu losna undan áhrifavaldi hans. Aðalhlutverk: Nick Nolte, Rosanna Arquette, Mia Farrow. Leikstjóri: Woody Allen, Francis Coppola, Martin Scorsese. 1989.
- 00.25 Bones (12:21)
- 01.10 Den Osynlige
- 02.50 Ghost Whisperer (26:44)
- 03.35 Medium (7:22)
- 04.20 The Riches (12:13)
- 05.15 Fréttir og Ísland í dag
- 06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

### SYN besta sætið

- 14.25 EM 2008 (Toulouse - Liverpool)
- 18.00 Gillette World Sport 2007 [þróttir í lofti, láði og legi. Fjölbreyttur þáttur þar sem allar greinar íþróttar eru teknar fyrir. Þáttur sem sýndur hefur verið í áráraðir við miklar vinsældir.
- 18.30 Meistaradeildin 2007 - forkeppni 1. umferð (Sparta Prag - Arsenal) Útsending frá leik í forkeppni Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu.
- 20.35 EM 2008 (Toulouse - Liverpool)
- 22.15 Champions of the World (Uruguay) Ný þáttaröð um hina glæsilegu knattspyrnuhefð í Suður Ameríku. Í þessum þætti beinum við sjónum okkar að Úrúgvæ og knattspyrnunni þar í landi.
- 23.10 PGA Tour 2007 - Highlights Svipmyndir frá síðasta móti á PGA-mótaröðinni í golfi í Bandaríkjunum. Farið er yfir helstu tilþrifu fyrstu þrjú keppnisdagana en svo er efstu kyflingunum fylgt eftir á lokaholunum.
- 00.05 Meistaradeildin 2007 - forkeppni 1. umferð (Sparta Prag - Arsenal) Útsending frá leik í forkeppni Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu.

### SYN2

- 07.00 Tottenham - Everton (Enska úrvalsdeildin 2007/2008) Útsending frá leik Tottenham og Everton í 2. umferð.
- 17.40 English Premier League 2007/08 (Ensku mörkin 2007/2008) Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
- 18.35 Portsmouth - Man. Utd. (Enska úrvalsdeildin 2007/2008) Bein útsending frá leik Portsmouth og Manchester United í 2. umferð ensku úrvalsdeildarinnar. Stranda Englandsmestaramir á Hemanni Hreiðarsyni?
- 20.40 Reading - Chelsea Bein útsending frá leik Reading og Chelsea í 2. umferð ensku úrvalsdeildarinnar. Hvað gera Ívar Ingimarsson og Brynjar Björn Gunnarsson gegn stórlöðinu frá Stamford-brúnni?
- 22.20 Birmingham - Sunderland Bein útsending frá leik Blackburn Rovers og Aston Villa í 2. umferð ensku úrvalsdeildarinnar. Stjórnarmir Mark Hughes og Martin O'Neill náðu eftirtektaverðum árangri með þessi lið á síðustu sparktið.
- 00.00 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hlífum.

### SKJÁREINN

- 07.35 Everybody Loves Raymond (e)
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Vörutorg
- 09.45 Óstöðvandi tónlist
- 16.15 Vörutorg
- 17.15 Design Star (e)
- 18.15 Dr. Phil
- 19.00 Everybody Loves Raymond (e)
- 19.30 Will & Grace (e)
- 20.00 On the Lot - Lokapáttur Ný raunveruleikasæra frá Mark Burnett, manninum á bak við Survivor, The Contender og Rock Star. Nú leitar hann að efnilegum leikstjóra og hefur fengið frægasta leikstjóra allra tíma, Steven Spielberg, í lið með sér. Í hverri viku fækkar í hópnum þar aðeins einn stendur eftir sem sigurvegari og hlýtur að launum samning hjá Dreamworks
- 21.00 Blow Out III (2:7) Þriðja þáttaröðin með hárgreiðslumeistararnum Jonathan Antin sem fæst við hvert stórverk efnið af öðru með skærni í annarri hendi og hárbálarann í hinni. Jonathan mætir á Sundance-kvikmyndahátíðina til að blanda geði við stjómurnar og vekja athygli á nýjstu afurðinni sinni. Hann skellir sér líka á snjóbretti og snyrtir hárið á leikkonunni Marlee Matlin.
- 22.00 Sex, love and secrets (6:8) Bandarísk þáttaröð um vinahóp í Los Angeles. Coop fær óvænta heimsókn frá systur sinni sem er að reyna að flytja sitt eigið brúðkaup. Hann kemst að því að hún liggur á leyndarmáli sem á eftir að breyta sambandi þeirra.
- 22.50 Everybody Loves Raymond
- 23.15 Jay Leno
- 00.05 Angela's Eyes (e)
- 00.55 Charmed (e)
- 01.45 Vörutorg
- 02.45 Óstöðvandi tónlist

### N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttá vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

# ÞÉR ER BOÐIÐ Í AFMÆLI!



KRINGLAN ER 20 ÁRA OG AF ÞVÍ TÍLEFNI VERÐUR AFMÆLISVEISLA ALLA VIKUNA

AFMÆLISTILBOÐ • GOTT Í GOGGINN • BLÖÐRUR • TRÚÐAR • LEIKTÆKI • LIFANDI TÓNLIST • ANDLITSMÁLUN

# Kringlan

Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.50**  
**The Riches**

Malloy-fjölskyldan heldur áfram að pretta nágannana í kvöld en fjölskyldan er ekki eins og fólk er flest. Í þætti kvöldsins er leyndarmál Rich-fjölskyldunnar í hættu þegar vinur hins rétta Dougs Rich kemur í heimsókn. Hversu lengi geta þau haldið þessu áfram?



► **VIÐ MÆLUM MED**  
**Mæðst í mörgu**  
**Sjónvarpið kl. 21.00**

Í kvöld hefjast sýningar á nýrri, breskri gamanþáttaröð. Þættirnir segja frá stjórnmálamönnum í Westminster og sköndnum samskiptum ráðherra, pólitískra ráðgjafa hans og fjölmiðla-manna. Leikstjórn er í höndum Armando Iannucci og aðalhlutverk leika Chris Langham, Peter Capaldi og Chris Addison.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

<b>06.50</b> Bæn	<b>16.13</b> Hlaupanótan
<b>07.05</b> Morgunvaktin	<b>17.03</b> Viðsjá
<b>09.05</b> Laufskálinn	<b>18.00</b> Kvöldfréttir
<b>09.45</b> Morgunleikfimi	<b>18.25</b> Spegillinn
<b>10.13</b> Dragspilið dunar	<b>18.50</b> Dánarfregnir og auglýsingar
<b>11.03</b> Samfélagið í nærmynd	<b>19.00</b> Laufskálinn
<b>12.00</b> Fréttayfirlit	<b>19.40</b> Útvarpsleikhúsið: Mæja spæja
<b>12.03</b> Hádegisútvarp	<b>20.00</b> Heima er best
<b>12.20</b> Hádegisfréttir	<b>20.40</b> Sérðu það sem ég sé ?
<b>12.45</b> Veðurfregnir	<b>21.00</b> Út um græna grundu
<b>12.50</b> Dánarfregnir og auglýsingar	<b>21.55</b> Orð kvöldsins
<b>13.00</b> Vítt og breitt	<b>22.15</b> Kvöldsagan: Ævintýri Artúrs Gordons Pym
<b>14.08</b> Útvarpsagan: Hótel Kalifornía	<b>22.45</b> Kvöldtónar
<b>14.30</b> Miðdegistónar	<b>23.10</b> Slyngir fingur
<b>15.03</b> Jónas frá Hrífllu og Laugarvatn	<b>00.10</b> Útvarpað á samtengdum rásum til morguns
<b>16.00</b> Síðdegisfréttir	
<b>16.10</b> Veðurfregnir	

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

**SIRKUS**

- 18.00** Insider
- 18.30** Fréttir
- 19.00** Ísland í dag
- 19.30** Entertainment Tonight
- 20.00** Gary the Rat Gary Andrews er farsæll lögreglingur sem af einhverri furðulegri ástæði vaknar einn daginn sem rotta í mannsstærð.
- 20.30** Extra Time - Footballers' Wife Þær eru fallegar, moldríkar og geta gert það sem þær vilja!
- 20.55** Extra Time - Footballers' Wife
- 21.15** Filthy Rich Cattle Drive (5:8)
- 22.00** Las Vegas (17:17) Spannandi bandarísk þáttaröð sem gerist í partíborginni Las Vegas.
- **22.45** The Shield (9:10) Hörkuspennandi þáttaröð um lögregluhlíð í Los Angeles sem hikar ekki við að brjóta lögin til að fá sínu framgengt. Stranglega bönnuð börnum.
- 23.35** Ren & Stimpy
- 00.00** Entertainment Tonight (e)
- 00.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

**BBC PRIME**

**6.15** The Roly Mo Show **6.30** William's Wish Wellingtons **6.35** Teletubbies **7.00** House Invaders **7.30** Little Angels **8.00** Little Angels **8.30** A Place in France **9.00** Garden Challenge **9.30** Five Big Cats and a Camera **10.30** One Foot in the Grave **11.00** As Time Goes By **11.30** My Family **12.00** Hetty Wainthropp Investigates **13.00** Waking the Dead **13.50** MARION & GEOFF **14.00** House Invaders **14.30** Bargain Hunt **15.15** Bargain Hunt **16.00** As Time Goes By **16.30** My Family **17.00** The Week the Women Went **17.30** Small Town Gardens **18.00** Waking the Dead **19.00** Spooks **20.00** Kiss Me Kate **20.30** Lenny Henry in Pieces **21.00** Waking the Dead **22.00** One Foot in the Grave **22.30** Spooks **23.30** As Time Goes By **0.00** My Family **0.30** EastEnders **1.00** Waking the Dead **2.00** Hetty Wainthropp Investigates

**DR 1**

**6.00** Elmers verden **6.15** Klassen **6.30** Genbrugsguld **7.00** Grønne haver **7.30** Lyglimt i mørket - fyr langs Norges kyst **8.00** Direktørens dilemma **8.30** Arbejdsliv - find et job! **9.00** Vagn i København **9.30** Hammerslag **10.00** TV Avisen **10.10** Kontant **10.35** Aftenshowet **11.00** Aftenshowet 2. del **11.30** Blandt dyr og mennesker i Norden **11.55** Ha' det godt **12.20** Det store år **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawsons Creek **14.00** Flemmings Helte **14.15** Boogie Special **14.30** Pucca **14.35** That's So Raven **15.00** Junior **15.30** Klassen 2b **15.45** Tagkammerater **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd **18.00** Hestebrødrene **18.30** Med slør og høje hæle **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Kriminalkommissær Foyle **21.35** Onsdags Lotto **21.40** Hvad er det værste der kan ske? **23.15** Flemmings Helte

**NKI**

**6.00** Teddy og Annie **6.14** Postmann Pat **6.35** Pingu **6.40** Noahs dyrebare öy **7.10** Gjengen på taket **7.25** Mr. Jones **7.35** Her er eg! **7.45** Danny og Daddy **7.50** Grusomme gröss **8.00** Laura på sommerleir **8.30** Med hjartet på rette staden **9.15** Jukeboks: Autofil **10.00** Jukeboks: Danserot **11.30** Jukeboks: Ekstremvær **12.30** Jukeboks: Lydverket live **13.25** The Tribe - Den nye morgendagen **13.50** Bytteláneme **14.15** Giftige løgner **15.40** Creature Comforts: hvordan har vi det? **15.50** Oddasat - Nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Nysgjerrige Nils **16.15** I Mummidalen **16.40** Distriktsheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Og nå: Reklame! **17.55** Walkabout **18.25** Ed Robinson **18.55** Distriktsheter **19.00** Siste nytt **19.10** Sommerpäpent **20.00** Komiprisen - årets morsomste **20.05** Vikinglotto **20.15** Lov og orden: New York **21.00** Kveldsnytt **21.15** Carnivale **22.05** Battlistar Galactica **22.45** Robotpionerene på planetene

**SVT 1**

**7.15** Hej hej sommar **7.16** Tintin **7.45** Flyg 29 saknas **10.00** Rapport **10.05** Sorgens ansikten **12.15** Ratataa **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Författarporträtt **15.25** Anslagstavlan **15.30** På väg mot eget arbete **16.00** Fifi och blomsterfröna **16.10** Evas sommarplåster **16.20** Lilla röda traktorn **16.30** Hej hej sommar **16.31** Tintin **17.00** Flyg 29 saknas **17.30** Rapport **18.00** Tid av glädje, tid av sorg **21.25** Rapport **21.35** Försvarsadvokaterna **22.20** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige

**eivør - human child**  
mannabarn



Ný frábær plata frá hinni einstöku Eivöru.

Fáanleg í tveimur útgáfum: Á ensku (1CD)  
og í takmörkuðu upplagi á ensku og færeysku (2 CD)

**Komin í verslanir!**

góða skemmtun! ►





„Þetta gæti verið úr Platonov, eftir Tjekov. Við Helga lékum að allhlutverkin og Þórhildur konan mín setti þetta upp í Þjóðleikhúsinu. Við Helga höfum leikið hvort á móti öðru alltaf svona annað slagð í gegnum tíðina.“

Arnar Jónsson, leikari.

Myndin er tekin í október árið 1985.

# Birgitta lét drauminn rætast

Fullt var út úr dyrum í Súðavíkirkirkju á laugardaginn þegar leikkonan Birgitta Birgisdóttir og Örvar Smáráson, liðsmaður hljómsveitarinnar Múm, gengu í heilagt hjónaband. Yfir 120 manns voru samankomnir í hinni litlu Súðavíkirkirkju og fylgdust með séra Valdimar Hreiðarssyni gefa skötu hjúin saman.

„Þetta var yndislegur dagur sem stóðst allar mínar væntingar og miklu meira en það,“ sagði alsæl Birgitta þegar Fréttablaðið náði tali af henni í gær þar sem hún sleikti sólina í Búlgaríu, þangað sem hjónin nýgiftu héldu í upphafi vikunnar.

Ættir Birgittu og Örvar eiga báðar uppruna sinn að rekja til Vestfjarða og ólst móðir leikkonunnar ungu í Súðavík. „Ég ákvað það sem lítil stelpa að

gifta mig í þessari kirkju og nú hefur draumurinn ræst,“ segir Birgitta. Eftir athöfnina var haldið í samkomuhúsið á Súðavík þar sem heljarinnar veislu var slegið upp. Nokkrir af nánustu vinum brúðhjónana settu saman hljómsveitina Wedding Present í tilefni veislunnar og sungu nokkur af uppáhaldslögum þeirra í gegnum tíðina. „Þetta gekk allt saman svakalega vel og við erum alveg í skýjunum með lífið og tilveruna,“ sagði Birgitta að lokum.



**NÝGFIT** Birgitta Birgisdóttir og Örvar Smáráson létu þússa sig saman í Súðavík um helgina.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

**LÁRÉTT**

2. á móti 6. samþykki 8. hamfletta 9. þrá 11. 999 12. dramb 14. krapi 16. sjó 17. knæpa 18. vætla 20. málmur 21. bor.

**LÓÐRÉTT**

1. útihús 3. hvort 4. garðplöntu- tegund 5. lærdómur 7. vinsæll 10. eldsneyti 13. rúm ábreiða 15. elds 16. sigti 19. tvíhljóði.

**LAUSN**

**LÖBDRÉTT:** 1. fjós, 3. ef, 4. gíllíðr, 5. nám, 7. ástæsla, 10. kól, 13. lak, 15. krá, 18. flá, 20. ál, 21. alur.

**LÁRÉTT:** 2. gegn, 6. já, 8. flá, 9. ósk, 11. im, 12. stólk, 14. sláð, 16. sæ, 17.

**VEISTU SVARID**

Svör við spurningum á síðu 8

- Gael García Bernal
- Tuttugu ára
- Karl Rove

MAGNÚS SCHEVING: BREYTINGAR FYRIR HÖNDUM EFTIR 14 ÁRA STRIT

# Magnús Scheving leggur búningi Íþróttarálfisins

„Nei, ég er kannski ekki hættur en ég á eftir að gera minna af því að fara í einkennisbúning Íþróttarálfisins,“ segir Magnús Scheving, forstjóri Latabæjar. Orðrómur hefur verið á kreiki um að Magnús ætlaði að hætta að leika Íþróttarálfinn, eða Sportacus eins og hann heitir á ensku. Magnús hefur klæðst búningnum í fjórtán ár en hann segir sinn tíma ekki alveg vera liðinn þótt eflaust verði eitthvað minna gert af því að fara í splitt á sviðinu eða taka armbeygjur á fingri annarrar handar.

Frá því að Latabæjar-hugmyndin kviknaði fyrir sextán árum hefur Magnús verið á þönum um allan heim við að kynna börnum heilsusamlegt lífverni og holla hreyfingu. Íþróttarálfurinn birtist fyrst á bók en þaðan fór boðskapurinn á svið þar sem Magnús hoppaði og skoppaði eins og ódur væri. Vörumerkið varð síðan til fyrir alvöru þegar fyrstu sjónvarpsþættirnir voru sýndir en þeir hafa farið sigurför um heiminn og eru nú sýndir í yfir hundrað löndum. „Núna erum við hins vegar að leggja meiri áherslu á „lifandi“ sýningar og það eru því fimmtán nýir Sportacusar sem eru að æfa sig fyrir hlutverkið,“ segir Magnús. Af sem áður var því fyrir rétt um ári síðan voru Magnús og Sportacus einn og sami maðurinn. Enda viðurkennir Magnús að það sé óneitanlega skrytið að sjá einhverja aðra reyna fyrir sér í þessu hlutverki. „Þetta er eins og að sleppa hendinni af barninu sínu,“ útskýrir Magnús. „Núna get ég hins vegar sinnt þessum fyrirtækjarekstri betur enda hefur það alltaf verið mjög erfitt fyrir fólk úti í heimi að skilgreina mig: Er ég Magnús Scheving viðskiptamaður eða Magnús Scheving Íþróttarálfur.“

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu hefur lengi staðið til að Magnús og sjónvarpskokkurinn heimsfrægi, Jamie Oliver, myndu hittast og bera saman bækur sínar.



**MAGNÚS SCHEVING** Er smátt og smátt að draga sig út úr hlutverki Íþróttarálfisins og ætlar að einbeita sér meira að fyrirtækjarekstri Latabæjar.

Magnús upplýsir að þeir hafi átt að funda í síðustu viku en það hafi frestast sökum anna Olivers. „Við stefnum á að hittast í næstu viku og þá vonandi skýrist hvort af þessu

verður,“ segir Magnús. Ekki var á honum annað að heyra en að hann væri hóflega bjartsýnn á að þetta samstarf gæti orðið að veruleika.

**FRÉTTIR AF FÓLKI**

**Dagur B. Eggertsson**, oddviti Samfylkingarinnar í borgarstjórn, sést nú æ oftast í líkamsræktarstöðinni Laugum þar sem hann lyftir lóðum af miklu kappi. Degi virðist mikið í mun að ná af sér aukakílóunum sem eiga það til að bætast á landann yfir sumartímann, auk þess sem hann má að sjálfsögðu ekki vera minni maður en kollegi hans í borgarstjórn, **Björn Ingi Hrafnsson**. Eins og Fréttablaður hefur áður greint frá er foringi Framsóknarflokksins í miklu heilsuátaki þessa dagana þar sem hann nýtur ráðgjafar einkaþjálfarans **Arnars Grants**.



Veitingastaðurinn **Apótekið** mun ganga í gegnum miklar breytingar á næstunni. **Garðar Kjartansson** og **Gunnar Traustason** festu nýlega kaup á staðnum, sem þeir taka við um miðjan september. Eftir töluverðar breytingar mun nýtt Apótek svo líta dagsins ljós seinni partinn í október, en þar verður enginn matur á boðstólum. Apótekið mun í staðinn gegna hlutverki skemmtistaðar, með tónleikaöstöðu á virkum dögum, auk þess að gera út á einkapartí. Eitthvað af innanhússmunum í Apótekinu mun vera friðað, sökum aldurs hússins, og enn á eftir að koma í ljós hvornig þeir munu sóma sér á nýjum skemmtistað.



Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær festi árvökull fótboltaáhugamaður, **Daníel Snorri Jónsson**, kaup á lénu [www.syn2.is](http://www.syn2.is) og hélt þar uppi umræðu um hátt áskriftarverð á enska boltanum. Í gær komust 365 og Daníel að samkomulagi um að lénið færi í eigu fyrirtækisins og var málið því leyst í mesta bróðerni. Ekki fylgdi sögunni hvað samkomulagið fæli í sér en víst er að **Hilmur Björnsson** og félagar hjá Syn 2 þurfa ekki lengur að hlusta á áróður gegn stöðinni undir formerkjum eigin vörumerkis. - vig / - sun



# Fjölnir og Unnur saman á HM

„Þetta var voðalega gaman, myndin er nú tekin í einhverjum fíflangangi þegar B-úrslitin voru að klárast,“ segir Unnur Birna Vilhjálmisdóttir, fyrrverandi heimsfegurðardrottning og hestamanneskja með meiru. Unnur, eins og margir aðrir knapar, var á HM íslenska hestsins í Hollandi sem fram fór um helgina. Á vefsíðunni hestafrettur.is, sem Fjölnir Þorgeirsson er skráður fyrir, má sjá mynd af þeim tveim og ekki verður annað séð en að kátt hafi verið á hjalla þegar smellt var af. „Þarna var alveg frábær stemming, íslenskir trúbadorar úti um allt og veðrið lék við okkur síðustu tvo dagana, sól og logn, algjör bongóblíða,“ segir Unnur.

Fjölnir var ekki síður ánægður með ferðina til Hollands enda var gengi íslensku keppendanna vonum framar. Hvorki Unnur né Fjölnir voru þó meðal keppenda og sagðist Fjölnir hafa verið þarna í vinnuferð. „Ég var þarna að skrifa fyrir Hestafréttir og færa mönnum það helsta sem gerðist þarna úti,“ segir þúsundþjalasmiðurinn.

Fréttablaðið greindi frá því fyrir nokkru að Fjölnir hefði gert heiðarlega tilraun til að bjóða Unni Birnu á stefnumót. Ekkert varð af því að þau færu út saman. Hins vegar verður því ekki neitað að þau voru glæsileg saman í Hollandi.



**FJÖLNIR OG UNNUR** Skemmtu sér vel á HM íslenska hestsins í Hollandi.

Hringdu í síma  
**512 50 60**  
ef blaðið berst ekki

ÞAÐ ER BARA EINN  
ALVÖRU SKÓMARKAÐUR

9.-19. ágúst



# STÓRI SKÓMARKAÐURINN Í PERLUNNI

Frábært vöruúrval!  
-frábær verð!

Dömuskór  
Herraskór  
Barnaskór  
Töskur  
ofl. ofl...

VERÐ FRÁ  
100.- til 6.000.-

**FATNAÐUR frá Didrikson**

- Útilífsfatnaður
- Regngallar
- Öndunarfatnaður
- Hanskar
- Jakkar
- Buxur

VERÐ FRÁ  
300.- til 5.000.-

Nýjar og nýlegar vörur frá  
þekktum framleiðendum!

Vagabond,  
Blend,  
Rebook  
Skechers  
Sanilet  
Flexi footwear  
Hispanitas  
Sixty Seven  
Six Mix  
Betty Blue  
ofl. ofl.

Skór frá:

**skór.is**  
KRINGLAN • SMÁRALIND  
WWW.SKOR.IS

*Valmiki*

**SAPPOS**

EUROCARD  
MasterCard

**VISA**



**ALLT FYRIR SKÓLANN!**

Kuldaskór, stígvél, inniskór, regnfatnaður, lúffur, úlpur, jakkar ofl.

**Opnunartími**

Opið alla daga frá 12.00 til 18.00

Markaðurinn er á jarðhæð Perlunar frá

fimmtudeginum 9.ágúst til sunnudagsins 19. ágúst.

Komdu og gerðu skókaup ársins á stærsta skómarkaði landsins...



## BAKÞANKAR

PÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR

### Undrafjölskyldan í Ameríku

Að ala upp heila nýja manneskju er ekki smátt verkefni heldur krefst bæði hæfileika og úthalds. Þannig geta hinir dæmigerðu foreldrar sem sumir afgreiða jafnvel þrjú eða fjögur börn talist sannkallaðar hvunnudagshetjur. Afrek okkar hinna venjulegu – mér liggur við að segja dauðlegu – blikna þó í samanburði við Duggers-hjónin sem búa vitaskuld í Ameríku. Nú í byrjun ágúst eignuðust þau sitt sautjándi barn. Að óathuguðu máli væri hægt að ímynda sér órakað hjólhýsahyski með bjórdós í annarri og hamborgara í hinni sem hefur aldrei kynnt sér aðgengilegar getnaðarvarnir.

**RANNSÓKNIR** mínar hafa hins vegar leitt í ljós að hér er á ferð ameríski draumurinn í sinni ýktustu mynd. Ekkert afkvæmi þessara undursamlegu hjóna á við sjáanlega annmarka að glíma heldur eru þau eins og klippt út úr dúkkulísabók frá miðri síðustu öld. Öll í stíl heita þau nöfnum sem byrja á J. Yndisfögur og samheldin við að sinna hvert og eitt sínum daglegu skyldum með bros á vör, þau eldri gæta hinna yngri og enginn minnst á að þetta sé nú kannski orðið ágætt. Þvert á móti var ekki nema hálf tími liðinn frá síðustu fæðingu þegar foreldrar voru farnir að plana þá næstu. Mömmunni fannst hálfútl að eiga bara sjö stelpur og vill tíu stykki eins og strákana. Sannur femínisti.

**BÖRNIN** tóku virkan þátt í byggingu íbúðarhússins, læra öll bæði á fiölu og pianó og ganga í skóla innan veggja heimilisins eins og tíðkast víða þarlendis. Kennararnir eru að sjálfsögðu hinir skotheldu foreldrar sem víla heldur ekki fyrir sér að fóðra allan skarann fyrir sama pening mánaðarlega og íslenskum hjónum með tvö börn tekst með sæmilegri útsjónarsemi. Í fjölmörgum frístundum leiðir heimilisfaðirinn svo biblíulestur fjölskyldunnar við eldhúsbordid.

**ÉG** kikna í hnjáliðunum yfir þessari ofurfjölskyldu og velti fyrir mér hvernig þetta gengur upp. Dettur einna helst í hug svipað feik eins og þegar karlinn fór til tunglsins, líklegast er þetta fólk ekki til í alvöru. Heima hjá mér þykir nefnilega bara alveg ljómandi gott ef allir komast út úr húsi fyrir klukkan níu á morgnana, saddir, greiddir og ógrátandi. Þá verður þetta örugglega góður dagur.



## Meira öryggi

Fimm stjörnu öryggi



Corolla hlaut hæstu einkunn, fimm stjörnur, í evrópska NCAP öryggisprófinu.

Meira rými

Hljóðlátastur í sínum flokki

Framúrskarandi aksturseiginleikar

Hátt endursöluverð

Enn meiri þægindi

Minni útblástur og eldsneytiseyðsla með MM skiptingu

Og allt hitt sem þú finnur þegar þú kemur og

reynsluekur nýrri Corolla. Þar sem þú nýtur þín best.

Komdu og reynsluaktu nýrri Corolla á sölustöðum Toyota um land allt.

Verð frá 1.899.000\* kr.

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar  
www.help.is

\*Corolla SD Terra

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi Nýbýlavegi 4 Kópavogur Sími: 570-5070	Toyota Akureyri Baldursnesi 1 Akureyri Sími: 460-4300	Toyota Reykjaneshæ Njarðarbraut 19 Reykjaneshæ Sími: 420-6600	Toyota Selfossi Fosnesi 14 Selfoss Sími: 480-8000	Toyota Austurlandi Miðási 2 Egilsstaðir Sími: 470-5070
--	--	--	--	---